Íslands Árbækur

í sögu-formi.

Af

Jóni Espólín,
Syslumanni í Skagafiardar Syslu.

III. Deild.

Kaupmannahöfn 1824.
Prentud á kostnad ens Islendska Bókmentafélags af Þ. E. Rangel.

Íslands Árbækur.

III. Deild.

Þridia deild Islands Arbóka kémr þannig fyrir almenníngs siónir, á líkan hátt og þær undanförnu — enn ymsar hindranir valda því, at þridji þáttr þeirra gat aungvanvegin fullprentadr ordid ádr skip í vor verda ferdbúin til Islands; enda má þad einnig virdaz almenníngi hentast, ad deild þessi er jafnsstór hinum fyrri, svo kaupeyrir ei þurfi at vaxa um of. Hin fjórda deild (sem verdr ein hin sögulegasta og efnisríkasta) mun út koma at líkindum at næstkomanda vori. Félag vort og allir einlægir Islands vinir munu óska af alhuga, at verks þessa háttvirdti höfundr unni oss og alþydu þess framhalds og fullkomnunar.

Kaupmannahöfn, þann 5ta Aprílis 1824.

Finnur Magnússon.

Den tredie Afdeling af Islands Aarböger kommer saaledes for Lyset, paa en lignende Maade som de foregaaende — men formedelst forskjellige Hindringer kunde deres tredie Bog ingenlunde blive færdig fra Pressen, förend Skibene afgaae til Island i dette Foraar. Det synes desuden at være beqvemmest for Almeenheden at nærværende Afdeling er af lige Störrelse med de to förste, for at Udsalgsprisen ikke skal blive höiere paa den end paa de övrige. Den 4de Afdeling (som maa blive den interessanteste og indholdsrigeste) vil rimeligvis udkomme i Foraaret 1825. Det er vort Selskabs og alle Islands Venners oprigtige Önske, at Værkets ærede Forfatter glæder os med dets Fortsættelse og Slutning.

Kjöbenhavn, den 5te April 1824.

Finn Magnusen.

(*)

Formáli.

Af öllum tímarúmum sem yfir Island hafa lidid, at þessu, eru þau tvö einna merkiligust, þat sem seinasti hlutr Sturlúngasögu grípr yfir, þá landid kom undir konúngdóminn í Noregi, og þat sem þessi Arbókanna þáttr hefir inni at halda. Hèr tekr Danakonúngr fyrst algiörliga at hlutast til um stjórn; hèr skiptir um fornann páfa sid, og hinn lutherska, og med meira umfángi enn annarstadar í Danmerkr ríki; skal nú aldar sagann leggia þad hlutdeildarlaust fyrir hvers manns siónir hversu slíkt hefir tilgèngid, og þarf þá enginn ad binda sig lengr vid fornar meiníngar, edr sagnir edr skrásetníngar útlendra, heldr er hverjum géfid siálfum ad dæma, hvad til batnadar giördist vid þau skipti, svo at enginn galli fylgdi, og hvad til betra var, enn hafdi þó bresti, edr giördi eigi slíkt gagn sem giöra mátti; einnig ef nockud hefir snúist á annan veg enn til var ætlad í öndverdu; hèr siá hverir sem vilja, hversu eignir landsmanna komu fyrst undir biskupana fyrir fávitsku sakir aldarinnar, og sídann undir konúngdóminn frá þeim; hèr sèst einnin hve lángt biskuparíkid hefir gèngid á landi þessu, og ad í deilum þeim er bædi áttu þeir vid leikmenn, og svo hinir sín á milli, hafa sjaldann málinn verid borinn rètt fyrir konúngana; bók þessi lysir einnin aldarhætti þeirrar aldar; ríki höfdíngia, og deilugyrni þeirra um eignir og arfa, enn vanhyrdíngu í landinu nálega allra hluta annara; hún

F o r t a l e.

Blandt alle Tidslöb i Islands Historie kunne disse to ansees for de mærkværdigste: det som Sturlunga-Sagas sidste Deel indbefatter, da Landet blev Norges Kongerige undergivet, og det som denne Bog af Aarbögerne omhandler. Her begynde Danmarks Konger först alvorligen at tage sig af Landets Bestyrelse; her fortrænges den gamle Pave-Tro af den evangelisk-lutherske, endog med större Besværlighed end andetsteds i de danske Besiddelser. Nu skal Aarhundredets Historie uden al Partiskhed bringe disse Begivenheders sande Gang for Lyset, saa at Ingen fremdeles behöver at binde sig til gamle Meninger eller udenlandske Forfatteres Beretninger, hvorimod Enhver nu selv kan bedömme denne Forandrings Beskaffenhed, hvorvidt den medförte virkelige Forbedringer, og om disse ikke tillige ledsagedes af visse Lyder og Mangler, saa at den stiftede Nytte ikke blev saa stor som den kunde være, især dersom adskillige Foretagender toge en anden Retning, end den, som man i Förstningen havde beregnet. Her kan enhver som vil, erfare: hvorledes Indbyggernes Ejendomme först tilfaldt Biskopperne, formedelst Tidsalderens Vankundighed, og siden kom i Kongemagtens Besiddelse. Her seer man og hvorvidt Biskoppernes Vælde har strakt sig i dette Land, og at Sagernes sande Beskaffenhed er sjelden bleven rigtig forklaret for Kongerne, i de Trætter, som de enten havde med Lægmændene eller mel em sig selv indbyrdes. Denne Bog oplyser ogsaa Datidens Aand og Væsen: Hövdingernes Herskesyge og idelige Trætter i Ejendoms- og Arvegangs-Sager, hvorover næsten alle andre

sínir einnin hvè torveldt hér hefir opt verid, jafnvel ríkismönnum, og ódeigum sumum, at ná rètti á móti þeim er ædstir voru, sem þá voru biskupar, því hverki dugdu Jóni Sigmundarsyni utanfarir oc sannr framburdr í málum hans, nè sterk samtök margra ríkismanna í Leidarhólmi, í móti ofrefli því er vid var at eiga; fylgir annmarki sá hveriu því landi sem lángt er frá konúngi sínum, enn þó er Danakonúngum af Aldinborgar ætt þad ad þacka, at ei hefir þannin tilgèngid á hinum seinni tídum. Þessi Þáttr er þá jafnmiklu lengri enn flestir adrir, sem hann er merkiligri, og hefir eg haft hina sömu brunna at ausa sagnir af, sem ádr eru taldir, þarf því ei ad gèta at nyu; annir mínar, og vaxandi aldr og pennaleti banna máskè ad halda lengi áframm; enn þat ætla eg ad eigi verdi merkilegu bætt vid þat sem komid er; læt eg því þennan formála vera skamman, at fátt er nú fleira sem verdt er á at mynnast at sinni.

Frestastödum í Skagafyrdi þann 27 Julii 1822.

J. Espólín.

Anliggender forsömtes i Landet. Endvidere viser den, hvor vanskeligt det tit har været, endog for Rigmænd, som tildels ikke vare uden Kraft, at komme til at nyde sin Ret mod de Mægtigste, som Biskopperne da vare; — Saaledes fik Jon Sigmundsen ingen Nytte af sine Udenlandsreiser, af sin Sags sandfærdige Fremstilling eller endog af mange vældige Mænds Forbund i en almindelig Forsamling, til dens Understöttelse — som alt maatte bukke under for Modpartiets Overmagt. — Et saadant Uheld overgaar gjerne det Land, som er langt bortfjærnet fra sin Behersker, men det er Danmarks Konger af den Oldenborgske Stamme at takke, at Island ikke kan beklage sig over sligt i de senere Tider. — Denne Bog maatte blive forholdsmæssig længere end de fleste övrige, fordi den i sig selv er mærkværdigere; til den har jeg öst af de samme Kilder som jeg för har nævnt og derfor ikke behöve at opregnes paa ny. Mine Forretninger, tiltagende Alder og Utilböielighed til Skriverier, ville maaske afholde mig fra Værkets Fortsættelse, men jeg nærer den Tanke, at det allerede Færdige ikke kan forsynes med mange mærkværdige Tillæg. — Denne min Fortale bliver kun kort, da jeg ei mindes Noget vigtigt som her kunde være at tilföje.

Frostastade i Skagafjorden, den 27de Julii 1822.

J. Espolin.

Leidrétting Prentvillna í annari Deild, send frá höfundi siálfum.

Bls. 2 l. 12. Biarna l. Biarnar.
— 4 l. 6. Gunnlaug l. Gudlaug.
— 5 l. 6. hinn l. hin. l. 32. XII hundr l. XII hundrud hundrada.
— 6 l. 19. sá Vigfús l. sá Gísli, er annars rángt í Exscripto.
— 7 l. 35. hygg eg hana l. oc því hygg eg hana.
— 8 l. 1. bygg l. byggt.
— 13 l. 2. Helgranesi l. Hegranesi. l. 7 Lángalandi l. Laugalandi.
— 14 l. 26. hví l. hve.
— 15 l. 1. hónnum l. hönum. l. 23. Oddr þórdarson, Leppr og l. O. þórdarson Leppr, og.
— 18 l. 27. er þorsteinn l. enn þorsteinn.
— 19 l. 21. Martteo l. Matthco.
— 23 l. 17. yfir kyrkiu í l. yfir í kyrkiu á.
— 24 l. 19. í Höfdahverfi l. í Höfda í Höfdahverfi. l. 22. Kón l. Kór.
— 33 l. 5. fyrir pláguna l. eptir pláguna.
— 34 l. 11-12. þá hafi verit l. á þá hafi verit.
— 35 l. 8. jördinni í Nylendi l. jördinni Nylendi.
— 36 l. 19 á Mödruvöllum l. á Siáfarborg.
— 37 l. 31. Langabóli l. Laugabóli it. post.
— 43 l. 1. muna valla l. munu valla.
— 45 l. 5. Gerhards l. Adolfs (er feil í Exscripto, þeir nefndust og eiginl. greifar.)
— 46 l. 4-5. því hafi verit ì óvenju l. því hafi sá vitnisburdr tekin verit, at komit hafi verit í ovenju. l. 17. oc bon l. at bón.
— 47 l. 21. þá ecki l. þó ecki. l. 25. Calleisen l. Calteisen.
— 49 l. 6. Ilandi l. Islandi.
— 50 l. 13. prestr l. prestar.
— 54 l. 14. til seinasta l. hid seinasta. l. 25 af riddara l. hann at riddara.
— 55 l. 3. officialis l. officiales.
— 56 l. 18. þat l. þar.
— 57 l. 3. kannúkum l kanúkum.
— 58 l. 21. Calleisen l Calteisen,
— 60 l. 9. Arason l. Arasonar.
— 61 l. 12. þá l. þau.
— 62 l. 18 Búnkabergi l. Brúnkabergi. l. 21. þá þóttu l. þar þóttu.
— 63 l. 12. Gíslason l. Gilsson. l. 20. Asmundars l. Amundason.
— 64 l. 12. Ejólfi Magnússyni Hvestu l. í Hvestu.
— 69 l. 33. á Skardströnd:
Hallvardr sem ádr er kalladr Asmundarson er í öllum 56 Cap. kall.

adr Amundason, enn þat er rétt eptir Exscripto, oc veit ei hvört heldr sé.

Bls. 72 l. 19. mikil l. mikill.
— 74 l. 9. verdt l. verd. l. 10. atqvæmi l. afqvæmi. l. 17. l. mikil.
— 78 l. 20. 1743 l. 1473.
— 79 l. 25. Skrudahusinu l. skrúdahúsinu. l. 32. l. var Eyólfsson.
— 84 l. 31. ymbradögum l. ymbrudögum.
— 87 l. 5. prest l. prests. l. 14. l. vidridnir: l. 18. þorsteinsson; qvittudu l. Nicolás þorsteinsson qvittudu. l. ult. Magnúsi syni þ pr.
— 89 l. 20. á Ögri l. í Ögri.
— 90 l. 2. rádmensku l. rádsmennsku. l. 20. erbiskup l. erkibiskup.
— 92 l. 34. l. umbod, at.
— 95 l. 28. bænir síni l. bænir sínar. l. 36 l. spurdu. l. 37. unn l. enn.
— 96 l. 19. l. at Grítubacka. l. 36. l. prestsþiónustu.
— 98 l. 16. l. kyrkiunni. l. 19 l. lengst.
— 100 l. 31. l. peníngana, eins l. 33
— 101 l. 1-2. rædr hann öllum blídni l. rædr hann öllum er setit höfdu dóma edr samþyckt med Rafni, eda því máli voru fylgiandi, at gánga til blídni. l. 9. er Biarna l. oc Biarna.
— 102 l. 31-32. Eyrarsveit, hans son var Stephan sts l. Eyrarsveit, hans son var þórdr í kyrkiufelli, enn annar Jón prestr sá er útgéck á Grundarmöl vid þiska, oc vard mannsbani, enn annar fordadi sér med sundi, hans son var Stephan st.
— 103 l. 17. l. 1483.
— 105 l. 10. at Skardströnd l. á Skardströnd. l. 16. l. á spátsiunni vantar árstal 1484
— 107 l. 15 Svallbardi l. Svalbardi. l. 27. l. af Vaglaskógi.
— 118 l. 7 af því l. at því. l. . fadir hans halt l. haft.
— 121 l. 17. stedia l. Stedia (villam.)
— 123 l. 8. at hverium degi l. á hverium degi.
— 124 l. 16 officiale syfir l. officiales yfir.
— 129 l. 20. tvímælis qvonfáng l. tvímælis um qvonfáng.
— 130 l. 1. l. Skraumu. l. 5. dæmdi arfinn l. dæmdi Einari arfinn. l. 17. utsetiast l. útseliast.
— 131 l. 32. alþinga l. alþingi.
— 132 l. 9 l. Jón oc var H. s.
— 133 l. 9. l. Gudnason.
— 134 l. 4. l. var þar med Kyrkiuból. l. 7. uppi l. uppi
— 135 l. 3. peníngi l. peninga. l. 6. skyldi l. skyldr. l. 16. l. blautu. l. 22. banadi l. bannadi. l. 29. fromfe l. framtór.

Þridji Þáttur.

Hèr segir frá merkismönnum er uppi voru vid aldamótinn; oc frá Mödruvalla málum, er Grìmr Pálsson, oc Þorvardr Erlendsson deildu; oc Vatnsfiardar málum þeirra Biarnar Gudnasonar, oc Biarnar Þorleifssonar. Torfi í Klofa lætr drepa Lienhard; en sìdann segir frá Stepháni biskupi oc Gottskálki, oc málum Jóns Sigmundarsonar oc annara manna; Danskir giöra hark á Breidabólstad; enn biskupariki ofþìngir leikmönnum. Enskir drepa hyrdstiòrann. Taka til mál Jóns Sigmundarsonar oc Biarnar Gudnasonar af nyu. Frá hyrdstiórum, Stepháni biskupi, oc samtyckt þeirri er giör var í Leidarhólmi; einnin frá Byrni Gudnasyni oc hans afdrifum, oc ödru er tilbar. Daudi Erlendar á Kétilstödum, oc Stepháns biskups; frá Gottskálki biskupi, oc dauda hans, oc Jóns Sigmundarsonar. Ögmundr ríkir í Skálhollti, en sidann segir frá Sveinstadareid

oc deilu Ögmundar vid Jòn Arason; hann fer þa utann, oc verdr biskup at Hòlum. Taka þá til Vatnsfiardar mál enn Hannes Eggertson drepr Thyla hyrdstióra. nockud um Teitsmál, oc þíngreid biskupa med her. Segir enn frá Ögmundi biskupi, andláti Gríms Pálssonar, Teitsmálum oc ödru. Veginn Rafn lögmadr; oc enn frá Ögmundi oc Jóni biskupum, oc Vatnsfiardar málum. Upphaf Gissurar Einarssonar. Slag í Grindavìk. Frá Ögmundi biskupi oc Oddi Gottskalks syni oc ödru. Upphaf Marteins biskups. Didrich af Mynden veitir yfirgáng, oc er drepinn. Gissr fer utan, oc kèmr út aptr med biskupsdóm. Segir nockud frá Jóni biskupi, enn Ögmundr er tekinn, oc sidaskipti gánga yfir sunnanlands. Klaustrin eru tekinn; byriast prentverk. Biarnanessmál, oc frá Gissuri biskupi oc Otta Stígssyni; Gissr deir; Marteinn er kosinn. Jòn biskup fer í Skálhollt, oc hefir sídann mikinn yfirgáng, oc tekr Martein biskup. Enn meiri yfirgángr Jóns biskups oc sona hans, partil þeir eru teknir, oc lìflátnir sídann, en Nordanmenn hefna. Koma ùt herramenn, oc setia Olaf Hialltason til biskups á Hòlum, enn láta landid sveria konùnginum eyda, med ödru fleiru er þá fór framm.

I. Cap. Hverir uppi voru merkismenn.

A öndverdum dögum Stephâns biskups Jònssonar í Skálholti, oc Gottskálks biskups Nicolássonar at Hólum, voru þessir höfdingiar uppi á Islandi. Benedict Hersten var hyrdstióri, Finnbogi Jónsson oc þorvardr Erlendsson lögmenn; Vigfús bródir þorvardar var oc mikilsháttarmadr. Einar son Ejólfs lögmanns Einarssonar bió í Dal undir Eyafiöllum, oc átti Hólmfrídi systr þeirra. Erlendr son Hákalla-Biarna Marteinssonar hafdi syslu fyrir austan, í Múlaþíngi. Torfi son Jóns Olafssonar í Klofa átti Helgu Gudnadóttr frá Kyrkjubóli, systr Biarnar, hann hafdi Arnes-syslu oc Rángárvalla syslu; er han kalladr ríki Torfi, enn sumstadar sterki Torfi, hann bió í Klofa, oc var yfirgángsmadr mikill. þorgeir Olafsson segia sumir væri födrbródir hans, fadir Erlíngs, födr Jóns undir Múla á Skálmarnesi, födr Ingibiargar er átti þorleif Gudmundarson, oc Ingu er àtti Teit ríka í Glaumbæ. Arnór son Laga-Finns bió at Ökrum í Hraunhrepp, frá hönum er kominn Akra ætt, Gudmundr var bródir hans, fadir Dada í Snóksdal. Sturla þórdarson á Stadarfelli hafdi Syslu í Dölum. Biörn bió at Reykiahólum þorleifsson, Biarnar sonar hins ríka. Sigurdr, Dadason mágr Gudmundar Finnssonar, er haft hafdi Húnavatnsþíng, bió í Biarnarhöfn; þórólfr Ögmundarson er kalladr var biskup, var ríkr madr á Vestfiördum. Andres Gudmundarson var þá gamall, enn synir hans stórbændr; Ari Andresson bió at Bæ á Raudasandi, hann var storrádr. Nefndr er oc Ari Gudmundarson Gudmundarsonar hins ríka, enn efi er oss á þat sè rètt, hyggium allan einn vera. Gudmundr Andresson bió undir Felli í Kollafyrdi, oc átti Jardþrúdi þorleifsdóttr systr Biarnar at Reykhólum, þeirra synir voru þorleifr, oc Olafr prestr er sidann hèllt Hiardarholt, oc prófastdæmi í Dölum, enn syslu á Ströndum, Ormr, Biarni oc þorsteinn. Gudni Jonsson bió á Kyrkiubóli, enn Biörn sonr hans í Ögri, hann var hid mesta afarmenni. Ari annar son Gudna hafdi eina tíd syslu í Húnavatnsþíngi, Gudni hafdi siálfr Isafiardar syslu. Þá voru þeir Philippussynir, Gísli í Haga oc brædr hans, Olafr oc Hermann, oc synir Gísla, Snæbiörn, Helgi oc Ejólfr Mókollr. Fyrir nordan voru þeir mesthátttar af leikmönnum, Jón Sigmundarson, Einar Oddsson er hafdi Húnavatnsþíng,

Þorsteinn oc Sigurdr synir Finnboga lögmanns; Grímr Pálsson á Mödruvöllum, hans synir voru þeir Þorleifr oc Benedict. Pètr í Stóradal sonr Orms Loptsonar. Teitr Þorleifsson er sídann var kalladr hinn ríki. Grímr Jónsson er seinna bió at Ökrum; Magnús Þorkèllsson Gudbjartssonar; Höskuldr Runólfsson Höskuldssonar; Jón Oddsson Kollr; Bryniólfr at Espihóli Magnússon Benedictssonar. Hákon Hallsson Finnbogasonar Jónssonar Lángs bió at Vindheimum, hans son var Gísli sveinn Gottskálks biskups, er miklar ættir eru frákomnar. Margir voru enn þeir er sumir voru ádr nefndir, enn sumir ókunnir.

II. Cap. Frá Mödruvalla-málum.

I þann tíma stódu yfir Mödruvalla-mál; enn sá var uppruni þeirra, at Ingibjörg Þorvardsdóttir Loptssonar hins ríka, kona Páls bónda Brandssonar, hafdi dáit í plágunni hinni seinni, sem fyrr segir, oc synir hennar skilgetnir, Biarni oc Benedict; erfdi þá Páll Brandsson fèd; eptir þad andadist hann; enn Grímr launsonr hans átti tvo sonu skilgètna, Þorleif oc Benedict, erfdu þeir födrfödr sinn. Enn uppá jardir þær allar, er átt hafdi Ingibjörg Þorvardsdóttir, sem voru Mödruvellir, oc miklar eignir adrar, kærdi í fyrstu systir hennar samborinn, Gudrídr Þorvardsdóttir, kona Erlends Erlendssonar, oc þottist lögerfíngi at, eptir þeirri rèttarbót Hákonar konungs: *þar sem fadir edr módir erfdu fasteignir frá annari ætt, eptir börn sín*; þá *skyldu öll þau ódöl hverfa aptr til þeirrar ættar er þau voru í fyrstu frákominn*; enn Grímr Pálsson sókti sonum sínum til handa, eptir venjulegu erfdatali lögbókar, allann arf eptir Pál Brandsson födr sin oc fèck þar uppá dóm af tvennum tylftum dómsmanna útnefndann af Finnboga lögmanni Jónssyni frænda sínum, á Spialdhaga í Ejafyrdi, föstudaginn fyrir Jónsmessu Baptistæ, vetri eptir dauda Ingibjargar. Dæmdust þeir Þorleifr oc Benedict Grímssynir at vera lögarfar oc eignarmenn, at öllum þeim peníngum föstum oc lausum, sem þeir Biarni oc Benedict synir Páls oc Ingibiargar erfdu eptir módr sína, oc sídann erfdi fadir þeirra Páll eptir þá; enn Grímr Pálsson rèttr umbodsmadr sona sinna, eptir lögum Magnúsar konungs, enn á móti rèttarbót Hákonar konungs ádrgreindri, er þeir segia aldrei hèr í landi fyri lög gengit hafa svo menn viti, og eigi híngad í

land gèfna; oc aptr á alþíngi hid sama ár, þridjudaginn nærstann eptir Pètursmessu oc Páls, þá Pètr Trúls hyrdstjóri samþyckti, sem ádr er gètit, enn Hlídarendamenn, Þorvardr oc Vigfús Erlendssynir, hèlldu enn framm ákæru sinni uppá fèn; útgaf þá Finnbogi lögmadr stadfestíngar úrskurdi uppá dóma þessa, fyrst at Launguhlíd í Hörgárdal, midvikudagin eptir krossmessu um haustid, þad ár sem Þorvardr tók lögsögn, oc sídan á alþíngi sumarit eptir, þau missiri sem seinast var frásagt, midvikudaginn eptir Pètursmessu oc Páls, útnefndi hyrdstiórinn Benedict Hersten oc Finbogi lögmadr XXIV lögrèttumenn í dóm, oc stadfestu alla þessa dóma í öllum greinum þeirra, oc at lögbókarinnar texti skyldi standa um arftöku þessa, en Grím Pálsson engra svara skyldugann til þess máls ákæru framar meir, oc þá utanstefnu er Þorvardr hafdi Grími medstefnt til Noregs um þetta mál, ólöglega vera oc ógylda. Hèradauki samþykti Gottskálk biskup alla ádrskrifada dóma oc úrskurdi fyrir sig oc kyrkjuna, oc sagdi þá löglega, því hönum litist þeir eptir lögum oc rèttu erfdatali dæmdir vera, oc var sá úrskurdr ritadr at Miklagardi í Eyafyrdi mánadaginn fyri Matthæusmessu. Hèlldt þá Grímr Pálsson eignum þessum um hríd, oc giördist mikilmenni, sem frændur hans; hann átti Helgu dóttr Narfa Þorvaldssonar frá Narfeyri, oc var hún módir þeirra brædra. Hafdi hann hid mesta traust af Finnboga lögmanni frænda sínum, því hann var vitr madr, oc mikill fyrir sèr.

III Cap. Mál um Solveigar arf.

Þá er Gottskálk biskup var setstr at stóli sínum, hófst þegar undirrót þeirra málaferla er þeir Jón Sigmundarson áttust vid. Jón hafdi sókt þá brædr Philippussyni, Hermann, Gísla oc Olaf, um kyrkjugards saurgun í Vídidalstúngu, þá er Asgrímr bródir hans var veginn, fyri dóm Olafs biskups, enn Officiales er eptir Olaf biskup voru, fríudu þá brædr, því at Olafr Philippusson vann tylftareyd med nefndum vottum, at hann hefdi kyrkiugardinn nè kyrkjuna, hverki saurgad med höggum eda heiptarblódi, edr sært nockurn mann innan þeirra takmarka sem heilög kyrkia eignar sèr til sæmdar, oc þeim til fridar er til hennar flír. Olafr hafdi fengid Vigdísar laundóttr Solveigar Biarnadóttr oc Jóns Þorlákssonar skrifara, hèt þeirra son Einar. Enn er ágreiníngr vard um

arfinn Biarnar hins ríka; var Einar hinn úngi Olafsson, dæmdr erfíngi Solveigar at þeim hluta er hann stód til; þat lèt dæma Einar Oddsson er þá hafdi Húnavatns syslu, tvisvar, ödru sinni at Svínavatni midvikudaginn fyri Calixtusmessu, vetri fyrri enn Gottskálk biskup fór utann eptir biskups vígslu; enn ödrusinni ári seinna á midvikudaginn nærstann eptir Jónsmessu Baptistæ, oc svo Finnbogi lögmadr, enn Olafr var dæmdr fiárhaldsmadr sonar síns þartil er hann kæmi til myndugra ára. Enn þótt þeir fedgar Gudni oc Biörn vildu hrekja Olaf oc Einar son hans frá þeim arfi, settist Olafr í fèn, oc hèlldt þau sem lágu nordanlands oc nærri hönum voru; enn Gottskálk biskup keypti sídann af þeim fedgum Audkúlu oc fleiri jardir, oc bar þat sídann til greina milli biskups oc annara erfíngia. Jón Sigmundarson vard þess skiótt var, at Gottskálk biskup hefdi nockurn ímugust á rádahag þeirra Biargar, vita menn ógiörla hvert hann spann þat upp siálfr, edr óvildarmenn Jóns, fór hann þá til Hóla, oc hreinsadi sig af því máli fullkomlega í vidrvist Jóns Þorvaldssonar ábóta mágs síns, var svo at siá sem biskupi lyndti, oc var þat mál kyrrt um hríd.

IV Cap. Höskuldar-mál.

Mánadagin fyrir Olafsmessu fyrri, þau hin sömu missiri er næst voru talinn, nefndi Gottskálk biskup ábóta oc presta í dóm at Vidvík, um sakir þær er hann kærdi til Höskuldar Runólfssonar; fyrst þat at Höskuldr hefdi tekit, bundid oc meidt, oc flutt heim til sín smalamann stadarbúsins at Miklagardi, svo at hann var ófær í þriár vikr; þarfyrir var Höskuldr dæmdr fallinn í bann af siálfu verkinu, skyldr til at taka lausn oc skript af biskupi, oc gialda hönum LX merkr í sitt fullrètti; þar at auki fyri búmissir medann smalamadrinn var ófær, at gialda svo mikinn mat sem af búinu giördist í þann tíma, oc hafi þad ordid hálfrar merkr skadi, dæmdust Hólakyrkju LX merkr í fullrètti hennar. I annan máta um þad hross sem Höskuldr hefdi ádr afhendt í stadarins peninga, enn tók sídann aptr; var hann dæmdr at skila því eda iafngódu hrossi, oc fyri grip eda rán á hrossinu at gialda biskupi XV merkr í sinn rètt, oc eyrir á hverja viku i vinnumissir; skyldi fyrsta sal á sektum þeim vera innan XVI nátta at heyrdum dómi,

annad at Michialsmessu, þridja at nærstu fardögum, oc skyldi þâ allt goldid. Hygg eg þad víst at Höskuldr þessi hafi verid sonr Runólfs Höskuldssonar er einn var þeirra manna er Olafr biskup hafdi fyri sektum haft.

V Cap. Frá Stepháni biskupi.

Stephán biskup í Skálholti segia menn at verid hafi lítilætis madr mikill; hann var lærdr vel oc framadr umfram adra menn er þá voru á landi hèr; Stephán biskup var mikill framqvæmdar madr í mörgum greinum, hann feck af Hans Dana Konúngi leifisbrèf, at hann mætti láta kaupskip sitt gánga hvert er hann vildi til Dana-konúngs landa, til at kaupa naudsyniar sínar oc stadarins; var Ögmundr prestr Pálsson styrimadr oc formadr þess til Noregs nockrum sinnum. Stephán biskup lèt taka ofan Skálholltskyrkju, oc færa upp allann grundvöll hennar, bera mold í kyrkjugardinn, oc hæcka svo miög, at fullvöxnum manni tók í midt lær ofann ad hellum þeim sem liggia undir gardinum oc kyrkiunni; hann lèt oc hlada griótvegg í kríngum alla kyrkjuna, henni til skióls fyri vedrum; þó svo at rúmlega mátti gánga milli hennar oc veggiarins; þann gard lèt Ögmundur biskup sídann rífa, oc hlada med hönum Kyrkjugardinn. Hann lèt flytia griót mikid heim ad stadnum, voru tveir menn haldnir til þess vetr oc sumar, tóku þeir griót oc hellr miklar uppi hiá Vatnsleysu, oc fluttu á skipi þar til giörvu ofann eptir Túngnaflióti oc Hvítá, ad torfholltinu, oc í Hundapolls-ós, oc var þar naustid. Enn â vetrum óku þeir griótinu heim á akneytum oc sledum þá akfæri var. Svo bar til at prestr sá er Þorkèll hèt, oc griótmenn þessir bádir, oc tveir adrir, lètu smída sèr lykla at Skálhollts kyrkju, oc stúku þeirri í henni er þá var köllud stúdium, oc stálu þadan gulli, silfri oc klædum, oc enn ödrum hlutum, oc urdu uppvísir at fannst hiá prestinum svo mikid gull oc silfr í hálfrónum sióvetlíngi, at rádsmadrinn baudst til ad taka þad í rádsmanns-kaup sitt, og qvadz mundi gèfa biskup þar med qvittann, var þó hitt ad auki er hinir höfdu tekid. Prestrin var skríddr öllum prestabúníngi, oc leiddr inn at altari, þar er biskup var oc klerkar hans fyrir, sídann var allr messusaungr lesinn öfugr (at aptan frammeptir) oc hvert messuklædi tekid af hönum, eptir því sem

hann hafdi verid ífærdr vid vígsluna; því nærst var hann leiddur út fyri kyrkiudyr, oc þaninn, ber ofann ad lindastædi milli fiögra manna er hèlldu hönum, enn sídann hreinsadr, at því er kallad var, med sópum, af biskupi oc tveimr prestum, oc kèndi á þeim ótæpt. Var þó þetta all-laungu sídar enn frásögunum er komit. Stephán biskup elskadi miög oc ydkadi lærdóma; var þad dagleg ydn hans at lesa oc rita oc kènna ödrum, fèck hann Latínuvers þegar uppá hvert efni eda hlut sem um var rædt, eda medfarid. Hann hèllt Latínu skóla í Skálhollti, oc setti Asbjörn Baccalaureum skólameistara. Stephán biskup var miög settr í framgaungu oc líferni, oc lifdi straungum lífnadi eptir klaustra manna reglum. Hann drack aldrei miöd eda vín eda áfengann dryck svo mikinn í senn, at á hönum sæi, alla þá stund hann var biskup, oc át aldrei kiöt nema á stórhátídum, jóla degi, páskum oc hvítasunnu. Hann át aldrei hvítan mat nema á sunnudögum, oc reid aldrei hesti skeid. Eigi var hann vid konu kendr. Hann hèllt fastlega bænatíma á föstu, oc tídagiördir allar; árlega giördi hann Testamentum sitt ádr hann reid heimann í visitatiu sína, oc tilnefndi í því brèfi allar þær giafir er hann ætladi at gèfa vinum sínum oc vandamönnum, bisknpinum á Hólum silfrstaup vænt, rádsmanni sínum V hundrud, kyrkiupresti III hundrud, hverjum hinna prestanna I hundrad, diákna X aura, hverjum annara klerka V aura; einnin tileinkadi hann vissar giafir ábótum, útbúa rádamönnum, oc ödrum vandamönnum. I þann tíma dæmdu biskupar á landi hèr um legordssakır allir, hiúskaparmál, hórdóma, meinbuga oc blódskammir; voru slíkir stórbrotamenn skialdann líflátnir, enn biskupar lögdu miklar fèsektir á þá, oc þar med hardar skriptir eptir vild sinni; húdstrokr opinberar fyrir Kyrkiudyrum, oc myrkvastofu hald á stólnum, med salltspón oc vatnsbolla, föstr miklar, oc at gánga berfættum á hökul-sockum med berum iljum til kyrkju, oc standa svo fyri kyrkjudyrum alla messu oc tídir út, hversu sem vidradi, vetr eda sumar, oc slíkt annad. Eptir slíkar skriptir afstadnar oc medtekna lausn, var þeim mönnum gèfid heimfararleifi til sinna, oc þoldu ei sídann adra hegníngu enn gialda fèsektir sínar. Enn med því at þesshättar stórglæpir gengust miög vid í landi hèr í þann tíma, oc mörg önnr stórvyrki oc ofbeldi, sem Stephán biskup hatadi oc vildi afvenia, þá þótti mörgum hann hardr oc

refsíngasamr vid þesshàttar menn, oc kiöru sumir heldr dauda, enn þola slíkar píntingar. Enn þvílíka menn alla tók Torfi Jónsson í Klofa í sína vernd þá er hann mátti, svo biskup feck nauduglega komid rètti og refsíngum yfir þá, oc gengu þeir því óleystir oc óqvittir hvert ár at ödru; giördist af því med þeim biskupi oc Torfa hin mesta óvild. Á dögum Stephàns biskups kom sá madur í Skálhollt á einu sumri, er Sveinn spaki skírdi oc spádi fyrir þá hann var prestr, hann var knálegr madr, oc þótti sèr ecki bodid til drykkju, fyrir þat hió hann í sundr hund biskups; enn um haustid eptir vo hann mann saklausann í Biskupstúngum, fyrir þad hann bannadi hönum at höggva hrís í skógi svo nálægt bæ sínum; oc fiorum vetrum sídar vard hanu ödrum manni at skada í Grindavík, oc fór utan sídann med Vigfúsi Erlendssyni; hann feck hönum líf til handa. Var sá madr afi Teits hins sterka í Audshollti Ögmundarssonar.

VI Cap. Vatnsfiardar mál.

Nú er at víkja þángad til er fyrr umgètr, at Biörn Þorleifsson á Reykhólum hafdi fengid konúngs úrskurd fyrir arfi Solveigar, oc svo dóm Finnboga lögmanns, enn Biörn Gudnason í Ögri reid ei at sídr med flock manna heim á Vatnsfiörd er Biörn Þorleifsson kalladi sína eign oc födrarf, oc Stad í Adalvík, oc tók at sèr báda þá garda dómlaust, oc jardirnar oc kúgyldi þau er fylgdu, oc allt er þar stód samann, qvikt oc daudt. Hann veitti oc heimreid at Reykhólum. Biörn hafdi Isafiardar syslu, oc átti Ragnhildi dóttr Biarnar Marteinssonar á Kètilstödum austr, oc Ragnhildar Þorvardsdóttr, systr Erlendar. Vid þennan yfirgáng þóttist eigi Biörn Þorleifson meiga búa, oc reid í Skálhollt eptir um sumarid, oc beiddist af Stephàni biskupi eptir bodi oc brèfi páfans Legáta, er hann frammbar, at giöra sèr lög oc rètt á slíku. Utnefndi þá Stephán biskup XII presta dóm í Skálhollti, oc dæmdu þeir at biskupi heyrdi til at enda þrætu þessa med úrskurdi sínum, hversu löglega þau systkyn Þorleifsbörn væri til arfs komminn. Um sumarit reid Stephán biskup til alþíngs, oc áqvad þar med úrskurdi sínum, oc slíkt hid sama dæmdi Finnbogi lögmadr med XII lögrèttumönnum, at Biörn Þorleifsson oc systir hans ætti

arf allann eptir foreldri sitt, og födrsystr sína Solveigu, enn eptir hana er sagt at hafi verid XXVI hundrud hundrada í kúgildum oc vyrdíngarfè enn XXIV hundrud hundrada í jördum, oc má þar vera medtalid þad fè er hún hafdi undir sig tekid eptir frændr sína sem fyrr segir. Dæmdu þeir þá fedga Gudna oc Biörn skylduga aptr láta allar þær eignir er þeir hèlldu af þeim peníngum. Stephán biskup dæmdi oc í þann tíd med dómsprestum sínum hiónaband Páls Jónssonar oc Solveigar Biarnardóttr ólöglegt verid hafa, oc börn þeirra ecki arfgeng; þar sem at Magnús biskup í Skálhollti hafdi ecki ad páfans forlagi dispenserad um þeirra hiúskap. Enn eptir þann XII manna dóm er fyrr var gètid, sendu hinir hellstu vestfyrdíngar, Jón Danr son Biarnar hins ríka, Gudni oc Biörn son hans, oc sextán adrir, Finnboga lögmanni, skarpa ákœru oc lánga prótesteran, svo at þeir bædi siálfra sín oc alls almúgans vegna á Vestfiördum, qvádust hverki fyri sig nè sína nidia undir gángast vilia, oc hverki med blídu nè strídu, slíkt lagarof, rèttindarán, lögleysr oc lögvillr, sèm leidast inní landid med þeim XII mannadómi, um arftöku Biarnar Þorleifssonar oc systra hans eptir födr þeirra Þorleif, oc adra frændr hans, því systkin þau öll sèu borinn í fridlulífi oc frændsemis spellum, ádr enn foreldrar þeirra fengi leifi Christiáns konúngs, páfa oc erkibiskups uppá arftöku skilgetinna barna þeirra, oc saman at giptast, oc hafi þad heyrt þeim börnum er Þorleifr oc Ingvildur ætti saman eptir festíngu, enn þau hiónabands börn hafi enginn ordid. Segiast þessir menn vel undirstanda þat dómr þessi samsettr verid hafi fyrir vináttu, mútr oc peninga, beidast því oc krefiast med mörgum skarpbeittum ordum af Finnboga lögmanni, at hann gæti lögmanns eyds síns oc embættis, oc haldi þeim fyri Guds oc laganna skuld til rèttra mála, med fullri vitsku, einörd oa hörku, enn ónyti oc nidrþrycki nyúngar þessar oc lögleysr at fullu oc öllu, oc qvádust þartil vilia styrkia hann eptir öllum mætti þeirra. Enn er Stephán biskup sá at deilr þessar mundu lángar verda oc erfidar, nytti hann sèr forna úrskurdi erkibiskupa um Vatnsfiardar stad, oc dæmdi hann því æfinlegt Beneficium, oc feck þar uppá sídar stadfestíngar brèf Gauta erkibiskups. Stærrafell í Trèkyllisvík hafdi Stephán biskup fengid med rekum oc öllum gædum VI hundrud at dyrleika til Laurentii kyrkju á Kyrkiubóli, í kyrkjureikníng af Gudna Jónssyni.

VII Cap. Frá biskupum oc ödru.

Þá er Stephán hafdi biskup verid í X vetr, oc lidnir voru VI 1501
vetr frá plágunni, enn tveir frá útkomu Gotsskálks biskups kom út Kaj von Ahlefeldt med hyrdstiórn, hann veitti Byrni Gudnasyni syslubrèfid á milli Geirhólms oc Lánganess, oc er þat Isafiardar sysla, þó adrir haldi annad. At ödru er ei gètid um þann hyrdstióra, enn þat hyggia menn at Lienhardr fógeti, sá er fór med óspektum oc ránum, hafi hans umbodsmadr verid. Um þær mundir giördi Stephán biskup med XII presta rádi þau hagnadar umskipti vid Þíngvalla kyrkiu, at hann feck henni þriár jardir, fyri skóg allann ofan Hráfnagiá, stóls landsetum til brúkunar. Fimtudaginnn nærstann fyrir Hallvards messu at almennilegri prestastefnu á Vídivöllum, lèt Gottskálk Hóla biskup ábota oc presta játa því oc samþyckja, at í biskups tyund skyldi lúka eyrir af öllum bygdum jördum smáum oc stórum, er þá voru undir kyrkiuna komnar. Enn af hinum er þar eptir koma kynni, skyldu tyundir lúkast sem lög til standa, oc kristinnrèttr útvísar. Þá er sagt at Jón prestr Þorvardsson er haldid hafdi Höskuldstadi oc verid officialis, oc þarmed í mörg ár haft umrád Þíngeyraklaustrs, hafi fyrst vigdr verid þar undir ábotastètt, er hann þó nefndr áboti ádr. Þá var giör alþíngis samþyckt um nefndarmanna kost. Stephán biskup qvittadi Jón Helgason um þad er hann vo ófyrirsyniu Þorleif Þórólfsson. Einar áboti at Þverá oc Jón áboti á Þíngeyrum dæmdu Eyríki presti Einarssyni Kálfskinn. Þá feck Gunnlaugr Helgason Gottskálki biskupi oc Hóla kyrkju þat fè sem Ingibiörg Kolladóttir kona hans hafdi ádr gèfid í próventu til stadarins, oc þat er Jón prestr Kollason hafdi erft, enn biskup gaf Gunnlaugi upp sakir á móti. Fleirri urdu oc giörníngar, oc er gètid vid suma Sturlu Þórdarsonar at Stadafelli. Þat var eitt at þeir Erlendarsynir sömdu vid Grím Pálsson um Mödruvalla arf, því at þeim leitst sitt óvænna sem þá stód; fór sú sátt fram um haustid at Mödrufelli, í vidrvist Finnboga lögmanns, Sigurdar prests Runúlfssonar oc þriggia lögrèttumanna; afhendi Þorvardr lögmadr Grími: Hóla í Eyafyrdi, Arnastadi, Vatnsenda, Jökul, Tjarnir, Ulfá, Torfufell, Villíngadali báda, fyrir tvö hundrud hundrada oc áttatyu hundrud, enn Grímr Þorvardi Breidabólstad í Ölvesi, Yxnalæk, fiögr hundrud í Þúfu-

landi, Grímslæk, Hraun, Biarnastadi, Götu, Eymu, Hlíd, allar í Ölvesi, Hof á Kialarnesi, Arnaholt, Skrauthóla, Öfugskeldu, Galltarvík á Akranesi fyri tvö hundrud hundrada oc LXX hundrud enn Grímr hèt til jafnadar XLVIII hundrudum í kúgildum oc ödrum þarflegum aurum; voru þeir þá fullkomlega sáttir, þó þad stædi ei all-lengi.

VIII Cap. Frá Nicolási príór.

I þann tíma var Nicolás príór Þormódsson á Mödruvöllum, oc hafdi hann verid prestr ádr, at því er siá er, at Upsum, dæmdi hann at Vídivöllum med ödrum, midvikudaginn nærstann fyrir Hallvardsmessu um Svein Jónsson er tveimr kúgildum hèldt fyrir
1502 Hólakyrkiu. Nicolás tók upp fátæka stúlku er Þórey hèt, oc átti hún tvo sonu, hètu Þorsteinn oc Þorbiörn; var Nicolás príór haldin af sumum fadir þeirra, þó þad mætti ecki uppbera. Er frá þeim ætt kominn; Þorsteinn var fadir Sigurdar prests, þess er hèldt vid Gudrúnu dóttr Finnboga ábóta, Einarssonar ábóta at Þverá Isleifssonar, þeirra son var Einar prestr er sídast var í Heydölum í Breiddal, oc er þadann mikil kynslód.

IX Cap. Stórrædi Klofa-Torfa.

Þá var yfirgángr mikill Lienhards er verid hafdi fógèti á Bessastödum, oc giördi hann margt stórlega; hann hètz vid Torfa Jónsson í Klofa, oc settist á Arnarbæli med ráni, enn Islendíngar voru þá í þann tíma all-siálfrádir fyrir Dönum, oc svo hver fyrir ödrum,, nema þá er rèttarbætr voru sóktar til konúnga, enn þótt klerkaríki oc höfdíngiaríki væri mikid innanlands. Oc er Lienhardr var staddr at Hrauni í Ölvesi, fór Torfi þar at hönum vid marga menn; sá madr var med Lienhardi, úngur madr XVIII vetra gamall, er nefndr er Eysteinn Brandsson, allra manna karskastr, hann vardi bæardyrnar at Hrauni einsamann svo drengilega, at menn Torfa fengu ei atgiört, rufu þeir þá húsinn at baki hönum, oc var þá Lienhardr drepinn. Stephán biskup lèt sèr ei þad mislíka þó fátt væri med þeim Torfa, oc bad hann hafa unnid þad verk manna heppnastan. Geck Torfi til skripta vid

biskup, oc vard ecki fyrir miklum fèsektum; Eysteinn var oc ei heldr miög sektadr, hann var alla stund á landi hèr, oc vyrdr af mönnum fyri hreysti sína, var hann mikid afbragd annara manna, oc kalladr Eysteinn hinn sterki. Fiandskapr mikill giördist med biskupi oc Torfa, svo at einhverju sinni um vetr, gjördi Torfi sig heimann frá Klofa med XXX manna, oc ætladi at taka biskup höndum, þá er allir stadarmenn voru komnir til vers. Þiórsá lá öll milli fialls oc fiöru, enn er Torfi oc förunautar hans komu at Nautavadi, syndist þeim áll audr eptir midri ánni, ridu þeir sudr at Kaldárhollti, oc sneru þar aptr, enn þann dag var Þiórsá ridinn á ísi eptir oc fyrir. I ödru sinni kom Torfi í Skálhollt med flock sinn er fátt manna var fyrir, var þá læst öllum dyrum at bodi biskupr, geck Torfi at kyrkiu, oc ofannad nordr dyrum, oc greiddi högg mikid á dyrnar, oc spurdi hvert skolli væri inni? biskups sveinn er Loptr hèt hlióp hertygiadr at dyrum í móti Torfa, oc mælti: inni er skolli oc ei bræddr, bíd þu þess hann er klæddr, hórusonrinn; hver sem þú ert. Torfi svaradi: er þú þar stráka Loptr? þessu mundir þú ecki ansa, ef þú þættist ei hafa yfir fleiru at búa enn eg af veit. Vard þá ei fleira til tídinda at því sinni, oc reid Torfi á braut vid svobuid. Þó lèt hann ei af ofsóknum vid biskup, oc urdu fleiri atvik þeirra á milli. Þá bar svo vid á Alþingi er Torfi geck til lögrèttu, at mönnum sýndist sem lítill svartr flóki í fugls líki kæmi nordann frá Skialdbreid, oc stypti sèr ofann yfir Torfa, rak hann þá upp hliód mikid, oc giördist svo ofr-sterkr at miög margir urdu at halda hönum, enn þó vard þat um sídir at hann vard bundinn, kom þá þángad Stephán biskup, oc allr kènnilídr med hönum, oc hvelfdi stackseimi sinni yfir höfud Torfa, því öllum ofbaud augnabragd hans oc andlit, oc ofr-hlióð; fèll biskup á knè, oc allir med hönum til bænar, med lestrum oc saungum, sefadist þá Torfi nockud, oc batnadi sídann. Urdu þeir biskup oc hann vinir útvortis at kalla, enn þó aldrei þelalaust. Torfi kaus sèr legstad í Skálhollti, vard hann ecki madr gamall, segia sumir hann hafi fordruckid sig austr á Fiflholltaþíngi í ytri Lándeyum, enn adrir at hann hafi dáit í sótt á Skídisbacka í Lándeyum, oc hafi kona hans hlotid dyrt at kaupa kyrkiuleg hans í Skálhollti af Stephání biskupi, því hönum hafi ei þótt Torfi kyrkiugræfr framar þeim er siálfum sèr fargar, oc lítr þad

til hinnar fyrri sagnar, þó sumir eigni þad óvild þeirri er í milli var. Gaf Helga Gudnadóttir med líki bónda síns til Skálholts, silfrkross hinn besta, oc jardir þessar, Vindás, Hreidr oc Akbrautarhollt, enn sumir nefna enn til Lækjarbotn oc Hiallanes eda Mykjunes, liggia þær jardir allar fyrir austan Þiórsá. Þau voru börn Torfa oc Helgu, Eyrikr í Klofa, Jón oc Biarni fadir Sigurdar á Stockseyri, Þorsteinn son Finnboga lögmanns, Kristín oc Halla; er þat köllud Klofa ætt sem frá Torfa er kominn.

X Cap. Fiárafli Stephâns biskups.

Stephán biskup dró miög framm taum kyrkna oc klerka, oc kom undir lærda menn mörgum jördum oc fasta eign, fyrir forna oc mikla kyrkju reikninga oc sektafè; enn þó hann oc adrir biskupar þætti frekir í því, þá gáfu siálfir landsmenn oc þeir er kyrkjur vardveittu orsök þartil: voru margir örlátari vid kyrkiur oc kennimenn heldr enn nú, oc bættust kyrkjunum stórfè í sálugiöfum; hèldu þá sumir kyrkjuverdir kyrkiurnar vyrduglega þaraf, enn adrir lètu þær nídast oc falla, sumir eiddu peníngum þeirra, oc sóudu med öllu, svo biskupar hlutu at halda stránga reiknínga vid slíka menn, oc taka heldr jardir fyrir enn lausafè, hellst þar sem þeir voru fornir ordnir, því fasteigninni var eigi jafnaudveldt at briála, oc hægra at ripta þó bríálad væri. Þó voru margar biskupar mikils til of frekir, heimtu heimajardir manna af þeim, oc fóru uppá hverskyns hardindi. Enn Stephán átti vid stórbocka, helst þá Torfa oc Biörn, var þat oc margra manna sidr í þann tíma at fara med allt þad fè sem þeir komu höndum á sem herfáng væri, því yfirgángr oc ofbeldi var miög tídt, oc þótti hver sá madr mestr sem hardfengastr var í fiáraflanum, oc mátti syna sig sem ríkmanlegastann; voru ei adrir hlutir vyrdir enn audr oc stórar ættir, oc at mestu var einnin hvorfinn skynhelgi sú er biskupar oc klerkar höfdu opt ádr, enn þeir voru nu yfirgángsmenn siálfir í því er þeir máttu, jafnt vid leikmenn eda framar, þó þeir hefdi nockut meira laga yfirskyn. Voru þá oc nær engir lærdir menn uppi at kalla megi.

XI Cap. Frá Stepháni biskupi oc annara manna giörníngum.

Stephán biskup kom Hólmum í Reidarfyrdi undir sig oc Skál-

hollts kyrkju fyrir upphlaup nockurt; nádi þremr fiórdúngum, enn kyrkjann átti ádr einn í heimalandi. Reidarfell XXIII hundrud skipadi hann undir kyrkjuna at Húsafelli, til tyunda, lysitolla oc allra rentu æfinlega. Þat er nú eydiból. Hèllt þá Húsafell Snorri prestr Þorgilsson. Kyrkjubóli í Hvítársídu tólf hundrudum, kom hann undir Gilsbacka kyrkju med kaupi vid Þórd prest Jónsson á Gilsbacka fyrir XI hundrud af frídum peníngum kyrkjunnar. Lángadal hinn litla luku hönum til Martini kyrkju á Eyri í Alptafyrdi Þurídr húsfreya, laundóttir Biarnar hins ríka oc Þorvaldr Narfason sonr hennar í kyrkjureiknínga fyri sig oc foreldri sitt, oc gaf biskup þau qvitt þarfyrir. Þau missiri er Lienhardr var drepin, vígdi Stephán biskup í visitatiu sinni at Hvammi í Kiós, kyrkju med þeim máldaga, at hun skyldi eiga VI kúgildi, Hvammsey med öllum gögnum, oc skógartorfu í Skorradal er nærst liggr Reinivalla-skógi upp frá; hann vígdi þar oc Lúcas líkneski, oc gaf hverjum aflát í XL daga skriptborinna synda, þá þeir bera þad í *processionem*, edr í gagndögum; oc þeim er góda hluti kyrkiunni giöra, oc í hvert sinn sem þeir fremia góda giörnínga vid þá kyrkju. I hinni sömu ferd midvikudaginn fyrir Díonysii dag, stadfesti hann at Hytárdal skickunarbrèf Jens biskups um máldaga oc kyrkjusóknir í milli Krosshollts oc Akraakyrkju; var þá enn á lífi Sigurdr prestr Jónsson í Hytárdal, er Beigaldi var kalladr, bródir Páls oc Gudna, því þat segir sumstadar at hann hafi þá dæmt um hiónaband Dada Arasonar. Þá er gètit Benedicts Hersten hyrdstióra, oc þess at hann gaf Vígfus Erlendsson qvittann konungdómsins vegna um högg eda blak sem hann veitti Þórdi Bryniúlfssyni vid Kross-kyrkju í Landeyum. Geck dómr Einars ábóta at Þverá Benedictssonar, oc Nicolásar priórs, oc fleiri klerka, um ákæru Gottskálks biskups til Sigurdar bónda Dadasonar, at hann hèldi sydri Þverà í Vestrhópi er Einar Einarson hafdi partsett Olafi biskupi Rögnvaldssyni; dæmdist jördin Hóla kyrkju. VI prestadómr geck oc í Vidvík, af Eyríki presti Sumarlidasyni umbodsmanni Gottskálks biskups, um nockrar ákærur biskups. Magnús Jónsson fèck Gottskálki biskupi Sveinúngsvík í Þystilfyrdi fyrir kenslu sonar hans. Grímr bóndi Pálsson galdt Gottskálki biskupi XX hundrud í Reidarstödum í Urdasókn, enn Finnbogi lögmadr Asgeirsár í Vídidal oc Lækjamót, fyri tilkall í Lögmannshlid er biskup þóttist eiga.

Einar Oddsson nefndi XII menn í dóm at Vindhæli um umbodsfé, því hann hafdi þá Húnavatns syslu, þó sumir ætli at Jón Sigmundarson hafi einnin haft. Þá finnst oc at Biörn Gudnason hafi heitid Stepháni biskupi at skilja sig vid Vatnsfiörd, einnin er gètid þess um Gudna Jónsson födr Biarnar at hann hafi þá enn haft Isafiardarsyslu, oc hafa þeir fedgar þá haft hana bádir; nefndi Gudni VI menn í dóm um þrætu milli Jóns Dans oc Biarnar sonar síns, útaf nockru erfdafé Gudmundar ríka oc hans erfingia er Biörn vildi halda; dæmdu þeir Byrni féd, ef hann gæti synt at Biörn Þorleifsson ríki hefdi sókt þat at Gudmundi Arasyni med lögum oc dómum, enn ei gripdeildum. Fleiri er enn gètit giörnínga.

XII Cap. Dómar.

Eyríkr prestr Sumarlidason kalladi í þann tíma til arfs eptir Gudrúnu dóttr Sveins bródr síns oc Gudrídar dóttr Finnboga lögmanns, hafdi Finnbogi lögmadr þann arf at sèr tekid eptir lögbókinni, oc hinum sömu ástædum sem Grími Pálssyni var dæmdr Mödruvalla arfr, enn Eyríkr prestr hafdi fyrir sèr rèttarbót Há-
1503 konar konúngs, hina sömu sem þeir Erlendssynir. Stefndi Eyríkr prestr Finnboga í Vidvík utann til Noregs, fyrir erkibiskup í Þrándheimi, oc ríkisins rád, fyrir þat hann hèldi ódalsjördu sinni Grund í Eyafyrdi, oc þeim jördum er þar til heira er hann qvadst erft hafa eptir Svein bródir sinn, enn hann eptir Eyrík Loptsson födrfödr sinn, oc giördist af þessu yfing á Mödruvalla málum er sídar kom framm. Þá fóru fram dómar; einn Arnórs Finssonar á Ökrum er þá hafdi Myra syslu, um peninga sem öreigum eru bygdir án landsdrottins vilja; annar um hrossavyrdingu at Lambey at Vigfúsi Erlendssyni; hinn þridja lèt Finnbogi lögmadr dæma at Sveinstödum í Vatnsdal um fiórdúngsgiöf Þorbiargar Brandsdóttr, konu Asgríms Þorbiarnarsonar; oc hinn fiórda Biörn Gudnason at Eyri í Skutulsfyrdi um ábúd jardar. Telst þá sumstadar fyrst útgèfid syslubrèf hanns. Annan dóm dæmdi hann um þriár vættir smiörs er gripnar voru, oc hinn þridja um sekt á landskuldarhaldi. Þorvardr lögmadr Erlendsson lèt þá dæma á alþíngi um prestsvitni; annan dóm um höfudhögg at Borg í Grímsnesi; þridja um naudgun qvenna at Þíngskála í Rángár þíngi. Biörn Gudnason lèt enn dæma at Eyri í Skutulsfyrdi um landskuld af Kyrkjubóli.

Finnbogi lögmadr lèt enn dæma XII menn at Helgastödum í Reykjadal, at Torfi Finnbogason væri fridhelgr. oc af landi færandi, fyrir þat er hann hafdi vegid ófyrirsyniu Þórd Bryniúlfsson, voru Magnús Þorkèlsson í Skridu oc Einar Einarsson fyrstir dómsmanna, Ecki er fullvíst at Torfi sá væri sonr lögmanns er svo hèt. Jón Sigmundarson nefndi VI manna dóm at Sveinstödum í Vatnsdal, þeir dæmdu Asgeirsárnar oc Lækiamót oc fleiri jardir Finnboga lögmanni; voru þar vidridnir Narfi bóndi Sigurdarson, oc Sigurdr sonr hans, oc Teitr bóndi Þorleifsson Arnasonar Þorleifssonar úr Vatnsfyrdi, sá Teitr bió sidann í Glaumbæ. Þá fór oc framm med ödrum giörníngum vitnisburdr um heimreid Jóns Dans Bjarnarsonar á Reykhóla, oc gripdeildir þar giörvar, svo at Biörn Þorleifsson oc hans menn urdu at rída á braut í myrkri oc hríd undir nóttu. Gètid er oc þess í ödrum vitnisburdi at Torfi Jónsson í Klofa var þá dáin. Þann tíma dró Halldór ábóti Ormsson at Helgafelli undir klaustrid allann þann brygdarètt er Ormr Nicolásson þóttist hafa á Máfahlíd, Hollti oc Túngu. Oc nockru þar eptir fèck hann Höfda í Eyrarsveit, oc Húsavík í Steingrímsfyrdi til klaustrsins. Þau missiri lèt Jón Þorvaldsson 1504
ábóti vyrda allar jardir Þíngeyra klaustrs. Þá var sídann goldid Róma-fè fyrir aflát af Stepháni biskupi í hönd hyrdssiórans Kai von Ahlefeldt, þriár lestir fiska hálf fiórda vætt í hvert hundrad. Hyrdstjórinn gaf oc Byrni Þorleifssyni grid konúngsins vegna til nærsta alþíngs, fyrir þad er hann var med at vígi Páls Jónssonar; er at siá sem konúngsmenn hafi þad ei áfríad þegar í fyrstu. Gudni á Kyrkiubóli lèt þá enn dæma milli Jóns Murta Einarssonar oc Jóns Hallvardssonar, oc hafdi hann þá Stranda syslu. Enn Biörn sonr hans annann VI manna dóm um tyundarhald Einars Sveinssonar, oc annan um ólöglega ábúd Thómasar á Kyrkiubóli í Skutulsfyrdi. Finnbogi lögmadr nefndi XII menn á alþíngi, er stadfestu þá dóma er fyri áqvádu hönum Lækjamót oc þær jardir. Þá fór oc framm vitni um Einar Einarsson, hafdi Einar Oddsson á Skardi í Lángadal átt tvo sonu med Asu Egilsdóttr konu sinni, Einar oc Jón er sidar mun gètit, var þad vitnad um Einar at hann hefdi slegid Einar Oddsson födr sinn tvö eda þriú högg liggiandi í sænginni, oc hrækt í andlit hönum, oc sættist ei vid hann þadann í frá; lísti þá oc Einar Oddsson því yfir, at hann

hefdi aldrei gèfid hönum Arnbiargarlæk, nema hann færi at sínum rádum. Gètid er oc margra jardarkaupa Gottskálks biskups oc þá enn Nicolásar príórs Þormódssonar, vid dóma oc giörnínga.

XIII Cap. Frá Gottskálki biskupi oc Jóni Sigmundarsýni.

Þessunærst hóf Gottskálk biskup ákærur sínar um hiúskap Jóns Sigmúndarsonar oc Biargar Þorvaldsdóttr. Var sú ætt Jóns sem mönnum var kunnug, Solveig módir hans Þorleifsdóttir oc Vatnsfiardar Kristínar, Biarnardóttr Jórsalafara, Einarssonar oc Grundar Helgu, Var Jón fimti madr frá Einari oc Helgu; enn Gottskálk biskup taldi þá ætt Biargar, at Jón Búland födrfadir hennar hefdi átt þá módr er Ingigèrdr hèt, oc sú hefdi verit dóttir Einars oc Helgu, enn systir Biarnar Jórsalafara; enn Ingigèrdr þessi reindist þó sídar at hafa verid Þorsteinsdóttir Kalladi Gottskálk biskup þetta fiórmennings meinbugi, oc dæmdi med XII presta dómi sundrskilid hiónaband þeirra Jóns oc Biargar; enn fyri slíka ofdyrfd í móti páfans hans heilagasta födrs leifi, dæmdi hann af Jóni sektagiald III hundrada eda meira, enn hann fallinn i bann, oc skyldugann at taka lausn oc skript af biskupi siálfum heima á Hólum; hefir svo sagt Gudbrandr biskup dóttrsonr Jóns, at hann hafi eydsform þad fundid í brèfabók Gottskálks biskups, er Jóni var stìlad undir lausnina, oc var þannig: til þess leggr þú hönd á helga bók o. s. fr. v. at þú skalt svo hèdann í frá skilinn vera at fèlagi oc líkhams losta vid þá konu Biörgu Þorvaldsdttr, oc ei skaltu at bordi vera med henni edr innhysis um nótt, eda í nockrum grunsemdarstad. Ei skaltu tala vid hana nema í opinberum stödum at vitnum nærverendum, áheyrendum oc ásiáendum verk oc ord yckar; sè svo Gud þèr hollr ef þú heldr þetta, enn gramr ef þú lygr. Þessu hlyddi Jón Sigmundarson ecki, oc var bannsúnginn af biskupi, stód svo í því um hríd, því at Jón var vitr madr, audugr oc kappsfullr, oc at því skapi um annad atgiörvi; qvedr svo at hönum í þeirrar aldar sögnum: Jón bar jafnan í pússi sínum bylæti hinnar helgu frúar Maríu, oc þótt hann væri ásóktr, vard hönum ei fyrirkomid, því hin heilaga mær oc Michael studdu; hann gaf kyrkium VI hundrud ann þad er satt at seigia um Jón, at hann hafdi þeckíngu betri

enn margir adrir í þann tíma á rèttri trú, enn þótt audveldlega megi hann hafa reidt sig á nockud slíkt at aldar sidnum, hellst fyrri hlut hans æfi. Þá hèlldt Gottskálk hiskup prestastefnu at Vídivöllum á Hallvardsmessu siálfa, oc útnefndi dóm um Skeggiastadi á Ströndum (vid Lánganes) er Kristín Jörundardóttir hafdi gèfid í fiórdúngsgiöf sína Jóni diákni kölludum Priórsbródr, enn Stephán biskup í Skálholti hèldt þá jörd, oc kalladi at Jón diákn hefdi gèfid hana fyrir beneficium undir Skálholts kyrkiu; lysti Gottskálk biskup fyri þessum dómi, at hinn sami Jón hefdi goldid Hólakyrkju oc sèr jördina Skeggiastadi, í sektir er hann var Hólakyrkiu skyldugr, fyrir hórdóma, frændsemis oc mægdaspiöll, þar med tvíqvæntr oc hlaupid svo frá Hóla biskupsdæmi ordlofslaust, án lausnar, skriptar oc yfirbótar, hvar fyrir hann mætti hverki vígslur taka nè Vótum segia í nockru biskupsdæmi án ordlofs Hólabiskups, dæmdu prestar at jördinn Skeggiastadir væri oc heldi verid eign Hólakyrkiu oc Gottskálks biskups, í þeirra skuld oc reikníngskap, at þartil leiddum lögligum vitnum. Samt hèlldt Stephán biskup Skeggiastödum, oc eptir hans kaupi eignudu Skálhollts biskupar siö hluti lands Skálhollts kyrkiu, enn hinn áttunda Skeggiastada kyrkiu, var sá stadr sídann allr lagdr til prestunum. Þá giördi oc Stephán biskup skilmála med þeim Einari Þórólfssyni á Hofstödum, er kalladr hefir verid hyrdstjóri, því hann var umbodsmadr hyrdstjóra, oc Vígfúsi Þórdarsyni á Borg, er kalladr var ríki Fúsi.

XIV Cap. Frá vígum oc ödru.

Þat sumar visíteradi Stephán biskup Ögrs kyrkiu í Isafyrdi. Þá vard víg sydra. Hans Ethen madr hyrdstiórans frá Bessastödum þískr, veitti Arna Eyrikssyni ákomr nockrar, hann var brædrúngr vid Teit hinn ríka Þorleifsson er sídan bió í Glaumbæ; reiddist Arni um sídir, oc vo hann, urdu bætr hægar fyrir naudveriusakir, oc svo fyrir þá sök at sá var eigi Dana-konúngs landa madr er veginn var, enn þó nockrar, er hann var madr hyrdstiórans; dæmdi Þorvardr lögmadr Erlendsson um málid, enn um útlegd Arna var dæmt til alþíngis fyrir Finnboga lögmann. Þorvardr dæmdi at Varmá med VI mönnum um slíkt mál. Þá gaf

Hans konúngr Vígfúsi Erlendssyni frid fyrir þad er hann handhjó Hall Brandsson, þat verk eigna ættatölu menn órèttilega Hólmfrídi systr hans. Oc svo Byrni Þorleifssyni full grid fyrir þat er hann hafdi verid med Eyríki Halldórssyni í atför vid Pál Jónsson er hann var veginn á Ö.dverdri-eyri. Enn Biörn pantsetti Hannesi Kruko oc Sunnivu húsfrú hans í Noregi jardir sínar á ströndum, því hönum þótti vansèd hann hèlldi þeim fyrir Byrni Gudnasyni, fyrir sex hundrud gyllini. Gottskálk biskup giördi þá mörg jardakaup. Enn eptir um sumarid var þat dómr Finnboga lögmanns á alþíngi, oc hans dómsmanna, um mál Arna Eyríkssonar, at Arni skyldi hafa fiórdúngs útlegd; segia menn hann hafi hlotid at bæta fimtán hundrudum, oc IX merkr konúngi í þegngyldi, enn þó ráku hyrdstjórarnir hann sídann af eignar jördu hans Sudr-Reykjum, oc fór hann miög á hrakníng. Þorvardr lögmadur dæmdi á því alþíngi um víg útlendsks manns med XII mönnum, enn Vígfús bródir hans einnin med XII mönnum at Vogi í Kialarnessþíngi skóbotadóm. Er sínt at landsmenn vildu færa slík mál sem Arna var til líkinda, enn hyrdstiórar beittu kappi oc óvild, því at nidjar Arna guldu einnin hiá þeim. Var margt í þann tíma öfugt í landi hèr oc helldr agasamt. Þá giördist Þorvardr áboti á Skriduklaustri.

XV Cap. Frá ímsum málum.

Nú taka sig samann Erlendssynir Þorvardr oc Vígfús, oc Eyríkprestr Sumarlidason, til at fá samþycki Dana-konúngs uppá rèttarr bót Hákonar konúngs, oc fóru utann, oc fengu þat er þeir beiddust af Kristiáni syni Hans konúngs seinna. Finnbogi lögmadr hafdi þá enn Þíngeyar-þíng, oc nefndi XII menn í dóm at Grítubacka á löglegu örvar þíng, um víglysíngu Bessa Þorlákssonar, er vegid hafdi Hall Magnússon ófyrirsyniu, at því er þeir kölludu; seldi Magnús fadir Halls Bessa grid, oc var hann dæmdr feriandi á konúngs nádir. Þá fór fram vitnisburdr Gudna Jónssonar, Þórólfs Ögmundarsonar, Trístrams Búasonar, oc fleirri manna er fylgdu Byrni Gudnasyni, um þad at Biörn hefdi stadid herra Grími Þorsteinssyni, umbodsmanni oc Officiali heilagrar Skálhollts kyrkju reikníng af portión oc *mortalia* á Vatnsfyrdi

um XX vetr oc hundrad, enn þar eptir hefdi Stephán biskup tekid af Byrni stadinn lagalaust, med ofríki, enn sett Biörn í forbod, oc allt hans fólk út af kyrkiu, svo Biörn hlaut at gánga frá Vatnsfyrdi. Þorsteinn Finnbogason ákærdi Teit Þorleifsson, í umbodi Finnboga lögmanns födr síns, um penínga er Eyríkur Loptsson oc Biarni Ivarsson bóndi Sophíu Loptsdóttr, höfdu átt; qvad Þorleif Arnason födr Teits hafa flutt þá frá Grund í engu frelsi, enn þeir hefdi heyrt til Sveini Sumarlidasyni, oc hans erfíngia Finnboga lögmanni. Einnin at Teitr hefdi setid á þridjúngi af Asgeirsám oc Lækjamóti; geck um þad dómr, oc var Magnús Þorkèlsson í Skridu fyrstr dómsmanna. Nicolás príór oc XI prestar dœmdu um ákæru Gottskálks biskups til Páls Þorólfssonar um VI málnytu kúgildi. Gottskálk biskup skipadi Sigmund prest Gudmundarson fyrir þíngaprest til VII kyrkna um allan Axarfiörd. Enn giörníngar urdu ímsir. Um vetrinn stefndi Gottskálk Biörgu
Þorvalldsdóttr fyrir sinn dóm heim til Hóla, at taka lausn oc 1507
skriptir, fyrir þat hún hafi vísvitandi bundid hiónaband vid Jón Sigmundarson í fiórmenníngs meinum, enn komi hún ecki um fiórtán daga at heyrdri stefnunni, segist hann muni forboda hana oc bannsetja. Biörg kom eptir stefnunni, oc dæmdi biskup med dómsprestum sínum, fimtudaginn eptir Geisladag, af henni sektir þessar; fyrst fyrir ólöglegann hiúskapar giörníng med Jóni Sigmundarsyni XV merkr Hóla dómkyrkiu í fullrètti. Adrar XV merkr fyrir fyrstu barneign í þeim meinum; fyrir adra barneign í þeim sömu meinum XXX merkr, oc fyrir hina þridju LX merkr, fyrir þiónustutekjur sidann þau bundu þann hiúskap, enn þat voru tyu ár, þrir merkr í hvert sinn, urdu þat XXX merkr; fyrir hvert XVI daga hald, sem hún hefir í kyrkiu gengid XII merkur í tyu ár. Fyrir sunnudaga oc allar postulamessr oc adra helga daga í tyu ár, VI aura. Fyrir hvern einn helgann dag þau tyu ár, þriá aura. Fyrir líkhamlegar samvistir vid Jón Sigmundarson, at sverja siöttareyd, sídan skilnadardómr gèck um hiúskap þeirra, edr gialda Hóla kyrkju LX merkr. Fyrir svefn oc samvistir vid Jón, at sveria siöttareyd, eda gjalda biskupi oc Hóla kyrkiu LX merkr; skyldi þessi sakeyrir allr goldinn at nærstu fardögum. Jón lèt sig ei med öllu beigia af slíku; var hann lagamadr mikill oc stórhuga, sem módrfrændr hans Vatnsfiardarmenn, fór hann utann um sumarid, oc verdr seinna frásagt hversu

hönnum vegnadi. Þau missiri seldi Sveinn Þorfinnsson Gottskálki biskupi jördína ytsta Gil í Lángadal, fyrir þad er biskup veitti stadinn Vestrhópshóla til halds oc medferdar, vegna Jóns sonar hans, sem þann stad skal hafa til æfinlegrar eignar, þega hann verdr prestvígdr, skal biskup læra sveininn til prests, oc láta hann hafa at stadarins eign hempu efni oc brókar efni árlega, til þess hann vígist. Skal Sveinn halda alla stadarins pen nga til medferdar oc ábyrgdar, þartil er hann afhendir hann aptr, oc eckert eptir gialda, nema biskups gistíngu eda útlausn, þá hann rídr.

XVI Cap. Utkoma Erlendssona; lofun Biarnar Gudnasonar.

Um sumarid kom út Þorvardr Lögmadr Erlendsson, oc Vígfús bródir hans, hann hafdi fengid hyrdstjórn, oc bió eptir þad á Hlídarenda, oc Eyríkr prestr Sumarlidason, oc höfdu þeir samþycki Christiáns konúngs únga, er þá hafdi nockrn hlut í ríki med Hans konúngi födr sínum, oc hèldt Noreg, oc nefnist Christián annar, uppá rèttarbót Hákonar konúngs, at hún skyldi gylda hèr í landi fyrir lög, í slíkum tilfellum sem í Mödruvalla málum; sneri þá miög um fyri Grími Pálssyni oc Finnboga lögmanni. Vígfús veitti Þorsteini syni Finnboga lögmanns þó Vadlasyslu milli Vargár oc Ulfdala fialla, enn Jón Asgrimsson var þar umbodsmadr ádr oc svo sídann, son Asgríms Þorkèlssonar prests Gudbiartssonar, oc bródrson Magnúsar í Skridu. Framm fór vitnisburdr Sniólfs Hrafnssonar oc Sigurdar Dadasonar, at Hrafn lögmadr Brandsson hefdi úrskurdar ættleidíngu Stephâns Loptssonar löglega, at Leidarhólmi, þar þóttist Jón Sigmundarson hafa nockurt tilkall í móti. Biörn Gudnason oc Ragnhildr Biarnadóttir kona hans giördu helmínga fèlag. Gipti oc Biörn Gudrúnu dóttr sína Biarna Andressyni, bródr Gudmundar oc Ara, enn kaupmálagiörníng samþyktu þeir Ari oc Biarni oc Andres Gudmundarson fadir þeirra. Pètr bóndi Loptsson seldi Gottskálki biskupi Biarnahöfn. Biskup lèt oc dæma um ákæru sína til Höskuldar Runólfssonar um tyundarhald, þar var fyrstr dómenda Nicolás priór. Giörnínga er nockurra gètid. Um þær mundir fylgdi Stephán biskup því fram sem fyrr segir, at Vatnsfiördr væri Ben-

eficium, oc nytti sèr svo deilu þeirra Biarnar Þorleifssonar oc Biarnar Gudnasonar, sleppti þá Biörn Þorleifson eptir þad tilkalli sínu, enn eigi Biörn Gudnason, hann vildi enga halda dóma Stephâns biskups um arf Sólveigar Biarnardóttr. Giördi hann þá af nyu heimreidir í Vatnsfiörd oc fiár upptektir, oc jókst af því fullkominn óþocki med biskupi oc hönum; þó geck Biörn at því svostöddu til hlídni vid biskup, er vidskipti hördnudu med þeim, svo at hann kom í Skálhollt, oc hèt þar biskupi, í vidrvist Arna 1508
ábóta í Videy oc Einars prests Ingimundarsonar Officialis er ádr hèllt Steinshollt, oc annara, oc vann þar at bókareyd, at láta kyrkiur á Vatnsfyrdi oc Adalvík fá aptr alla þá penínga, er þær höfdu mist at hans forlagi, rádum oc dádum, edr hans manna, oc at stadrin oc kyrkjann í Vatnsfyrdi skyldi halda öllum sínum peníngum fyrir hönum. Þar med sór hann at vera biskupi til gagns oc góda oc hans klerkum, oc giöra þará ofan bót oc betran med skriptum oc fèsektum, eptir því sem biskup hönum tilsagdi. Oc med sama skilyrdi vann Þorólfr Ögmundarson er þar var einnin kominn, biskupi eyda undir eins, at hann skyldi eptir fremsta megni stoda oc styrkja til þess, at bádar þessar kyrkjur fengi aptr alla penínga, er þær höfdu mista, fyrir hans stod oc fylgi, fyrst vid Gudna Jónsson (er þá var fyri skömmu andadr, sem siá má af dómi þeim er geck í Önundarfyrdi laugardaginn fyrir kyndilmessu, um giafir hans) oc sídann vid Biörn son hans; oc hefir þá forbod legit vid bord fyrir þeim Byrni oc Þórólfi; enn heit Biarnar efndust ecki, sem enn mun sagt verda. Skipadi þá Stephán biskup í Vatnsfiörd, Jón prest Eyríksson Sumarlidasonar oc Emerentianu Þorleifsdóttr, bródr Þorleifs prests at Breidabólstad oc Sæmundar í Asi í Holltum, oc setti hann Officialem yfir Vestfiördu.

XVII Cap. Frá ímsu.

Agnes ábbadys á Reinistad, er þar hafdi rádid fyrir um XL vetr, hafdi þá andast fyrir einu ári. Enn á nyársdag hafdi þángad vígd verid systir Sólveig Ráfnsdóttir lögmanns. Þá kom Háey undir Helgafell. Jón Arason hafdi tekid allar klerkavígslur úngr sem tídt var, enn vígdist nú til prests at Helgastödum, oc tók sèr

til lags Helgu Sigurdardóttir Barna-Sveinbjarnarsonar prests frá Múla, oc hèldt sídann alla stund sem eginkonu sína. Þá hafdi syslu í Borgarfyrdi sunnan Hvítá, eda milli Hvítár oc Botnsár, Hákon á Fitjum Biörgólfsson Þorkèllssonar vellings; þá syslu höfdu þeir fedgar haft fyrir hann, lèt hann þá dóm gánga um afrètt í Skorradal. Þá er í giörníngum gètid Sturlu Magnússonar, oc þess er húsfrú Christín Sumarlidadóttir oc Biörn Gudnason lögdu fè Jóns Dans Biarnarsonar til helmínga med sèr Einnin um afgreidíngu Biarnar Þorleifssonar á peníngum til Hannesar Kruko, í hönd Pètri presti Pálssyni, oc svo vitnisburdi um útgiöld Biarnar til Gudna Jónssonar, fyrir þat er hann var í atför vid Pál Jónsson med Eyríki Halldórssyni. Fastnadi Biörn þá Ingibiörgu Pálsdóttr á nyan leik, at forlagi oc med rád Stephâns biskups. Magnús Hallsson qvittadi Bessa Þorláksson um vígsbætr eptir Hall son sínn, oc handabandadi þat Sæmundi Simonarsyni, er enn mun verda gètit vid. Stephân biskup hafdi visíterad um sumarid, oc komit á Eyri í Arnarfiörd ádr Jón Danr andadist, hann bió þar, oc Christín kona hans Sumarlidadóttir Loptssonar, þau áttu eigi börn. Hèt Jón at gèfa Rafnseyri fyri Beneficium af umtölum biskups, enn Christín hèt því er Jón var daudr oc laungu sídar, oc giördi þat, gaf hana Gudi, júngfrú Mariu oc St. Pètri æfinlega, oc þarmed XX málnytu kúgildi, VI hesta, tvö skip alfær, med rá oc reida. Svo er sagt þar sem þeta er upptalid, at Jón hafi lifad sex vetr eptir giöfina, enn Christín IX oc er þá annadhvert villt andláts ár Jóns, edr ártal giafarinnar. Ögmundr prestr Pálsson hafdi opt verit í förum oc farid med skip Stephâns biskups; hann hèldt þá Breidabólstad í Fliótshlíd, oc keypti Ey í Breidabólstadar sókn sunnudaginn fyrir Olafsmessu fyrri, í Einarshöfn á Eyrarbacka fyrir XXI hundrad í þarflegum aurum, af Magnusi Magnússyni, skyldi Magnús hafa skip friálst med Ögmundi presti til Noregs oc aptr til Islands, oc mat oc dryck til oc frá, oc svo medann hann væri í Noregi, ef þeir hefdi herbergi hver svo nærr ödrum. Vor þetta hid aflidna var hardt til matfánga med almenníngi, enn fuglanet var uppspennt oc stód í stilli á páskum. Enn á páskadag siálfann var Ögmundi presti sagt til at fuglinn væri kominn í látrid. Prestr bannadi ad slá hann, sagdi at þá væri lífgunardagr enn ei dauda. Kyr var yxna í fiósi, hún sleit sig upp, oc hlióp út, híngad oc þángad um

grundirnar, oc snerti med rætinum net-togid; hlióp þá upp netstaunginn, svo netid slóst yfir fuglinn, nær þriú hundrud at tölu; var hann þá tekinn at bodi prests oc borinn inní stofu, oc geimdr framm yfir middegi á mánudaginn, enn sídann sleginn oc skiptr medal fólksins; var þat ordtak eptir Ögmundi presti sídann, at þá skal taka gæs er hún gèfst, qvad hann slíkt vera jardtikn af Gudi at biarga mönnum svo furdanlega. Margásir koma iafnan á vorum í stórhópum, af hafi á land eystra, oc eru þá miög spakar nockra daga, sem þreyttar sèu af laungu flugi, oc þá vorkuldar eru oc gnædíngar, knappast þær miög þètt vid vötn eda vermsli, oc er þá audveldast at spreita yfir þær neti, ef lagt væri til stillis. Ögmundr hafdi þá prestr verid IX vetr, hann var vel til aldrs kominn, mikilmenni oc stórlyndr. Þórólfr Ögmundarson, módrbródir hans, sættistt þad sumar vid Stephán biskup, sem fyrr segir.

XVIII Cap. Yfirgángr Erlendssona.

Nú átti Grímr Pálsson á Mödruvöllum miög vid ramman reip at draga, er óvildarmenn hans þeir Erlendssynir voru svo mikils rádandi; Þorvardr lögmadr, enn Vigfús hyrdstióri yfir land allt. Þorvardr hafdi útnefnt hèradsdóm at Vatnsleysu í Biskupstúngum fyrri um verid, oc aptr á alþíngi um sumarid tylftardóm; var Grímr Pálsson þar eptir rèttarbót Hákonar konúngs dæmdr skyldugr, undir óbótamál, at afhenda þeim brædrum Erlendssonum, oc systr þeirra Hólmfrídi, allar þær jardir er hann hefdi at ólögum at sèr tekid vegna sona sinna, eptir Ingibiörgu Þorvardsdóttr, þá þegar innan XIV nátta at heyrdum dóminum oc konúngsbrèfinu; var Einar Ejólfsson í Dal fyri hönd Hólmfrídar konu sinnar. Enn med því at Grímr hafdi fyrir sèr ádrgreinda hyrdstióra oc lögmannsdóma, oc úrskurdi, vildi hann ei í fyrstu sleppa fènu; ridu þeir brædr um sumarid nordr til Hóla, oc vingudust vid Gottskálk biskup, þadan ridu þeir í Eyafiörd, oc var mikil málasókn med Grími oc þeim um haustid, med kröfum, dómum oc fiár adtektum; lá vid heimreidum, oc annari stórræda tiltekiu, því Grímr vard eigi linhlaupa; lysti þá hyrdstiórinn Víg-

fús Grím oc hans fylgiara fallna í óbótamál oc konúngsbrèfa brot, enn Þorvardr efldi sig at mægdum vid Gottskálk biskup, oc fèck Christínar dóttr hans, var þeirra brúdkaup haldid med mikilli rausn at Hólum, sunnudaginn eptir Ægidíus messu, oc voru CCC bodsmenn, taldi Þorvardr sèr X hundrud hundrada, hálft í jördum, enn hálft í lausafè, kúgildum, silfri oc ófrídum peníngum, enn henni voru talinn V hundrud hundrada, þriú í jördum, enn tvö í lausafè. gaf Þorvardr í tilgiöf LX hundrud, oc var tilnefndr Innrihólmr á Akranesi eda Saurbær á Kialarnesi, hvert er hún vildi heldr; í beckjargiöf gaf Þorvardr diásn gyllt af silfri er vog fiórar merkr; kiöri biskup dóttr sína helmíngakonu í gard Þorvards lögmanns, var á þeirra brúdkaupsdegi vígdr Helgi Sigurdarson til ábóta at Þíngeyrum. Þau voru systkin Christínar, börn Gottskálks biskups, Oddr hinn spaki oc Gudrún, enn Valgèrdr hèt módir þeirra, medhiálp Gottskálks biskups, dóttir Jóns á Mannskadahóli, kom nú svo um sídir med fylgi Gottskálks biskups, er Þorvardr vildi ei annad heira, enn ad öll jardarskipti þeirra Gríms hin fyrri væri ógyld, oc at hann hefdi lög ad mæla, enn Vigfús hafdi lyst stórmælum, oc biskup veitti þeim brædrum, at Grímr hlaut undan at láta, oc gánga at þeim sáttum er biskup bar á milli þeirra, at Miklagardi í Eyafyrdi föstudaginn fyrstann í vetri; skyldi Grímr oc hans landseter med frelsi nióta ábúdar oc forverks síns til nærstu fardaga, oc gialda Erlendssonum fullar landskuldir, oc tregdulaust gánga af öllum þessum eignum, enn hyrdstiórinn gaf upp óbótamálinn oc konúngsbrèfabrotid, skyldi allr hugmódr nidrfalla á bádar sídr, oc urdu þau málalok at sinni. Þann tíma lèt Gottskálk biskup gánga dóm at Eyrarlandi um lambarekstr á Bleiksmyrardal; enn Einar Oddsson syslumadr í Húnavatns þíngi at Svínavatni um dómrof.

XIX Cap. Frá Jóni Sigmundarsyni, oc dómi Jóns Arasonar.

Jafnframt þessu var Jón Sigmundarson utan, oc í Noregi, oc kærdi fyrir Christíanni konúngssyni, er þá var þar af hendi Hans konúngs födr síns, oc fyri Gauta erkibiskupi í Nidarósi, þat at Gottskálk biskup hefdi kúgad af sèr med ófríki oc ofbeldi mikid

fè, bannsúngid sig, oc skilid vid eginkonu sína, feck hann þar uppá brèf erkibiskups; umbaud hann þarí Stepháni Jónssyni í Skálhollti, Halldóri ábóta at Helgafèlli, oc Narfa ábóta er vard adstod- 1509
armadr hans, at þeir tæki med sèr ábóta, kyrkjunnar prælàta, oc hina vitrustu menn, stefni fyrir þá Gottskálki biskupi oc Jóni Sigmundarsyni, oc skilji þá at med dómi, enn láti Jón fá aptr konu sína ef þat reinist at þau hafi verid ránglega skilinn. Þarmed er þat rádandi, at Jón hafi í þær mundir fèngid lögmannsdæmi undann Finnboga, því hann var miög afflutr ádr vid kongsson af Eyríki presti Sumarlidasyni; enn litlu rèdi Jón sem ádr í lögsögninni, fyrir sakir bannfæríngar Gottskálks biskups, oc lèt Finnbogi dóma gánga sem fyrri; enn í málum Jóns dæmdi Stephán biskup oc dómsmenn hans alla dóma Gottskálks biskups mynduga oc stadfesta, svo Jón feck ecki vidrèttíngu, oc þó hyggia vitrir menn at þeir hafi dæmt eptir gögnum þeim er þá komu fyrir; fór Jón vid þat utann aptr. Um þær mundir fór oc Þorvardr lögmadr Erlendsson utann, hann átti gard í Noregi. Þá kom Stórahraun oc Fáskrúdarbacki undir Helgafells klaustr, oc Halldór ábóti Ormsson lèt af ábótadæmi í þann tíma, var hann gamall miög. Katrín, hèt dóttir hans, systir Eyríks á Alptanesi, hún var vel at sèr, oc er frá henni ætt kominn allmikil. Þat sumar fór Jón prestr Arason til Hrafnagils í Eyafyrdi, oc var hann þí hálf-þrítugr; þar var hann prestr nockra hríd, hafdi þriár kyrkiur, oc var prófastr í Vadlaþíngi, oc dómandi milli Vargár oc Glerár; hann lèt dóm gánga at Hrafnagili, föstudaginn nærstann eptir kyndilmessu; oc ef sú árstala dómsins er rèttari, hefir hann komid þar vetri yngri enn segir; var hann siálfr stefnandi, sækjandi oc dómandi í móti Thómasi Hiálmssyni, oc gaf honum þad at sök: fyrst at hann hefdi ecki giört lagabrúdkaup til Helgu Þorvardsdóttr, enn haldid hana sem löglega eginkonu sína í XX ár eda lengr; dæmdi hann því Thómas skyldugann at gialda XII aura fyrir hvert ár sídann hann giördi þat hiónaband, nema hann leiddi til tvö lögleg vitni innan XIV nátta, at hann hafi sitt brúdkaup löglega giört, edr synji med siettar eydi at hann hafi þarum ámyntr verid af kyrkjunnar valdsmanni; í annan máta hafi Thómas ecki rètt goldid biskups tyund sína um III ár, oc fyri því dæmist hann sekr eptir Christin-rètti; hid

þridja at hann hafi ei viljad lesa christileg frædi sín fyri Jóni presti, þá hann þess beiddi oc krafdi, fyrir þad skyldi hann gialda VI aura fyrir sig, oc VI aura fyrir sèrhvern hinna, oc skyldugr at lesa frædinn innan siö nátta fyrir Jóni presti, oc taka lausn oc skript fyrir sèrhveria þessa sök; enn fyrir kyrkiugaungr oc þiónustutekjur er Thómas hefir haft í slíkum lögbrotum, dæmdi hann undir biskups úrskurd; er nú eigi gètid Jóns prests Arasonar lánga hríd hèr eptir, enn böru tóku þau Helga at gèta sín á milli; voru þessi er fulltída urdu: Ari, Magnús, Biörn, Sigurdr, Helga, Þorunn, oc verdr þeirra allra nockud vidgètid sídar.

XX Cap. Hark á Breidabòlstad.

Þetta sumar er nú var gètid, reid umbodsmadr eda forrádamadr frá Bessastödum um austr sveitir, vid siöunda mann; fundu þeir fylgiarar hans húskarla Ögmundar prests nálægt Breidabólstad, á hálsi þeim er þar er; bar þeim til vid þá svo þeir slóu þá oc hröktu heim at bænum, oc innad kirldyrum á stadnum; þar dyrfdust heimamenn oc tóku til varnar, oc ráku hina, enn einn eda tveir fèllu; sá hèt Jón Bagge norskr madr, er særdr var undir herdarbladid til ólífis. Ecki baud Ögmundr prestr slíkt, enn þó galdt hann þess sídar, enn Vigfus Erlendsson á Hlídarenda græddi hinn sára mann.

XXI Cap. Frá ímsu.

1510 Nú leid svo af hinn nærsti vetr, enn tveim nóttum fyrir krossmessu um vorid, lèt Stephán biskup XII presta dóm gánga um heytolla, sem standa skyldi manna á milli, um aldr oc æfi; at hver sá madr er hefdi bú oc grasnyt skyldi gialda þíngatoll, sem er lamb at fódra, edr adra fèmuni þí sem í fullum aurum stædi, þeim sem taka ætti edr hans umbodsmanni, enn þeir sem ei vildi gialda, oc hèldu í þriótsku, skyldu tvígialda, oc sekir þrem aurum. Þar undir voru fyrstir ritadir Ögmundr prestr Pálsson, oc Halldór Tyrfingsson, oc en fleiri, oc svo nockrir lögrèttumenn, var Runólfr Höskuldsson einn þeirra; hefir hann þá verid úr umdæmi Gottskálks biskups, ef sá er hinn sami oc fyrr er gètid.

Þau missiri galdt Jón Jónsson Gottskálki biskupi Vindheima oc Ás í Bægisár sókn, oc Hóla í Yxnadal, fyrir brot med Rögnu Finnbogadóttr. Framfór á alþíngi vitnisburdr VI manna at forlagi Biarnar Gudnasonar, um skilríki hans fyrir arfi eptir Gudna oc Jón Dan; enn Finnbogi lögmadr var ei þar, þá er sá vitnisburdr fór fram; baud því Biörn málid undir nefnd Vígfúsar hyrdstjóra, enn hann neitadi. Jón Sigmundarson var þá lögmadr, reid vestur, oc nefndi tólf menn í dóm, oc dæmdu þeir brèf Biarnar gyld. Jón lèt oc tolf manna dóm gánga á alþíngi, um helmíngafèlag Sveins Sumarlidasonar oc Gudrídar Finnbogadóttr. Þá er þó talid í árbókum at Finnbogi lögmadr oc Þorvardr lögmadr Erlendsson edr hans umbodsmadr hafi látid dóm gánga á alþíngi um knífaskurd þann er margir menn höfdu þá um tíma med skèmdir verid, at þeir sem slíkt giördi væri sekir sem sá er legdi med knífi. Einar ábóti at Þverá, oc Jón ábóti at Þíngeyrum, oc fleiri klerkar, dæmdu á presta stefnu at Vídivöllum giöf Gottskálks biskups lögmæta til Christínar dóttr sínnar. Þá var eldgángr mikill í Héklu fialli, oc bar þá svo til at í Mörk á Landi var þá Eysteinn Brandsson hinn sterki, oc átti konu oc barn, oc vard at flía þadann, oc annar madr med hönum; þeir lömdust af eldi oc grióti, oc dó fylgdarmadr Eysteins, enn hann kom konunni undir melbacka, oc breiddi á hana föt oc þófa, svo hún hèldt lífi, oc fór siálfr med barnid; komst hann til bæa miög lerkadr oc barinn, enn vard þó heill, oc er þad allfrægt ordid. Jóhannes Krabbe giördist í þann tíma erkibiskup í Nidarósi. Enn eldgángr sá er þá var, er sagt hafi svo mikill ordid, at þá hann kom upp ætludu menn hús oc bæir mundu hrynja vid dynk þann er vard, oc var lopt allt sem glóandi at siá af eldflugum oc steinum brennandi, er margir komu fiærri nidr. Þará eptir giördi bólusótt 1511
mikla, svo at fiöldi manna dó, leitugir oc yngri; er sagt at fyrir nordann dæi fiögr hundrud, oc fengist ei konr til at miallta penníng, svo hann geck baulandi, enn saudir hlupu til fialla: hefir þat svo miög valdid, at slíku sá svo mikinn stad, at mannfátt hefir verid ádr sídann, pláguna þá fyrir XVI árum einum.

XXII Cap. Frá Jòni, Byrni oc ödru.

Jón Sigmundarson hèlldz lítt vid í nordrlandi fyrir ríki Gottskálks

biskups, þótt hann hefdi lögsögn fengid, hann var oc í óþocka vid Stephán biskup, oc jafnvel banni, fór hann því á Vestfiördu til Biarnar Gudnasonar frænda síns, oc hèlldt sig þar í skióli hans; kærdi Biörn Þorleifsson til hans, at hann hefdi bædi verid med Byrni Gudnasyni oc Jóni Dan Biarnarsyni, í heimreidum sumum á garda sína, oc fiár upptektum, ádr, oc svo dæmt marga dóma á móti sèr í þeim málum, oc í vil vid Biörn Gudnason, oc hafi þeir þannig styrkt hver annan, Jón Biörn med dómum sínum oc úrskurdum, enn Biörn hann aptr med ríki sínu oc hlífdarskióli; hèlldu þeir þannin samann um stund; enn þó Gottskálk biskup bodadi Jón opt á sinn fund, eda stefndi hönum nordr til Hóla, at taka lausn oc skriptir, hellst á öskudag eda skyrdag, því hann hèldt hann vera í hinu hærsta páfabanni, þá lèt Jón sem hann vildi koma oc sættast, enn kom þó ecki, því hönum var alkunnugt hversu at Olafr biskup fór vid Hvassafells Biarna, oc adra menn er hann hafdi fyri sökum, oc vænti sèr hins sama af Gottskálki biskupi. Þá er vidgètit giörnínga Einars Þorólfssonar á Hofstödum, hann hafdi haft hyrdstióra umbod at því er menn hyggia, nærst eptir Didrik Piníng oc Þorleif Biarnarson, oc í því skyni qvittadi hann nú Biörn Þorleifsson fyrir skreidargiald nockut af fødr hans til Didriks Pinings; enn svo er at heira sem Hans Rantzow hafi verid hyrdstióri hin nærstu miss.ri ádr hèr var komid. Þá útnefndi Grímr bóndi Pálsson um vorid, mánadaginn eptir Hallvardsmessu, VI manna dóm ad Helgastödum í Reykjadal, um ákæru Pèturs Thómassonar til Kolbeins Halldórssonar, á XII fullrèttisordum, oc sex hálfrèttis, oc um grip Pèturs á hesti fyrir Kolbeini. Var Magnús Þòrkèlsson í Skridu fyrstr í dóminum, oc þá Jón Þorsteinsson; er at sii sem Grímr hafi þá syslu haft í Þíngeyra þíngi, oc hana hafdi hann sídann. Þá seldi Olafr Philippusson med samþykki Einars sonar síns Gottskálki biskupi Audkúlu í Svínadal, er var af eignum Einars Biarnarsonar. Þridiudaginn eptir Marteinsmessu, dæmdi Stephán biskup med þremr prestum oc þremr leikmönnum, at allir landsetar stadarins sem rói edr róa láti til siáfar, skyldu, ef á þá væri skilid undir heimatöku á jördum þeirra, fyrri róa á stadarins skipum enn annara manna, í öllum þeim verstödum sem þeir fengi ecki af tión eda skada. Sá þad ei giördi skyldi gialda stadnum fulla skipleigu, sem á því skipi fèlli er hönum

var tilsagt á at róa, oc þarad auki fullrètti Skálholts kyrkiu. Enn á hinum seinni tídum fengu landsetar ad gialda fyrir mannslán þetta XX álnir; eda róa siálfir. Litlu sídar var þat er Stephán biskup kom Þurs-stödum í Borgarhrepp, sem nú eru kalladir Þiótstadir, undir Borgar-kyrkju, XII hundrudum, oc var brèf um 1512
þat giört í Skálholti um vorid.

XXIII Cap. Illvyrki Enskra.

Þat sumar kom út Sveinn Þorleifsson med hyrdstiórn; voru þá Enskir menn í landi hèr, oc giördu mönnum skada sydra, oc rændu bædi nautum oc saudum, oc bygdu sèr kastala; var mælt at þeir mundu vilia koma undir sig landinu, oc var því vidbarid at bændr hefdi fyrir þá sök skorast undann skattgialdi vid Danakonúng oc ödrum tollum. Þessir eru nefndir til af hinum ensku mönnum; Jón Beer, Ríkardr Thómasson af Lundunum, Thómas af Nordvík, meistari Chasius, Jörgen Kíng, oc nockrir menn med þeim, oc veittu adgaungu Sveini hyrdstióra Þorleifssyni, oc drápu hann, oc XII menn adra. Þeir toku oc eitt kaupmannsskip úr höfnum, med allri áhöfn. A þeim missirum er gètid Nicolásar priórs med Einari ábóta at Þverá, oc Jóni á Þíngeyrum, í dómi at Vídivöllum, um týlftareyd Olafs Philippusonar, er hann hafdi svarit fyrir kyrkiugards saurgun í Vídidalstúngu, þá Asgrimr var veginn, oc var hann dæmdur gyldr, einnin í ödrum dómi, oc vid jardarskipti Gottskálks biskups. Keypti þá biskup enn jardir af Olafi Philippussyni, margar samann; þar er vidgètid Pèturs prests Pálssonar. Jón Sigmundarsson dæmdi XXII manna dóm vestra, at Mardarnúpi í Vatnsdal, um ákærur til Jóns Jónssonar, er Biörn Gudnason stefndi, Fyrst um þat hann tók Jón Þórdarson á frammfæri, enn módirinn misfórst; annad at hann hefdi eigi skatt goldid um IX ár, er Biörn hafdi syslu haft. Þridja um heimreid med flock manna til Eyrar í Seidisfyrdi um vorid, rán oc yfingar; fiórda at hann hefdi sendt þángad oc látid reka penínga Biarnar á fiall upp; hann var dæmdr rètttækr oc útlægr, oc hálft fè hans undir konúng; er at siá sem hann hafi verit af ætt Biarnar hins ríka. Olafr Didriksson er nefndr hyrdstióri, oc at hann hafi úrskurdad dóma Biarnar Gudnasonar gylda, oc fridhelgad hann, bannad oc at eiga kaup vid enska. Vitnisburdir fóru

framm um fiársóknir Biarnar Þorleifssonar oc mága hans, oc annara manna vestra. Var þá miöc deilusamt í landi Grímr Pálsson lèt XII manna dóm gánga at Helgastödum í Reykjadal, um arfadeilu Þorleifs Þorleifssonar oc Asmundar Stúrlusonar, er eg hefi sèd talinn son Sturlu Þordarsonar at Stadafelli, oc fadir var Odds födr Hrafns í Skördum, skyldi Asmundr útsvara fènu med XII álna ávexti af geldfiár hundradi hverju. Benedict son Gríms, oc Sæmundr Símunarson voru stundum umbodsmenn hans.

XXIV Cap. Börn Finnboga lögmanns.

Þat ár, oc sídann er Jón Sigmundarson kom út í seinna sinni med lögsögn, af konúngs hendi edr hans bodi, er þá hafdi eigi heyrst ádr, lèt Finnbogi af henni, enda var hann þá gamall miög, enn þótti æ hinn mesti háttar madr. Hann hafdi átta Málmfrídi dóttr Torfa riddara Arasonar, sem fyrri segir, oc er þadann ættbríngr mikill. Þorsteinn Finnbogason hafdi Þíngeyar syslu, oc bió at Reykjahlíd, oc í Hafrafellstúngu, hann var fadir Nicolásar födr Einars í Hafrafellstúngu, oc Vigfúsar í Asi er syslu hafdi eptir födr sinn, födr Jóns at Galltalæk. Sigurdr Finnbogason átti Margrètu dóttr Þorvardar Biarnarsonar frá Kètilstödum Marteinssonar, systr Erlendar á Kètilstödum, því þeir taka villt til sem segia hana dóttr Þorvardar lögmanns Erlendssonar oc Kristínar Gottskálksdóttr biskups, var Sigurdr eldri enn at svo mætti vera; hans son var Isleifr á Grund, enn dóttir Helga er átti Þorberg Bessason. Hafdi Sigurdr Hegraness syslu. Jón prestr son Finnboga lögmanns hafdi haldid Grenjadarstad í XVIII ár er hèr var komit, oc þótti einhver hinn merkilegasti klerkr. Annar Jón er oc talinn prestr, veit eg ei lióslega hver þeirra var prior eda Officialis seinna. Gudrídr Finnbogadóttir hafdi átt Sveinn Sumarlidason, er andadr var fyrir laungu. Christín átti Sigurd Þorleifsson. Gudlaug átti Sturlu Þórdarson at Stadarfelli, enn ádr fyrri er sagt hún ætti Odd lögmann Asmundarson. Torfi var enn Finnbogason, oc hygg eg sie sá sem utann hafdi farid í vígsmálinu. Þeir brædr Þorsteinn oc Jón prestr lifdu miög lengi eptir þessar stundir. Þá var dáinn Halldór ábóti Ormsson at Helgafelli, enn Narfi vígdr.

XXV Cap. Höfdíngia skipti.

A hinùm nærstu misseirum urdu mörg tídindi þau er frásögnum gegndu. Þá andadist konúngr, oc tók ríki Christián sonr hans þrítugr at aldri. Fridrekr hèt bródir Hans konúngs, oc var sá þeirra miklu yngri, hann hafdi hertogadóm á Holsetulandi. Eyríkr Valkendorf giördist þá erkibiskup í Nidarósi, enn Hans Rantzow hyrdstióri á Islandi, frá hönum er Rantzows ætt kominn. Þá dó Þorvardr lögmadr Erlendsson á gardi sínum í Noregi, var hann mikill höfdíngi medann hann var uppi, oc var hans son Erlendr á Strönd í Selvogi. Vígfús giördist lögmadr eptir Þorvard bródr sinn, oc bió at Hlídarenda, geck hann dóma um land allt, því at Jón Sigmundarson kom sèr óvída framm fyrir útistödum sínum; svo segia menn at Vígfús oc Hólmfrídr systir hanns í Dal hafi átt skærur saman, enn eigi veit ec sann á því, oc þad er sagt er hún hafi handhöggvid Hall, þá giördi þat Vígfús, enn þat er talid at bardagi hafi ordit med mönnum þeirra þar nidr á veitynum. Hólmfrídr átti Einar Eiólfsson, oc med því hann giördist vanheill, er mælt hún hafi haldit vid Jón Hallsson svein þeirra, oc fengit af ámæli, unnit sídann eyd fyrir Stepháni biskupi, á líkann hátt sem sagt er um Spes í Grettis sögu; Jón giört sig at förukalli. Erlendr hèt son þeirra Jóns, er sagt Jón hafi eittsinn lostid hann er hann var adkomandi í Skálholti, enn Hólmfrídr var þar fyrir, oc Erlendr med henni, oc kallad hann hórkonu son, enn sveinnin kært þau ord fyrir módr sinni, hún tekid engu fiærri, oc iátad sig sídann fyrir biskupi, enn menn ætla þat væri giört til at koma upp hinu sanna, oc þau hafi sídan leitat lausnar oc fengit, sem kyrkjulög stódu til; enn vitnislaus er frásögn þessi at kalla. Grímr Pálsson tók at sèr Mödru valla eignir er Þorvardr var látinn, oc sinnti ecki rèttarbót þeirra frænda er Mödruvalla rèttarbót var köllud; var hann þá madr stóraudugr oc var fè hans reiknad XXI hundrud hundrada í jördum, enn V hundrud hundrada í lausafè. Hann tók arf eptir Benedict son sinn. Þá er gètit Olafs Gudmundarsonar er syslumadr hafi verit í Dölum, veit ec ecki giörla hvert verit hefir Olafr prófastr Gudmundarson er Hiardarhollt hèllt, oc sídann syslu á Ströndum, son Gudmundar Andrèssonar undir Felli, þó eg ætli þat sídr, eda Olafr son Gudmundar Þórd-

arsonar i Skötufyrdi, er sídar hafdi syslu í Isafyrdi oc bió í Þernuvík. Þá fèck Þorvardr príór at Skridu Brecku í Fliótsdal undir klaustrid af Einari Hallsteinssyni. Oc Vigfús lögmadr Erlendsson lèt gánga XII manna dóm um kapla vyrdíngu, at Lambey.

XXVI Cap. Málasòknir.

Þridjudaginn fyrri Hallvardsmessu sum vorid, á þriggia hreppa þíngi, nefndi Jón lögmadr Sigmundarson XII menn í dóm, at Leidarhólmi í Breidafiardardölum, um ákæru Biarnar Gudnasonar til Audkúlu, oc allra penínga í Húnavatns þíngi er þar med fylgdu, sem Biörn hafdi fengit Jóni lögmanni til umbods, oc Byrni hafdi dæmt verid vegna Olafs Philippussonar, enn Olafr afgreiddi Jóni, hvert umbod þá var úti at nærstum fardögum; hafdi Olafr rænt oc gripid Kúlu oc þau önnr fè undann valdi Jóns oc sellt ödrum. Dæmdu þeir Byrni fèn, oc giörnínga Olafs óníta um þau, oc hann aldrei mátt giptast ad lögum, því Olafr, oc þeir brædr hans Gísli oc Hermann, hefdi eigi leidt lögleg vitni fyrir Olafi biskupi um kyrkiugards saurgun í Vídidalstúngu, eptir XII manna dómi at Seilu í Skagafyrdi. Dæmdu þeir Jón einnin þá Olaf útlaga til konúngsnádar, því at Asgrímr hafdi ákært, son Asgríms er veginn var en bródrson Jóns; hafdist þá svo á sem allir giörníngar oc jardakaup Olafs vid Gottskálk biskup mundu ónytast, oc Einar son Olafs missa alls arfsins, er fadir hans var útlægr. Enn til þess at kaup á Audkúlu gengi ei aptr, biargadi Gottskálk biskup máli Olafs, oc feck af Jóni Einarssyni, er þá hafdi tekid vid Húnavatns syslu, syni Einars Oddssonar, at dæma Olafi siettareyd, at Bólstadahlíd, föstudaginn nærstann eptir tveggia postulamessu; sór þá Olafr at hann hefdi ei í þat sinn ridid med þeim huga til Vídidalstúngu, at Asgrímr Sigmundarson væri þar lífi sinu at fyrr, eda nockurri skömm at nær, oc ei rèdi hann hönum bana-rád; vid þat fríadist Olafr. Enn Gottskálk biskup giördi þat aptr til óþocka vid Jón, at hann stefndi hönum fyrir stíng oc áverka á kyrkjuhurd oc þili at Vídidalstúngu, er Jón oc hans fylgdarmenn hefdi giört í þad sinn, í því hann sókti eptir Smid Jónssyni banamanni Asgríms bródr síns, þá hann hlióp í kyrkju, þá fyrir XXX vetrum, oc dæmdi Jón sekann fyrir þá kyrkjusaurgun; hann dæmdi oc Einar son Jóns vid hans

fyrri konu, er þá var frumvaxta, í bann fyrir þat at hann gaf födr sínum bannfærdum manni umbod sitt, er hönum bar siálfum at hafa, oc felldi hann í stórar sektir, enn Einar dró þá naudsyn til, því hann var eigi med fullri skynsemi. Þeir fedgar Einar Oddsson, oc Jón Einarson á Skardi sonr hans, voru oc iafnann hinir mestu óvinir Jóns Sigmundarsonar, enn fylgdu Gottskálki biskupi. Þá lèt Gottskálk biskup dóm gánga at Vídivöllum, á Bótólfsmessu; at allir skyldudust til at ala lamb frá Reinistadar klaustri, frá Hofi í Dölum, oc til Hrauns á Skaga, oc um allt Hegranes, var í þeim dómi Einar ábóti at Þverá, Nicolás priór oc tyu. prestar. Enn þad er at segia frá Byrni Gudnasyni í annann stad, at hann tók at giöra heimreidir oc fiár adtektir á jördum Biarnar Þorleifssonar, bædi Reykhólum eign hans, er fadir hans hafdi gèfid hönum án arfs, oc ödrum, einnin á Vatnsfiörd oc hans eignarjardir, oc tók þar fè oc peninga, er bædi átti kyrkiann oc Jón prestr Eyriksson; þrútnadi þá meir oc meir óvild millum hans oc Stepháns biskups, enda sparadi Jón Sigmundarson ecki af at giöra biskupi til mótþægiu þat er hann mátti, oc í fylgi vid Biörn. Fór Biörn þat sumar utann, oc á fund Christiáns konúngs annars, oc feck af hönum, eptir þeirri undirvísan er hann gaf, þriú brèf, er hann hafdi út híngad sídar. Hljódadi eitt uppá at konúngr skipadi hönum góds hans, garda oc arf, eptir foreldri sitt, er hönum hefdi ránglega verit frá tekid oc var þar Vatnsfiördr med.

XXVII Cap. Mál oc stórrædi Biarnar Gudnasonar.

Þá er Biörn Gudnason kom út med brèf sín, lèt hann upplesa 1514
þau í Vatnsfyrdi mánadaginn fyrir Olafsmessu seinni; lèt þá Jón lögmadr Sigmundarson XII manna dóm gánga þar; þá beiddist hann oc krafdist af dómsmönnum med laungum formála oc frekum atridis ordum, at þeir legdi ályktardóm á þat, hve miklu þeir menn skyldu sekir vera, sem med óhlídni oc illgyrni dyrfdist at rángsnúa, med styrk, rádum, adförum edr ofbeldis samheldi, þeim konúngsins nádarbrèfum er hlíddu uppá eignir oc jardir þær sem Biörn Gudnason hefdi erft eptir foreldra sína, módrbródr sinn Jón Biarnarson Dan, oc sídann Vatnsfiörd er verit hafi eign

Solveigar Biarnardóttr, oc önnr fleiri fè er gódra manna dómar sína, oc konúngr hefir stadfest med brèfi sínu, oc Biörn Gudnason fèngit uppá verndarbrèf hans. Og ef konúnginum oc krúnunni verdr mestr skadi, ef ódöl oc jardir gánga undann leikmönnum, undir kyrkju oc klerkavald med raungum fiárafla. Urskurdudu þá þessir dóms menn, at hver sem kunnr verdr oc saunr at slíkum verkum, med styrk, samheldi oc rádagiördum; skuli sekr vid konúng XIII mörkum, oc VIII ortugum; oc útlægr til Neregs undir konúngs nád um landsvist; einnin þeir sem verji þessar eignir á móti konúngsbrèfi, skuli rètt fángadir, hvar sem þeir verda gripnir, oc hús þeirra rètt brotinn, fyrir utann vígda stadi, oc fridlausir þeir þá verja; enn þeir sem eta oc drecka med þeim, hysa þá oc heimila, sèu sekir mörk fyri fyrstu nótt, tveim mörkum fyrir adra, oc þremr fyri þá þridju, nema þeim sè óvísavargr sem hysir. þeir sem vísvitandi kaupa af þessum mönnum þau góds, oc breyta svo verndarbrèfum konúngs er þar voru upplesinn, edr þeir sem leigia af þeim skip oc jardir, oc adra þiónustu giöra, sèu sekir sem þeir er kaupa vísvitandi vid útlæga menn; oc at fè þat sækist med adfara þíngi enn ei med fimtar stefnum framar enn hver vill. Atti at hræda med dómi þessum Stephán biskup til at kalla ei framar eptir Vatnsfyrdi, oc Biörn Þorleifsson frá ákæru fiárins, oc alla adra nockud af þeim at kaupa edr til leigu taka enn Biörn Þorleifsson kalladi þessar eignir rèttilega sèr tilfallnar eptir foreldri sitt, enn ei Byrni Gudnasyni, því hverki Gudni nè Þóra foreldrar hans átti þær nockurntíma. Þá var annad brèf Biarnar Gudnasonar til Stephans biskups, oc Vígfúsar lögmanns Erlendssonar, at þeir skyldu ransaka um stad í Adalvík, oc adrar fleiri af þeim iördum, med hverri heimild Biörn Þorleifsson hefdi þær seldar. Utnefndi þá Stephán biskup oc Vígfús lögmadr XII presta oc XII lögrèttumenn í dóm at Skálhollti, oc stefndu þeim bádum Byrni Gudnasyni oc Byrni Þorleifssyni fyrir sig; hafdi Biörn Þorleifsson í utanferdum sínum selt jardirnar í Noregi, Hannesi Kroko oc Sunnivu frú hans fyrir gull, silfr, oc adra penínga, sem fyrr er gètid. Vard sá dómr þeirra sameginlegr, at jardir þær hefdi verid eign oc egindómr Biarnar Þorleifssonar, oc hann haft lagaheimild at selja. Hid þridja brèf var til Jóns lögmanns Sigmundarsonar, at han skyldi dæma lög oc rètt í milli Biarnar Gudnasonar oc Biarnar Þorleifssonar, fyrir því stefndi Jón

lögmadr þeim bádum nöfnum fyrr sig oc sinn dòm, at Hvammi i Hvamms sveit; kom ecki Biörn Þorleifsson, |því hann kalladi Jón lögmann mótpart sinn, oc í sökum vid sig, oc óvildarmann, fyrir heimreidir oc fiárupptektir, oc þarmed í sökum vid biskupa báda. Þá dæmdi Jón lögmadr, at allt Þat fè er átt höfdu þau systkin Þorleifr oa Einar oc Solveig, væri oc skyldi vera æfinlig eign Biarnar Gudnasonar oc hans samerfíngia med hördum atqvædum til hinna er því fè hèldu eda keypt höfdu, líkt sem í Vatnsfiardardómi er fyrri var greindr, oc fór utann med þann dóm sídar, til at fá stadfestu konúngs á hönum; enn vid slíka giörnínga Jóns upphvattist Biörn Gudnason til meira mótþróa, oc annara stórræda í móti Stepháni biskupi, oc ödrum sínum mótstödumönnum, enn biskup aptr á móti til frekari adgiörda, svo þar kom at hann forbodadi Biörn Gudnason, oc bannfærdi hann, med XII presta dómi; oc nockru sìdar forbodadi hann oc bannfærdi Jón lögmann Sigmundarson. Stephán biskup sendi prest þann til at lesa bannfæríngarbrèf yfir Byrni, er Jörundr hèt, oc var Steinmódarson, enn prestr vard at flía fyrir heitíngum Biarnar oc hans manna inní hálfkyrkjuna á Súdavík; ógnadi þá Biörn hönum dauda med stórum heitíngam, svo hann treystist ei ad haldast vid í kyrkjunni; sidann greip Biörn hann oc hans fylgdarmenn, undir áverka prísund, lèt rífa oc skèra af hönum klædi öll, oc binda sídann, oc tvo menn hída hann, þartil þeir voru yfirkomnir, þá feck Biörn til hinn þridja er Loptr hèt oc var Gudmundarson, oc var sá tveggia maki at afli, oc er hann tók til mælti prestr: lin eru höggin þín lángi Loptr; var hann svo vel vid, at fyrri mundi hann dauda þola enn láta á sèr heira; sá Biörn þá at hann mundi at bana kominn, oc baud Lopti at hætta, lèt leysa prest, leggia hann í sæng oc græda, oc sat yfir hönum siálfr medann hann lá sem hættulegast, oc leysti hann at sídustu vel af hendi.

XXVIII Crp. Frá ímsu.

Þann tíma feck Stephán biskup Magnúsi Selárdal, syni Eiólfs Mókolls Gislasonar Philippussonar, var hann þá undir hendi Narfa ábòta at Helgafelli, er menn ætla kènsluskóla haldid hafa, oc var þat vetri ádr enn Magnús væri prestvígdr. Þá vard ágrein-

íngr á Vestmannaeyum, med Enskum mönnum oc Islendíngum af Sídu austann, oc því næst bardagi, fellu XIV hinir Ensku, enn ei var gètid at Sídumenn hafi fallid, nema Jón prestr smiörnefr er Skard hèllt austr í Medallandi, svo segia menn at þá hafi setst út madr nockr á krossgötr austr hiá Kyrkjubæ, er Jón hèt, oc tæki at spá, enn þá spá er eptir hann finnst ritud, ætla margir miklu sídar samsetta, nær hún hverki iafnlángt nidr sem almenníngr segir, oc eigi til svo vída, enn hefst á þeim tilburdum er þá voru framkomnir er hèr var komid, oc skèlu á þeim dögum, oc um annad er hún allt ómerk, nema þat er hún telr þá nockra biskupa í Skálhollti er margir ætla fyrri lífat hafa enn hún er skrásett, oc miög í likíngu af því sem Sveinn spaki hafdi sagt; er madr þessi kalladr Jón Kruck af krossgötunum, þvi at þat var þá trúa at fornar útisetr heidinna manna mætti hnegia eptir helgidóma dyrdkun þeirri er þá var, enn þó er ei fullvist hvert han hefir til verid. Gètid er at Hannes Eggertsson hafi þá konúngs umbodsmadr verid í Islandi, því hann samþyckti arfadóm Jóns lögmanns Sigmundarson er fyrri er talinn, oc þeir Arnór Finnsson á Ókrum oc Jón Jónsson, konúngs lènsmenn eda syslumenn. Sigurdr son Finnboga lögmanns hafdi þá Hegraness þìng, oc lèt XII manna dóm gánga á leidarþíngi vid Vallalaug, um varníng, skreyd, lausamenn oc hiú, oc stadfestu þeir Píníngs dóm. Þeir dæmdu oc um verd á varníngi, oc sektir þeim er hèldi ecki, þar er, med ödru, XII stikr varníngsklædis fyrri hundrad, X stikr striga XX alnir, lerept meir enn hálfu dyrra, salttunna X aura, grjónatunna X aura, nyu fiórdúnga vætt fiska fyrir hálfmörk, kaup á at slá vikuverk XL álnir, eyrir á dagsláttu, enn X álnir ef hún er slegin á dag, Gètid er Landbiartar Bárdarsonar syslumanns fyrri nordan Biargnúp, umbodsmanns Biarnar Gudnasonar, hann dæmdi um almenníng. Enn Jón lögmadr Sigmundarson dæmdi Jóni Murta Einarssyni hálft Nes í Grunnavík. Þorsteinn Finnbogason lèt XII manna dóm gánga at Liósavatni, at Bessi Þorláksson banamadr Halls Magnúsonar væri rádandi fiár síns; þar var fyrstr Audun Sigurdarson Svejnbiarnarsonar, sem kalladr var Laga-Audun. Gètid er einnin giörnínga Biarnar Þorleifsonar, oc vitnisburda nockurra. Þá var prestr á Þíngvelli Alexius Pálsson, hann færdi kyrkiuna þadann sem hùn var ádr fyrrir vatnsupgàngi, oc þángad sem hùn uù er, oc setti í veggina steina þá

er ábóta steinar eru kalladir, þvì hann var ábóti seinna. Enn þótt þat sè mælt hann hafi komid þeim steinum einn þángat, þá er þat hègómi þeirrar aldar, eda hinna seinni manna, at því er synilegt er, nema hann hafdi beitt fyrir yxnum, oc svo enn þótt hann hefdi verid ærid sterkur, sem menn segia verid hafi.

XXIX Cap. Frá hyrdstiòrum.

Nú leid svo hinn næsti vetr; kærdi þá Christián konúngr til Englakonúngs, Hinriks, hins áttunda med því nafni, at þat sam- 1515
band væri ei haldid er var giört á millum födr hans, oc fleiri Danmarkar konúnga vid Englismenn, ac allar þær óspektir er Enskir menn höfdu giört vid Island, þá þeir drápu Svein Þorleifsson hyrdstióra, oc frömdu annan óverknad, oc at þeir gæfi Islendskum mönnum stundum nockud fyrir sitt, enn stundum alls ecki; vildi konúngr hafa áqvedid giald oc verd fyrir skipid er þeir tóku, einninn at þeir syndi rök fyrir hvadann þeir væri er undir Island sigldu, oc fari eigi fyrri frá landi enn þeir hafa goldid konúngsins lènsmanni hvad þeim ber, oc fengid þar sannindi fyrir. Var þá sendr út híngad hyrdstióri sá er Söfren Nordbye hèt, oc skyldi hann varda þeim yfirgáng, hann var norrænn at ætt, oc hafdi verid med Hans konúngi fyrrum fyrir skipalidi Dana, oc var hinn mesti stórgarpr oc fullhugi, oc iafnan miög trúr Christiáni konúngi, kalladi hann konúngi til handa XX fiska af hverjum bónda medann hann lifdi oc hefdi ríki, hvert ár, oc nefndu menn þann toll gingiald. Þat giald hafdi þó Jón Sigmundarson lögmadr bodid Byrni Gudnasyni at heimta um Isafiardar syslu. Söfren Nordbye fell XV vetrum sidar fyrir Flórentz, á Italia-landi, er hann var fyrirlidi med Karli keisara hinum ríka, edr Vta med því nafni. Kom eptir hann til hyrdstiórnar á Islandi þat hid sama ár er hann kom út híngad, Hannes son Eggerts Eggertsonar lögmanns úr Vík austann, þess er Christián konúngr hinn fyrsti gaf edalsmanns-brèfid. Enn af því at Hannes er nefndr umbodsmadr konúngs hid fyrra ár, þá er líkast hann hafi hyrdstiórn tekid fyrir Söfren Nordbye, verid hönum undir gèfinn medann hann var út hèr, oc tekid sídann aptr vid at fullu því ad slíkt var þá al-tídt. Þá stefndi Sólveig abdadys *Brandi-*

Olafssyni um fiskatoll til Hofs kyrkju á Skagaströnd, dæmdi Jón prestr Arason oc V prestar adrir þar um, oc var hann þá rádsmadr Hólakyrkiu. Mælt er at þá hafi druknad fimm menn í senn í ósnum hiá Arnarbæli, oc fyrir þá sök lagst af almennings vegr sá er þar var ádr.

XYX Cap. Imsir giörníngar.

Föstudaginn nærsta fyrir Krossmessu um vorit, lagdi Gottskálk biskup, oc Eyríkr ábóti á Þíngeyrum Sumarlidason, sá er fyrri var prestr í Saurbæ, oc deildi vid Finnboga lögmann, enn hafdi nú tekid ábóta stètt eptir Jón ábóta Þorvaldsson, er ny-dáinn var, jördina Kaldadarnes í Biarnarfyrdi undir dóm; var þar einn dómandi Nicolás prior á Mödruvöllum Þormódsson. Frambar biskup þat brèf, at Jón Þorvaldsson ábóti hefdi lúkt sèr hana í skuldir þær er hann vard biskupi skyldugr, þá hann var prestr oc Officialis Hóla kyrkiu; þar í móti framm bar Eyrikr ábóti brèf med gódra manna innsiglum, at Biarni Þórarinsson (sá er kalladr var hinn gódi madr) oc Solveig Gudmundardóttir kona hans, hefdi selt Gunnari Jónssyni conventu bródr á Þíngeyrum þá jörd, oc medkenndist þat þau hefdi uppborid fyrir hana klaustrsins vegna II hundrud oc L gyllini, oc þad kaup hefdi Jón ábóti Gamlason stadfest med fullum giörníngi, vid fyrr-nefnd hión; fyri því hefdi Jón ábóti Þorvaldsson ecki mátt þessa jördu afsala, nema fyrir einhverja naudsyn klaustrsins, eda fyrir adra iafngóda fasteign, oc þó med samþycki brædranna, þarfyrir dæmdist jördinn Kaldadarnes óbrygdanleg eign Þíngeyra klaustrs vera oc verid hafa, sídann hún var því fyrst seld, enn biskup skyldi eiga löglegann adgáng at erfíngium Jóns ábóta, til svo mikilla penínga sem hann tók jördina fyrir. Þat sumar á alþíngi drógst samann sætt med þeim Mödruvellíngum, Grími Pálssyni oc börnum hans, oc Hlídarenda mönnum, Vígfúsi lögmanni Erlendssyni oc Hólmfrídi systr hans, enn ádr hafdi konúngr samþyckt makaskipti þeirra Gríms oc Hlídarenda manna; gengu nú bádir biskupar í milli Stepháns oc Gottskálks, Narfi ábóti at Helgafelli, Arni ábóti í Veri, Ögmundr prestr Pálsson at Breidabólstad, Einar prestr Snorrason at Stad á Ölduhrygg, er kalladr var Ölduhryggiar

skáld, oc margir adrir leikir oc lærdir, svo at hverutveggi skyldu alsáttir um allann hugmód, heimsóknir oc fiár upptektir; þarmed lögdu þau systkin aptr, Vigfús lögmadr oc Hólmfrìdr, Grími oc sonum hans, Mödruvelli oc Silfrastadi, oc alla þá penínga er ì Eyafyrdi lágu, oc fyrir nordann, sem þau höfdu ádr tekid, eptir rèttarbót Hákonar konúngs, oc þarmed fyrir sunnan jardirnar Kyrkiuvog, Kotvog, Merkines, Sandgerdi oc Straum, til æfinlegrar eignar; enn þar á móti skyldu þau systkin halda jördunum Laugarnesi, Engey, Galmanstjörn oc Kyrkiuhöfn, oc var þat endir Mödruvalla mála, svo at Grímr lèt ei sinn hlut med öllu, enda var ei dæmt sídann eptir Mödruvalla rèttarbót, svo at nokkru hafi ridid. Þar á þínginu stefndi Stephán biskup, at áheyranda Gottskálki biskupi oc allri lögrèttunni, Byrni Gudnasyni, bædi fyrir dómrof, oc hardrædi hans vid Jörund prest, undir dóm sinn. Á því hausti vard Ögmundr prestr Pálsson á Breidabólstad ábóti í Videy, eptir Arna Sveinbjarnarson; oc mánadaginn nærstann fyrir allraheilagra messu, útnefndi Stephán biskup dóm í málum þeirra Biarnar, var þar í Ögmundr ábóti, Einar prestr Snorrason Officialis, Helgi prestr Jónsson oc Jón prestr Hèdinsson, oc átta prestar adrir; kom ei Biörn Gudnason á stefnudaginn, oc var dæmdr sekr mörk ì stefnufall, oc V merkr í dómrof vid biskup, med því hann hefdi rofid dóm hans, oc Vigfúsar lögmanns Erlendssonar. Jörundr prestr oc tveir hans fylgdarmenn sönnudu þar hrakninga hans med eydi, oc var þat dæmt bannsverk oc óbóta mál, oc allt fè Biarnar fast oc laust fallid undir Konúng oc biskup, at luktum ádr öllum skuldum oc sektafiám; enn Ormr bóndi Jónsson födrbródir Biarnar, sem hinn nákomnasti svaramadr hans, var ályktadr afgreidslumadr allra þeirra skulda; enn ef hann vill þat ecki, þá sèu peníngarnir upptækir konùngsins oc kyrkjunnar umbods mönnum, med gódra manna yfirsyn. Þá segir sumstadar at Biörn bóndi Þorleifsson oc Ögmundr Tyrfíngsson semdi um arfs tilkall Biarnar, vegna Páls Jónssonar mágs hans til Sigrídar Jónsdóttr konu Ögmundar, er setst hafdi í arf eptir Pètr Jónsson bródr þeirra — samþyckti Olafr bóndi Gudmundarson í Þernuvík, konùngs umbodsmadr milli Gilsfiardar oc Gljúfrár. Þat er enn til sanninda, at Hannes væri hyrdstjóri á þessum missirum, at laugardaginn eptir Þorláksmessu um sumarid, fór fram brèf

þess inniħalds, at Jón Einarsson fèck Kyrkiu Niardvík Olafi Didrichssyni höfudsmanni yfir skipi Söfrens Nordbyes, oc Hannesi Eggertssyni hyrdstjóra, konúngsins oc Söfrens Nordbyes vegna, til eignar; þá samþyckti Halldór bóndi Bryniúlfsson í Túngufelli giörníng bródr Freysteins sonar síns, er hann gaf Vídeyar-klaustri med sèr Vadnes í Grímsnesi med fimm kùgildum, undir hönd Ögmundar ábóta Pálssonar, í Skálhollti á Símonsmessu; var Ögmundr einnin Officialis Skálholltskyrkiu, oc prófastr oc almenniligr dómari í öllum andlegum málum, milli Botnsár oc Skaptár.

XXXI. Cap. Frá biskupum.

Stephán biskup í Skálhollti var rikr oc audugr; höfdu biskupar þá miklar inntektir, tyundir af öllu fè föstu oc lausu, sektir á haldi þeirra, oc svo fyrir rán oc stuldi úr kyrkium oc helgum stödum, misþyrmíngar allar á kyrkjum oc klerkum, okr, meinsæri oc legordsmál, leikmenn voru margir óstírilátir oc ofbeldissamir, enn biskupar gengu ríkt eptir sektum; afladist þeim einnin mikid fè af Testamentum, heitum oc sálugiöfum; hefir svo sagt Jón prestr Egilsson, at födrfadir sinn Einar prestr Olafsson, frændi Stephâns biskups, hafi verit med hönum í seinustu visitatiureid hans í kríngum Snæfells iökul, þá er Halldór ábóti Ormsson var dáinn. Hafi biskup þá verid at Helgafelli vikn, oc haft þadann med sèr svó mikil klædi skorinn oc óskorinn, sem hestr mátti bera, enn ei vissi hann hve mikid hann hafdi med sèr af silfri. Gottskálk biskup at Hólum var oc audugr vel; hann sendi Jón prest Arason tvisvar til Noregs, fyrst til at sækja kyrkjuvid er sett var vid Kolbeinsdalsár ós, eins at giörd oc timbrstofann at Hólum, nema hvad hún var öll af trè; enn í annann tíma med IX mörkum gulls, er hann lèt giöra gull-kaleikinn af, sem Danskir tóku eptir Jón biskup Arason. Atti þá Hóla kyrkia hafskip er dróg nær LXX lestum, hafdi Gottskálk biskup þat í förum til Noregs, oc audgadi hann Hóla kyrkiu um XXI hundrad hundrada í fasteign, enn gaf börnum sínum VI hundrud hundrada, fyrir útann lausa aura er hann átti, í silfri, kötlum, klædum, lèreptum oc tygium, oc ei var gètit í Testamenti hans, vildi erkibiskup í Nidarósi at brædr Gottskálks biskups skyldu erfa hann. Mælt er

at Gottskálk biskup hafi verit mikilmenni af siálfum sèr, oc ríkilátr, oc mätmadr hinn mesti; enn at þat hafi verit med fádæmum, þá má vel skè at óvinir hans hafi tilfundit; þótti þeim hann ærid harddrægr, oc því hefir hann kalladr verit hinn grimmi, oc í öndverdu af ættmönnum Jóns Sigmundarsonar, er hann hafdi hardast leikid, enn vid allan almenníng er ei at siá at hann hafi iafnóværginn verid, sem Olafr biskup Rögnvaldsson er fyrir hann var, oc eru þó liósari sagnir um þá tíd, er hann var uppi á, enn hinn nærsta mannsaldr fyrir.

XXXII Cap. Qvonfáng Jòns Einarssonar.

Vetri eptir sátt Mödruvellínga oc Hlídarendamanna, gipti Gottskálk biskup Christínu dóttr sína, at Hólum, Jóni Einarssyni 1516
Oddssonar er þá bjó at Geitaskardi, syslumanni í Húnavatns þíngi, þeirra börn voru sídann Olafr fadir Gudrúnar í Snóksdal, oc Gottskálk prestr í Glaumbæ, oc Egill er fèck Gudrúnar dóttr Þorleifs lögmanns at Skardi á Skardströnd, Pálssonar at Skardi Jónssonar. Þá hafdi Jón Ásgrímsson Þorkèlssonar Gudbiartssonar, syslu í Vadla þíngi, oc lèt dæma jardir nockrar Þorleifi Grímssyni oc Sigrídi Sturludóttr konu hans. Grimr Pálsson lifdi þó. Þá þraungvadi Stephán biskup Jóni Sigmundarsyni til at vinna eyd um bót oc betran, oc at aptrkalla oc ónita alla sína dóma er voru í vil vid Biörn Gudnason, enn efla oc styrkja í öllum hlutum kyrkjuna oc biskupinn, oc leysti hann sídann af banni í margra manna vidrvist leikra oc lærdra, oc lysti því sídann opinberlega; er ei annars gètid á þeim missirum þess er tidíndum sætti.

XXXIII Cap. Aflát páfa.

Þessu nærst var þat, edr um þann tíma, at Helgi Höskuldarson giördist ábóti á Þíngeyrum; enn sumir segia þat væri þann dag er Gottskálk biskup gipti dóttr sína, því Eyrikr Sumarlidason var dáinn ádr; þar eptir var Finnbogi son Einars ábóta Isleifssonar kosinn til ábóta at Þverá til styrktar vid Einar Benedictsson, var 1517
þó jafnann kalladr prestr enn ei ábóti. Ögmundr var þá í Videy

Pálsson, fyrir hann dæmdi Stephán biskup klaustrinu Hestengi frá Jóni Þórdarsyni á Hvanneyri, oc jardir þessar lagdi Ögmundr undir klaustrid, Vadnes, Vatnsleysu, Byaskèr, Hvítárvelli, Backa oc fleiri, þá er oc enn gètid Nicolásar priórs í dómi um sydsta Hvamm á Vatnsnesi. Þetta sumar kom híngad í land sendibodi Páfans med aflátsbrèf, oc fór heim í Skálholt, var hann þar XIV daga, oc fann at eins tvisvar Stephán biskup upp í skrúda húsi, alskríddann hinum besta biskups búníngi, oc kennilídinn hjá hönum, mæltu þeir saman um afláts brèfinn á ókunna túngu þá er enginn skyldi nema þeir bádir, ætla menn verit hafa frönsku edr italisku, því Stephán biskup var hverium manni betr at sèr um slíkt, þeirra er þá voru uppi; vard sá endir á þeirri rædu, at biskup qvadst eigi mundi mótstanda páfanum, oc mætti Legátinn selia þessi bréf þeim er kaupa vildi, enn enginn skyldi þau kaupa sinna manna, edr þeir er sín rád vildu hafa; sídann fór Legátinn þadann, oc seldi vída brèfinn fyrir V aura, enn hiónum fyrir hundrad, oc fèck mikid fè; þat stód á brèfunum at hver þau keypti skyldi fá fullkomliga qvittun af öllum syndum sínum, sem siálfr Gud hefdi hann qvittann gèfit, var sà sendibodi útsendari Páfalegátans Angeli Archemboldi, þess er einnin sendi Joan Tetzel med þeim eyrendum um Þískaland, oc orsakadi þarmed mótmæli af Marteini Lúther, enn fór siálfr um Danmörku oc Svíþiód, oc safnadi þúsundsinnum þúsundi gullskildínga (Dúcata) þat tók Christián konúngr annar hálft frá hönum, enn hann slapp med hitt, oc þótti fótr sinn hinn fegursti; var þá í þann tíma þvílíkr formáli aflátsbrèfa: fyrst afleysi eg þig frá öllum kyrkjunnar dómi edr dóms úrskurdi, er þú kannt hafa verskuldad; þvínæst af öllum syndum þínum oc yfirtrodslum, sem þú hefir allt híngad til drygt, hversu stórar sem þær kunna at vera, oc eg fyrirgèf þèr oc uppgèf allt þat er þú verdskuldad hefir fyrir þær at lída í hreinsunareldinum, giöri eg þig nú aptr hluttakanda í kyrkiunnar sakramentum, oc set þig aptr í þad sakleysis stand er þú varst í nærst eptir skyrnina, svo at helvítis portsdyr skulu luktar vera fyrir þèr þá er þú deir, enn paradísar port skulu þèr opinn standa.

XXXIV Cap. Samþyckt í Leidarhólmi.

Þá er þraungdi kostum þeirra frænda Jóns lögmanns Sigmundarsonar oc Biarnar Gudnasonar oc fèlaga þeirra, drógu þeir vini

sína oc vandamenn oc adra fleiri á sitt mál, oc settu þíng at Leidarhólmi í Dala syslu, komu þar saman hinír hellstu nafribótamenn af leikmönnum, fyrir nordann oc vestan land, er illa kunnu, eda ugdu at, ríki oc ágángi biskupa oc klerka, og giördu samtök med sèr, þó sumir væri ósamþyckir ádr, oc ritudu lánga skrá eda samþyckt med áheyrilegum formála, oc mun þat hid hellsta inntak hèr greint verda, voru þessir taldir fyrir: Jón Sigmundarson lögmadr, Finnbogi Jónsson er lögmadr var fyrri, Teitr Þorleifsson hinn ríki í Glaumbæ, Biörn Gudnason, Biörn Þorleifsson at Reykhólum, enn þótt hann hefdi byr af Stepháni biskupi, Grímr Pálsson nordann frá Mödruvöllum og Þorleifr sonr hans, Þorleifr frá Skardi Pálsson Jónssonar, Þorsteinn oc Sigurdr synir Finnboga lögmans, syslumenn at nordann, Sturla Þórdarson at Stadarfelli syslumadr í Dölum, Arnór Finnsson á Ökrum, Gudmundr Andresson undir Felli, oc Þorleifr í Þyckvaskogi sonr hans, Ari Andresson í Bæ bródir Gudmundar, Sigurdr Dadason í Biarnarhöfn er syslu hafdi haft í Húnavatns þíngi; Sigurdr Narfason frá Eyri, Thómas Jónsson, Þórrólfr Ögmundarson af Vestfiördum, módrbródir Ögmundar ábóta, Narfi Jónsson, Eyvindr Gudmundarson, Thómas Oddsson frá Hvoli, Sigurdarsonar Geirmundarsonar, Asmundr Asmundarson, nefna þeir sig fógèta oc lögrettumenn milli Hvítár í Borgarfyrdi oc Helkundu- heidar, oc giöra kunnugt lögrettumönnum oc skattbændum úr Húnavatns þíngi, Jóni Olafssyni, Brandi Olafssyni, Gudmundi Indridasyni, Örnólfi Steinssyni Brandssonar lögmanns, Sigurdi Ivarssyni, oc Ivari Brandssyni, oc úr Hegraness þíngi, Jóni Þorgeirssyni, Grími Jónssyni á Ökrum, Einari Einarssyni, Gudmundi Þorleifssyni, Halldóri Jónssyni, Hákoni Hallssyni á Vindheimum Finnbogasonar hins gamla, Halldóri Sigmundarsyni, Þórarni Jónssyni, oc svo öllum ödrum, úr Vadla þíngi oc Þingeyar þíngi, er þar voru eigi staddir, er konúngsins trúir undirsátar vildu vera, oc þetta, segia þeir, hans fátæka, forstödulausa skattland, vort frelsi siálfra oc alls vors afsprengis, vilja stydia oc styrkia, undan því ánaudar oki sem yfir oss er komid, oc álagt af kyrkiunnar valdi, oc vèr höfum sèd oc undirstadid, sumir af reyndri raun oc framkomnu verki, þann stóra skada, fiártjón oc fastra eigna missu oc ödrum ógnarlegum ágángi oc ofbeldi, er almúgi alls þessa umdæmis fær af biskupum, prestum, klerkum oc þeirra fylgiurum, sumir af

hardlegum heitum, oc hótum, uppásetnínga, enn flestir med framkomnu ofbeldisverki, þeirra rángs oc lángs ágangs, med forbodum, útsetníngu af heilagri kyrkju oc skriptamálum, þiónustutekju oc heilögum legstad, synjun allrar slíkrar þiónustu, hvad lítid sem vidber, oc banns áfelli ef nockr synjar þeim þess er þeir beidast, oc bönnun samneytis alls christilegs fólks, erum svo kúgadir med þessu áfelli, reknir í armód, eymd oc útlegd, frá gódum gripum oc gángandi fè, oc vort afsprengi, á móti lögum oc tilsettum rètti. Er þat nú vor vilji oc samþyckt, allra hèr samankominna, med fullkomnu sambandi oc lófataki, at vèr viljum halda saminn oc svarinn sáttmála, sem giör var í milli krúnunnar í Noregi, oc kyrkjunnar oc klerkanna, um öll þau mál er þá var á sættst, tilgreind oc sundrskilinn, at hvad fyrir ödrum (hverjum) skyldi sækjast oc dæmast, konúngsvaldi eda kyrkiunnar, oc öllum er kunnugt at giördist í millum andlegra hluta oc ríkisins ráds í Tunsbergi, med rádi oc samþycki vyrdugligs Magnúsar konúngs oc Jóns erkibiskups, á Laurentii aptan anno MCCLXXVII; oc eptir framtölu þeirra mála er fyrir lærdum mönnum eigu at sækiast oc dæmast, sem oc at innfærdum nockrum rèttarbótum þar at lútandi, þá segiast fyrrnefndir menn gèfa öllum til vitundar, þat ecki vilji þeir skipta sèr af þeim málum sem kyrkjunni vidkomi í nockurn máta, enn hafa oc halda fastlega alla þá hluti sem þeim hafi játadir verid af konúngsdóminum, oc láta þat hvergi dragast, hvert sem, segia þeir, biskupar eda prestar leggia á oss bann eda forbod, oc hafa þad at engu, nema opinber bannsverk falli á nockurn, þá styrkium hann oc einnin til yfirbóta vid Gud. Enn ef leikmenn stydia oc styrkja presta til ágángs uppá konúngsins þegna, þá skulu þeir oc allt þeirra undirfólk engann rètt taka, oc sekir XIII mörkum oc VIII ortugum fyrir hvert þat fylgi oc styrk sem þeir veita þeim, enn allt fólk sem biskupum oc prestum þiónar, oc byr á þeirra jördum, þá greidi þeim sína landskuld, enn þióni þeim ecki med styrk á móti valdsmönnum, nema gángi frá þeim þegar þeir heyra þessa voru samþykt, ella gialdi sem fyrr segir, nema konúngr vilji meiri myskun á giöra. Svo oc þeir sem hlaupa undir vald biskupa, presta edr annara lærdra manna, oc selia þeim jardir eda leigia, sem brygd er á borinn at lögum, oc menn sína skiöl fyrir, þá haldist þat at engu, enn þeir rètttækir eptir landslögum er ábúa

edr burtselja. Svo oc um beit, áverka oc íneytslu á kyrkiueignum, bætist med landnámi oc áverkabót lærdum mönnum sem lögbók vottar, enn hverki med banni eda forbodum, eda útsetníngu af heilagri kyrkju. Ef prestar oc lærdir menn gánga á leikmenn edr almúga framar enn lög standa til, þá dyrfist enginn leikmadr at vinna fyrir þeim, karl nè kona, úngr eda gamall; enn hver sem þat giörir, at upplesinni þessari vorri samþyckt, þá sè hann rètt fángadr útann gridastada, af syslumanni oc bændum, oc skiptist í þiònustu med þeim sem konúngsins rètt stydia, enn falli rèttlaus hvad sem misbodid er þar til gèngr frá þeim, útann vilji betra sig; enn þeir sem nú gánga í þessa voru samþyckt, oc laga styrkíngu, oc skilja sídann vid þetta vort samheldi, annadhvert fyrir ótta edr álögr lærdra manna edr adrar fortölur, edr illvilja, sèu sekir hver um sig XIII mörkum, oc útlagir, oc taki engan rètt, oc sæki enginn mál; oc undir sömu grein sè sá sem ecki vill hylla med oss þessa vora samþykt, enn hver sá madr, ríkr eda fátækr, sem verdr fyrir nöckrum órèttilegum sökum edr ágángi af kyrkiunnar mönnum, sá er í þessum samtökum hefir verid med oss, þá skulum vèr allir greindir menn, hver sem til er qvaddr, hiálpa hönum oc styrkia. Enn þótt at samtök þessi væri nytsamleg leikmönnum, oc sanngiarnlig at því er þá var hellst þörf til, þá fengu þau eigi framgáng, fyrir þá sök at bædi var biskupa ríki vaxid svo miög úr hófi, oc þarmed geck ecki Vígfús lögmadr Erlendsson í þau, oc engir nafnbótamenn af sunnan- eda austann- mönnum. Voru enn ríkismenn þeir til í Nordrlandi er hnegdust til Gottskálks biskups, sem var Jón Einarsson á Geitaskardi mágr hans. Þat sumar hid sama fór Jón Sigmundarson utann med Hvamms dóm, til þess at fá stadfestíngu konúngs á hönum.

XXXV Cap. Frá Stepháni biskupi, Byrni oc Jóni.

Stephán biskup lèt eigi slíka hluti á sèr festa, oc reid þegar um sumarid med fiölmenni til vestfiarda, uppá Vatnsfiardarmál oc adrar sakir hans vid Biörn Gudnason; enn er Biörn spurdi til komu hans, safnadi hann at sèr mörgum mönnum oc hertygiadi þá; Biörn at Skardsá segir svo at biskup hafi haft CCC manna,

oc ridid] med til Ögrs, enn Biörn Gudnason verid þó fiölmennari fyrir, biskup tjaldadi fyrir innan Ögrsá, oc reid heim vid XIIta mann, oc geck til kyrkju. Biörn geck til fundar vid hann, oc jafnmargmennr, voru hans menn hardneskjadir undr stöckum, biskup vard þess vís, oc er þeir höfdu heilsast, tók hann á öxlum Biarnar oc mælti: oc svo eru þèr hardstackadir Biörn! hann svaradi: hver á med þat, hversu eg klædi mig og menn mína? erud þèr herra! mèr velkomnir med svo marga sveina sem ydr heyrir til at hafa med ydr eptir kyrkjulögum rèttum. Enn, þótt ecki horfdist á med þeim sáttsamlega, áttu þó skynsamir menn oc gódgiarnir af beggia flocki, svo hlut í med þeim, at ei er annars gètid enn at þeir skildu vandrædalaust, nádi biskup Vatnsfyrdi, at kallad var, enn ei vard þar um útkljád. Skömmu sídar stefndi biskup Byrni fyrir þat hann hefdi giört samtök móti sèr í Ögri, oc lèt þar um dóm gánga, enn þann hafa menn ei sèdann. Svo segir Gudbrandr biskup um Jón Sigmundarson, er utann hafdi farid med mál sín, at konúngr hafi bodid höfudsmanni at setja hann í allar eignir sínar, enn Gottskálk biskup hafi borid svo mikid fè í augu höfudsmanni, at hann hafi viljad, drepa Jón, oc hafi Vígfús lögmadr vardad því. Hafi þá verid af biskupum bádum oc fylgiurum þeirra samþyckt í lögrèttu, at Jón oc hans mál oc rugl skyldi aldrei um æfi heyrast, hafi sá verid sidastr fundr Gottskálks biskups oc Jóns; Enn þat er lióst, at dæmd voru málinn, oc feck Gottskálk biskup alla sína dóma dæmda löglega og mynduga, enn fyrir þat er Jón hefdi rægt sig vid konúng oc erkibiskup, um rángan hiónaskilnad oc ofríki sem lióst væri af brèfi Gauta erkibiskups, þá dæmdist Jón sannr rógsmadr, oc þar med hafi fyrirgiört öllum sínum peníngum smáum oc stórum; oc var þá Hannes Eggertsson hyrdstióri.

XXXVI Cap. Frá ímsu.

Um vorid, á þeim missirum er Leidarhólms samþykt var giör, er gètid próventugiafar til Sigurdar Finnbogasonar. Þá tók Teitr Þorleifsson Húnavatns syslu, því at Jón Einarsson hafdi hid fyrra árid deilt vid dryckju, vid umbodsmann höfudsmansins, útaf afgialdi syslunnar, oc verid settr í fángelsi, þartil er Olafr Asbiarn-

arson leysti hann út aptr frá Olafi Didrichsyni umbodsmanni, fyrir jörd sína Niardvík oc annad fè; hafdi Jón goldid hönum fyrir þad Stærri Ey á Skagaströnd, enn hafdi nú þó fengid óvináttu höfudsmannsins, oc var Teitr syslumadr er hèr var komid. Hann hafdi stefnt Gudmundi Gudmundarsyni fyrir sig at Bólstadahlíd, til at synja fyrir lysíngu Margrètar Olafsdóttr med tylftareydi; hafdi hún borit hann legordi med sèr, enn hann hafdi fallid ádr med módr hennar. Enn Gottskálk biskup dæmdi at Vidvík, þridiudaginn fyrir Bótólfsmessu, med dómsprestum sínum, Þorbyrni Jónssyni rádsmanni, Pètri Pálssyni, Jóni Arasyni oc ödrum, at Gudmundr skyldi vinna eydinn fyrir sèr, enn ecki Teiti; var þá kali med Teiti oc biskupi, oc áreitíngar vid hann af hendi biskups manna. Vígfús Erlendsson var þá kalladr lögmadr yfir allt Island, því at Jón Sigmundarson var utann farinn, oc fèck ei rèttíngu mála sinna, oc segir frá því ádr; þá dæmdist Gottskálki biskupi brygd á Hvammi í Vatnsdal, oc fleiri dóma lèt hann gánga at Vídivöllum; þar voru dómsmenn, Þorbiörn rádsmadr, Jón prestr í Múla son Finnboga lögmanns, Einar ábóti, Nicolás príór oc adrir. Gilbricht prestr Jónsson pantsetti Gottskálki biskupi Mánaskál; þá var Jón Murti Einarsson dæmdr útlægr oc til annara sekta, af Stepháni biskupi oc Vígfúsi lögmanni, oc þeirra dómsmönnum, fyrir sakir vid Jón prófast Eyríksson í Vatnsfyrdi, enn Biörn Gudnason lèt dæma arf Grími syni Jóns Gudmundarsonar, oc Sesseliu Sumarlidadóttr Loptssonar eptir foreldra sína, sem Ari Andrèsson í Bæ hafdi ránglega í setst; var sá Grímr í Sídumúla seinna, fadir Jóns í Kalmanstúngu, oc eru þadann margir menn er sídar verdr gètid. Fór þá oc framm sætt í milli Gudmundar Andrèssonar undir Felli, oc Pètrs bónda Loptssonar í Stóradal um skuld nockra, oc dómar oc giörníngar fleiri. Enn á þridiudaginn nærstan fyrir Michiálsmessu, giördist sætt í stóru stofunni at Glaumbæ, milli Gottskálks biskups oc Teits bónda Þorleifssonar, oc gaf Teitr í biskups vald allann þann hugmód oc svívyrdingu sem hann hafdi fengid á sínum gardi oc mönnum, at fráskildu vígi því sem unnid var af biskupsmönnum á hans gardi; enn biskup hèt Teiti svo mikilli sæmd sem hónum best lyndti af sèr siálfum at taka; vard þó þat heit ecki miög stödugt, þegar ecki lá í því rúmi sem biskup vildi. Nær þeim

tíma skèdi så tilburdr á Austfiördum, at konu þess manns er Steingrímr hèt gróf hol á qvidinn fyrir ofann nafla, oc leysti þar út bein öll barns hennar, enn hún vard alheil sídann.

XXXVII Cap. Frá Ögmundi ábóta.

Ögmundr Pálsson ábóti í Videy hafdi hid fyrra árid sem ádr er sagt, nád jördu í Andakyl er Hestengi hèt, af Jóni bónda Þórdarsyni á Hvanneyri, med dómi Stephâns biskups, undir Hest, jörd Videyar klaustrs; hann keypti oc XX hundrud í Vatnsleysu af Jóni Sigurdarsyni fyrir XXV hundrud lausafiár, oc af Hannesi Eggertssyni sídann, Byaskèr hálf, oc Þórustadi á Rosmhvalanesi, fyrir jardir á Vestfiördum, Kyrkiuból XXX hundrud, í Selárdals sókn, oc Sudreyri oc hálfa Túngu XXXV hundrud; þat er í Laugardals sókn. Erlendr Jónsson feck hönum einnin Backa á Kialarnesi undir klaustrid, oc tyu kúgildi, fyrir æfilángt uppheldi á klaustrinu, enn V hundrudum í Vatnsleysu nádi hann
1518 af Olafi Asbiarnarsyni, þeim er utleyst hafdi Jón Einarsson úr haldinu, oc Önnu Sniólfsdóttr, fyrir þat hann gaf upp Olafi sektafè, oc brot hans vid heilaga kyrkiu; enn þat var brotid, at Olafr hafdi látid landseta sína gialda til Kálfatiarnar, bædi kyrkiu- oc preststyund af þessum V hundrudum í Vatnsleysu, enn átti at gialdast þar heima, því þar var hálfkyrkia.

XXXVIII Cap. Kètill vann biörninn.

Vetr þessi var nockud snarpr, enn þó heldu menn peníngum sínum; komu ísar fyrrir nordann, oc biörn einn mikill, raudkinnúngr, á land á Skaga vid Asbúdartánga, sá þá hvergi til íss af slèttlendi, enn þó af háfiöllum; þat dyr var miög solltid, grimt oc mannskædt, drap þad VII menn edr VIII, oc voru fátækar konr med börnum er gengu yfir, oc vissu ei vonir dyrsins; þat braut nidr hialla alla á Skaga utann at Kètu, því sumstadar fann þat matfaung í, enn þetta var um sumarmál. Þá bió at Kètu Kètill Ingimundarson aflamadr mikill, enn þar var þá góð

veidistöd, lá hann úti á vorum á hákalla-skipi, enn lèt annad skip flytja í land oc giöra til aflann, enn flytia til sín aptr kost oc dryck; völdust til hans ùngir menn oc hraustir til siófara oc feck hann opt LXXX eda XC hákalla á vori. Þad var einn morgun árla at Kètill gèck til sióar, oc inn í hiall einn mikinn er þar stód med hákalli, oc vildi sækja morgunverd hjúum sínum; hann sá dyrid koma at utann, oc tók hákalls bægsl mikid, oc snaradi lángt út á svig vid dyrid ocdyrnar; biörnin greip vid, bar á bak vid hiallinn oc tók at eta, enn Kètill snaradist út oc med skyndi til bæarins; sendi hann þá þegar tvo menn, annan út á Skaga enn annan inn, at safna mönnum, oc komu skiótt fiórtán er vopn höfdu, oc gengu til siáfar; björninn var þá búinn med bægslid, oc ætludu þeir at ráda at hönum, enn hann veik sèr undann oc inn med siónum; þeir gengu eptir, oc inn yfir biörginn, enn þar sem björginn læckadi nockud, vafdi biörninn sig samann, oc vellti sèr í fiöru nidr, oc syndti framm í skèr þad er þar liggr, oc kallad er Þursaskèr. Kètill skipti þá mönnum, oc lèt VII eptir, er mæta skyldu dyrinu, hvar sem þat kæmi at landi á Inn-Skaga, enn hann geck med VI mönnum heim til Kètu, þeir hrundu framm sexæríngi, oc rèru til skèrsins. Biörninn hlióp þá á sæ, oc lagdist útá fiördinn, enn þeir rèru eptir kappsamlega, mæddu þeir dyrid um sídir, enn þat lagdist þá í króka, oc vard miúkara í vikum enn bátrinn; geck svo lengi dags at þeir komu ecki vopnalögum vid, svo at björninn sakadi. Enn um sídir er at hönum þrengdi, híddi hann hramminum uppá bordid, oc ætladi at hvolfa skipinu, svo þat drack í sig sió. Kètill þreif þá exi, oc hjó á hinn fremra hramminn vid bordinu, svo aftók, lagdi þá dyrid frá, oc dapradist heldr sundid, svo þeir fengu því nærst lagt þat til bana, drógu sídann í bátinn upp, oc hèldu at landi. Kètill átti dóttr er Gudrún hèt, hennar feck laungu seinna-Jón at Ingvildarstödum, Jónsson Ormssonar skipara Runólfssonar, enn módir Jóns var Þórun Gisladóttir Arasonar Þorbjarnarsonar Arasonar Gulls; hann var því svo kalladr at hann kom út med gull mikid frá Englandi; þeirra son var Biörn at Skardsá er þessa sögu hefir sagt, því Kêtill fór til Ingvildarstada í elli, oc dó þar nyrædr, þá Biörn var úngr.

XXXIX Cap. Lyktir Biarnar Gudnasonar.

Nú stefndi Stephán biskup Byrni Gudnasyni fyrir margar þúngar sakir, oc nefndi í dóm Narfa ábóta at Helgafelli, Ögmund ábóta í Videy, oc tyu hina hellstu presta adra, at almennilegri presta-stefnu í Skálhollti, mánudaginn fyrir Pètursmessu oc Páls, enn er at stefnudögum kom var Biörn andadr; er svo at heyra sem margrædt hafi verid um hans dauda, oc lifdi hann X vetr eptir födr sínn, kom þángad enginn af hans erfíngium, edr af hans forsvarsmanna hendi; dæmdu þá dómsmenn erfíngia Biarnar oc umbodsmenn þeirra skylduga at halda alla þá dóma sem Stephán biskup hefir gánga látid um Vatnsfiardar kyrkiu oc hennar eignir, oc svo dóm hans um samtök þau er Biörn giördi móti hönum í Ögri, einnin úrskurd Stephâns biskups um testamentis giörd Solveigar Biarnardóttr. Þar ad auki frambar biskup fiögr dómrof Biarnar Gudnasonar, enn um hid fimta var ádr dæmt; fyrir tvær heimreidir med flock manna er Biörn hafdi giört í Vatnsfyrdi, oc manna faungun, dæmdu þeir Vatnsfiardar kyrkiu tólf merkr í fullrètti sitt fyrir hveria, enn Skálhollts kyrkju XXX merkr einnin fyrir hveria; oc Jóni presti Eyríkssyni er biskup hafdi skipad yfir kyrkiuna oc stadinn, tólf merkr fyrir hveria heimreid. Enn fyrir þad er Biörn hafdi brotid upp kyrkiu í Vatnsfyrdi, dregid kyrkiunnar þiónustumenn út af gardinum, oc fært þá í bönd oc fiötr, enn veitt Jóni presti oc hans mönnum, sem flúdu uppá kyrkiuna oc hennar nádir, ófridar umsátur, med vopnum oc hördum heitíngum, bannandi þeim öll hiálprædi, tekid einnin kyrkiuna oc hennar peninga fasta oc lausa, dæmdu þeir Vatnsfiardar kyrkju tvennar þrettán merkr, enn Jóni presti fyrir þad er hann var Officialis, tvennar XV merkr í tvöfaldt fullrètti sitt, oc Skálhollts kyrkju XC merkr; fyrir fiár adtekt úr Vatnsfiardar kyrkju, dæmdu þeir henni í fullrètti tólf merkr, enn Skálhollts kyrkju XXX merkr, oc alla þá peninga sem Biörn Gudnason oc hans fylgiendr tóku í Vatnsfyrdi fyrir Jóni presti oc kyrkjunni, innan-kyrkiu oc utann, leigr oc landskuldir, skyldu erfíngiar Biarnar gialda Jóni presti aptr; málnytu kúgildi med laga ávexti, gildfènad med aldri, enn tvígialda aptr dauda penínga. Enn þar sem Biörn Gudnason med sínum fylgiendum hafdi giört heimreid uppá Mariu kyrkiu í Grunnavík, brotid þar upp kyrkiuna oc stadinn, oc ruplad oc á

braut borid hennar penínga, var dæmt fyrir heimreid oc kyrkju uppbrot, kyrkiunni tvennar IX merkr, Jóni presti IX, oc Skálhollts kÿrkiu XXX merkr; enn fyrir þat er Biörn hafdi í óhlídni oc sönnum banns- verkum gengid í kyrkiu á helgum dögum oc rúmhelgum, oc teigt med sèr adra menn í slíka óhæfu, þá var dæmt fyri þvílíka kyrkiugaungu um eitt ár LXXVI hundrud. Þetta skyldi allt goldit at þrennum sölum, hid fyrsta sinn á nærstkomandi hausti at Michiálsmessu, enn málnyta öll þarnærst, á nærsta vori í fardögum, oc allt at Michiálsmessu á ödru hausti. Þat sem Skálhollts kyrkju heyrdi til, skyldi gialda heima í Skálhollti, biskupi edr hans umbodsmanni í hönd, enn Vatnsfiardar oc Grúnnavíkr kyrkjum, oc Jóni presti Eyrikssyni, skyldi gialda heima í Vatnsfyrdi, í hönd Jóni presti edr hans umbodsmanni. Enn ef erfingiar Biarnar Gudnasonar kunna at hafa, nockra löglega afsökun fyrir einnhverri þessari grein, þá skulu þeir hana framfært hafa innan þriggia mánada at heyrdum dóminum. Enn þó þannin væri nú hèr vid skilid, lauk þó ecki arfa þrætu þessari er slíkt alltjeis af, sem enn mun sagt verda. Biörn Gudnason hafdi verid einhver hinn hardfengasti ríkismanna í landi hèr oc ærid hèradsríkr vid alþídu; eptir hann er gátann: rann eg frá raupi, ratadi sídann á tólf fiska, þar eptir feck eg þúngann mód; því hann var borinn á Hóli, enn bió fyrst at Eyri, enn sídann at Ögri.; brynia hans oc ſtálhúfa hafa verid til framm á þeirra manna daga sem enn lifa, oc var hverki svo mikid at medalmanni mætti ei hæfa. Ragnhildr kona hans bió eptir hann í Ögri, oc voru þessi börn þeirra, Torfi, Þóra, Gudrúnar tvær, Oluf, Sígrídr. Þóra giptist Jóni í Hiardardal Olafssyni frá Þernuvík Gudmundarsonar, þeirra son var Torfi syslumadr í Isafyrdi, at Kyrkiubóli í Lángadal, þadann er Kyrkjubóls ætt. Gudrún önnr átti Biarna Andrèsson, bródr Gudmundar undir Felli, oc Ara í Bæ; þeirra dóttir Solveig módir Hannesar í Hvammi í Kiós; sídann átti hún Hannes Eggertsson hyrdstjóra, þeirra son Eggert lögmadr. Oluf átti Sigfús son Sigurdar Brúmannssonar, þau bioggu at Eyri í Seydisfyrdi, þeirra son var Torfi at Hvammi í Dyrafyrdi. Sigrídr átti Biarna son Narfa ábóta Ivarssonar, þeirra synir Biörn oc Þorleifr. Fleiri verdr gètid dætrabarna Biarnar seinna, oc eru frá þeim ættir öllum. Ari Gudnason bródir Biarnar var syslumadr nyrdra, hans son var Þormódr. Helga Gudna-

dóttir átti Torfa í Klofa, oc eru börn þeirra ádr talinn. Þorbiörg Gudnadóttir systir Biarnar átti Jón Koll Oddsson, þeirra son var Ormr Kollsson at Draflastödum í Þíngeyarþíngi, fadir Jóns at Einarsstödum; flest var stórmenni sem frá Byrni var komid.

XL Cap. Frá Erlendi Biarnasyni.

Erlendr son Hákalla-Biarna, mágr Biarnar, hafdi Múlasyslu o- bió at Kètilstödum; at hans forlagi, oc med tillagi hans var skip, ud þar Audrès postula kyrkja, þá fyri mörgum árum. Um han, er þad sagt at hann hafi tekid duggu enska á Lodmundarfyrdic oc drepid þá er á voru, enn einn komist undann á sundi til landsn oc nád ödrum duggum sídann. Olafr trölli á Hólalandi í Borgarfyrdi hèt sá madr er sagt er vegid hafi skipsstiórnarann, oc af því hafi bardaginn hafist; enn er sá vetr var lidinn er talid at Olafr hafi flúid í annan landsfiórdúng, þó er allt heldr óvist sem um hann´ er sagt. Sídann er mælt at enskir hafi komid um sumarid oc heitid gridum Erlendi, ef þeim væri goldid saudfè á hverju sumri, sem fyllti rètt þá er þeir lètu byggia í Stödvarfyrdi, oc þad um þriú sumr, enn hún tók nær VIII hundrudum. Hafi eigi ábrostid gialdid fyrri enn hid þridja sumar, enn þá hafi eina nótt kona vakad á Kètilstödum, sofnad, oc dreymt at madr kæmi at henni oc qvædi þetta:

Erlendr velkendr
ítum, fródr, vel gódur,
lagamadr listhagr
lès á bók med ord klók,
skáld er hann, skíra kann
skèmti mest vel flest,
koma skal á kauptíd
klögumál fyrir hans sál;
seígdu Erlendi nú, sofandi frú! reynstu mèr trú.

hún vaknadi, oc geck nockru sídar inn til Erlendar, oc sagdi hönum; enn er hún geck út aptr, voru þar komnir hinir Ensku, oc tóku Erlend, oc sögdu austfyrdíngar þeir hefdi látid hann í gaddatunnu. Þeir segia enn at skipstiórnarmadr sá er drepinn var hèti Adam, oc kæmi þar af sá málsháttr: at þat væri lítid

í Adams gialdid, er litlu munar í stóra skuld; hygg eg hann meira eystra enn annarstadar; enn þessa sögu sagdist Pètr Þorsteinsson syslumadr heyrt hafa af mörgum merkum mönnum gömlum þá er hann var úngr, oc kunnum vèr þó ecki at kalla hana vissa med öllu, eda óvillta. Son Erlendar var Biarni er sídann bió at Kètilstödum, oc hafdi syslu þar eystra.

XLI Cap. Frá ìmsu.

Sumar þat er Biörn Gudnason deidi, kom út sá madr er Thyli hèt Pètursson; hann skyldi hafa hyrdstiórn med Hannesi, oc vera nordann oc austann, enn Hannes sunnan oc vestann land; lítt fell á med þeim sem sídar reyndist. Þá er mælt at Hamborgarar hafi barist vid enska menn um hafnarlag í Hafnarfyrdi, oc þakid ádr skip sitt utann med sængum, fèllu XL af hinum þísku mönnum, enn þó med því at þeir foru at med rádum, þá ráku þeir hina Ensku, oc fluttust sídann framm í eyri, oc höfdu þar höfn þadan af. Þá kom út Jón lögmadr Sigmundarson, oc frètti lát Biarnar Gudnasonar; þótti hönum þá lokid í öll skiól, oc treystist ei til ad deila lengr vid biskupa báda, segia þeir sem þetta herma, at hann hafi þá tekid lausn af Stephání biskupi, enn þat ætla eg víst ádr skèd hafa sem fyrri segir. Vera má þó at vidskipti þeirra Gottskálks biskups hin sídustu er fyrr er gètid, hafi þá framfarid er hèr var komid. Þá var Einar prestr Snorrason at Stad á Ölduhrygg officialis milli Botnsár oc Gilsfiardar. Þá gaf Ari Andrèsson í Bæ, oc Þórdys kona hans Gísladóttir Philippussonar, Ormi syni Gudmundar Andrèssonar undir Felli, bródrsyni Ara, sex jardir á Ströndum í Arness kyrkiu sókn, oc XX kúgildi. Enn Stephán biskup oc Ögmundr ábóti oc adrir, vitnudu um Vigfús Erlendsson, at hann hafdi vel stadid í lögmanns embætti sínu, oc at þeir vildu hann at lögmanni hafa medann vera mátti; í þeim vitnisburdi var Thyli Pètursson, oc kalladi sig þá hyrdstióra yfir allt land. Þá lagdi Teitr Þorleifsson, er Hunavatnssyslu hèldt, dóm sínn fyrir Vigfus lögmann á alþíngi, um ordbragd Þóris Þorlákssonar, enn lögmadr nefndi XII menn í dóm at Vogi á Kialarnesi um sektir Þóris; hann hafdi svo sagt: at hann vildi gialda konúngi, í sektagiald, skóbætr oc gullfætíngia

skinn, ólar ristnar úr skóbótum, oc ullarfracka ærulausann. Hönum voru dæmd tólf keirishögg á þínginu, sitt af hverjum dómsmanni, oc eitt af lögmanni, oc syslumanni upptækt fè hans til medferdar oc í konúngsgard; skyldi hann oc ei þadann af vera meir enn hálfrèttismadr. Þá lèt Gottskálk biskup dóm gánga at Vídivöllum um sumarid, um kyrkju forsómun (vanrækt) Einars Brynjúlfssonor at Espihóli, þá um tvö ár. Var sá Einar son Brynjúlfs er þar var ádr, Magnússonar, Benedictssonar, Brynjúlfssonar. Þar var Jón prestr Arason at Hrafnagili einn í dómi, oc er þess gètid at hann hafdi þá konúngs umbod eda syslu í Vadla þíngi.

XLII Cap. Víg í Videy; fráfall Stepháns biskups.

Stephán biskup reid um Sudrnes, oc var staddr í Videy á visitatiu sinni; þar var þá med hönum Erlendr systr sonr hans oc sonr Þorvards lögmanns Erlendssonar. Þá bió á Saurbæ á Kialarnesi Ormr son Einars á Hofstödum Þórólfsonar, oc Katrínar dóttr Halldórs ábóta at Helgafelli, systr Eyriks; hann átti Ragnheidi Þorvardsdóttr systr Erlendár. Þá Orm oc Erlend greindi á um heimann-mund hennar, oc hiuggust sídan á med knífum í útidyrum í Videy, medann þar stód á biskúpsveitslu; madr var med Ormi, oc biskupssveinn einn med Erlendi, urdu þeir fyrir áverkum, enn svo lauk, at Erlendur vard Ormi at bana; var þat hans hid fyrsta víg, enn sídann vo hann mörg. Var í fornum kèrlíngasögum sídan, at Erlendr, eda nockr hans forfedra at því er adrir segia, ætti barn vid álfkonu, því þá var slíku almennt trúat ad svo mætti vera, oc vildi eigi vidgánga, oc því yrdi hann vígamadr; er mælt hann hafi vegid mann nærri Kolbeinsstödum er sá vildi qvedia hann; enn slíkt er nockud óvíst, nema þad sem hèr er nú sagt, oc þat, at Erlendr var vígamadr mikill, sem þá var þó alltídt, medann víg öll voru bætt med fè oc utanferdum, er eigi voru mordvíg. Stepháni biskupi þótti sèr nær höggvid á bádar sídr; er þá mælt hann hafi kosid Ögmund ábóta til biskups eptir sig, svo at Erlendr fríadist þá heldr frá klaustrsaurgun, er eigi þótti minna verdt enn vígid siálft, med því fleiru sem hann hefir tildregid. I þann tíma var mikill átrúnadr á krossinum í Kaldadarnesi í Flóa, bædi med giöfum oc áheitum, oc kom þar samann slíkt fiölmenni á krossmessum vor oc haust,

sem mest var á mannfundum; enn þetta haust fór þángad fiöldi manna sem vant var; oc tveim nóttum eptir krossmessu, þá menn vildu fara þadan heimleidis, fórst tyæríngr, var ofhladinn af mönnnm, oc sökk í midri áuni, tyndust XL eda L, oc komst engin af. Þar tyndist einhver hinn fremsti prestr sydra, Bödvar Jónsson frá Gördum á Alptanesi, rak líkid upp á Bæarfiöru, oc handbókinn á hálsi hönum; enn fiskimenn í Þorlákshöfn fundu dóttr hans á sió, med öllum klædnadi oc kvenn-silfri. Sídla um haustid, edr öndverdann vetr, tók Stephán biskup sótt í Skálhollti, oc var hann þá gamall; hann andadist á Andrèsmessu fyrir Jól um sólar uppkomu; var þá sendt eptir Ögmundi ábóta, at síngia hann til moldar, oc var hann jardadr á laugardag; hann var biskup nær áttu vetrum oc tuttugu; ei ber mönnum þó saman um andláts ár hans, telja sumir þat ári seinna. Hann var settr oc vandlátr í lærdómi sínum oc lifnadi, oc svo hamíngiu-mikill at hann fèck lægt stórmensku sinna óvina. Eptir hann var ógrynni lausafiar. Þetta var med ödru talid: CCCC tólfræd hestar sem hann átti siálfr, CCC tólfræd stikr vadmáls, CCCC tólfræd oc XXXII stikr af gódu klædi, XXI stycki af varníngsklædi, VII hundrud tólfræd stikr lèrepts, hálfvætt silfrs, þriár merkr oc þrír aurar umframm; í gyllinum vyrdt fyrir LXIII hundrud, XI fíngrgull, XII handsol, tveir daggardar búnir, fiögr pör knífa búnir, kross festarlaus, silfrlyndi oc af sprotinn, Agnus dei med festi, tvær kistr fullar med reikelsi, oc margt annad flejra, er Skálhollts kyrkia tók vid eptir hann, oc ógrynni jarda ad auki. Þá giördi vetr hardann, at því er Jón prestr Egilsson segir; enn í áttundu viku sumars giördi stórfiúk, svo at penínga fennti vída oc dóu. var þá Vígfús Erlendsson lögmadr yfir land allt. Þá keypti Ögmundr ábóti, fimtudaginn fyrstaun í sumri at Skálhollti, jardirnar Hvitárvelli oc Ardal í Andakyl, oc XXV hundrud í Nordtúngu, af Jóni bónda Hallssyni, í umbodi Gudlaugar Jónsdóttr, fyrir Gardsvika hinn mesta í Hvolhrepp, Sámstadi oc Túngu í Fljótshlíd, oc XI hundrud í lausafè. Hygg eg sá Jón sè hinn sami sem stadid hafdi at vígi Páls Jónssonar frá Skardi, med Eyríki Halldórssyni, oc farid útlægr á páfagard, oc komid svo út, oc var forfadir Bergliótar á Hvanneyri Hallsdóttr Olafssonar, því módir Halls var Karitas dóttir Jóns Hallssonar, þó er þat ei med

öllu fullvíst. Kom þat þá saman lærdum mönnum oc leikum fyrir sunnan, eptir dauda Stephans biskups, at Ögmundr ábóti skyldi biskup vera í Skáholti.

XLIII Cap. Giörníngar Gottskálks biskups oc annara.

Þridiudaginn nærstann fyrir Barnabæ, at almenniligri prestastefnu at Vídivöllum, kærdi Gottskálk biskup til Egils prests Hallssonar, at hann hefdi ecki fengid af Teiti bónda Þorleifssyni þau XIV hundrud sem hann hefdi heitid Hóla kyrkiu oc biskupinum, þá biskup tók Egil, úngann svein, til læríngar á kyrkiunnar kost at Hólum, sagdist hann opt hafa krafist þeirrar skuldar, oc ecki fengit annad svar af Teiti bónda, enn at Egill skyldi gialda þat siálfr. Var dæmt at Egill prestr væri qvittr oc skilin vid þat mál, oc biskup eigi enga lagasókn at hönum um þà skuld, heldr at Teiti, sem því hèt þá Egill var ómagi fiár sins, oc skyldi Teitr gialda skuldina med laga ávexti í nærstu fardögum. I sama mánadi kærdi Gottskálk biskup til Jóns Sigmundarsonar, þat hann oc hans umbodsmenn hefdi ósvarlega farid med kyrkiufèn á Reykjum í Túngusveit, dregid þau undir sig án biskups leifis oc vilja, enn kyrkjann at öllu lítt haldinn. Sögdu þá máldagar henni goldist hafa LX hundrud í fornann reikníng, at auk hennar innstædu fiórtán hundrada í fridu oc daudu, oc óreiknud vyrdist þó inntekt hennar um CCIX ár, hafi þó aldrei minni tyund fallid enn eitt hundrad á hverju ári. Var þat dæmt at fyrrgreindir peníngar væri fallnir uppí jördina Reyki eptir því sem hún er dyr til, oc biskup megi hana þá þegar at sèr taka kyrkjunnar vegna, oc öll hennar fè, oc halda þartil er þeir leysa, sem leysa eigu at lögum. Þar var einn dómsmanna Helgi ábóti at Þíngeyrum. Ögmundr var þá kosinn til biskups á alþíngi, oc sendr til vígslu, med gódum vitnisburdi Thyla hyrdstióra oc annara. Þar fór oc framm vitnisburdr um óspektir hyrdstiórans oc hans manna, síndar Ögmundi ábóta á alþíngi um þriú undanfarinn sumr oc ímsir urdu giörníngar; er vid þá marga gètid Ejólfs Gíslasonar Phillippussonar, oc svo Erlíngs bródr hans, eitt var þad er Jón prestr Arason seldi Einari ábóta oc klaustrinu at Miúnkaþverá Midhús í Höfdahverfi fyrir próventu oc framfæri Einar Magnúsdóttr módr sinnar, oc svo nockud fè í vidbót.

Þat segir annarstadar at væri vetri seinna í majo. Þá hafdi Rafn son Brands prests austr á Hofi Rafnssonar lögmanns Halldórssonar, syslu í Skagafyrdi, oc var hann þá allúngr.

XLIV Cap. Fèdráttr Gottskálks biskups.

Vetr giördi þar eptir hardann, oc fellir á peníngum manna; 1520
þau missiri lèt Gottskálk biskup rita brèf, midvikudaginn fyrir Barnabasmessu, oc telr þarí upp þær jardir, er hann hefir samandregid med ímsu móti, oc voru XI tugir jarda; gaf hann þær Hóla kyrkju med því skilyrdi at prestar síngi þar sálntídir tilteknar, oc til þess jók hann kaup þeirra; enn þar fyrir utann voru þær jardir er hann ætladi börnum sínum, gaf hann þeim VI hundrud hundrada, voru þar vid: Einar ábóti at Þverá, Helgi á Þíngeyrum, Nicolás príòr á Mödruvöllum Þormódsson, Jón prestr í Múla son Finnboga lögmanns, Pètr prestr Pálsson er þá var einn mesthattar presta, oc enn þessir prestar, Finnbogi son Einers ábóta Isleifssonar, Jón Þorgilsson, Gudmundr Jónsson, Nicolás Vilhiálmsson er enn mun gètid verda, Jón Finnbogason í Laufási, Jón Arnason, Gilbricht Jónsson, Þorsteinn Jónsson, Olafr Jónsson, Egill Hallsson, Jón Jónsson á Miklabæ, Jón Jónsson á Skinnastödum, Þorbjörn Jónsson á Bægisá, Þorbiörn Jónsson á Stadarbacka, Olafr Gudmundarson, Sniólfr Jónsson, Jón Sveinsson, Halldór Narfason, Thómas Eyríksson er laungu seinna var at Mælifelli, Jón Andrèsson, Sigmundr Arason, Jón Philippusson, Steinn Markússon, Jón Olafsson, Jón Marteinsson, Sveinn Finnbogason, Loptr Pètursson at Vídidalstúngu, son Pèturs Loptssonar, enn bródir Arna í Stóradal, oc Ragnheidar er Jón átti sídar son Magnúsar Þorkèllssonar í Skridu, Magnús Gudmundarson, Einar Magnússon, Jón Brandsson, Gísli Gudmundarson, Thómas Jónsson, Thómas Einarsson oc Þorleifr Jónsson. Enn slíku ógrynni fiár safnadi Gottskálk biskup hellst med hördum kyrkiu reikníngum, oc sektum allra handa, opt á smásökum, ella lagdi hann vid bann oc forbodan ef ei voru jardir luktar, enda hafdi hann oc mikid í öllu fè Jóns Sigmundarsonar oc konu hans, oc því er eigi furda þó þeirra nidjar hafi ord giört á grimmleik hans. Midvikudaginn

H 2

fyrir Jónsmessu postula *ante portam latinam*, þat er hinn VIta dag Maii mánadar, segir sumstadar at Einar ábóti Benedictsson oc Jón prestr Arason hafi giört giörníng um Elini med samþycki Gottskálks biskups. Gètid er í giörníngum Gilbrichts prests oc Sigmundar prests Gudmundarsonar er fyrri voru nefndir, oc at Eiólfr Einarsson tók upp fè fyrir Runólfi Höskuldssyni at Backa í yxnadal, svo at ei var eptir meira enn til L hundrada. Þrettán prestar báru oc vitni Vigfúsi Erlendssyni um hyrdstjórn hans oc lögsögn góda, oc beiddust af Christiáni konúngi, at Breidabólstad í Fliótshlíd, laugardaginn fyrir *divisionem apostolorum*, at meiga nióta þess samnings, er Hákon konúngr giördi fordum vid Islendínga, oc hafa hyrdstióra Islendskann, oc hellst Vígfús lögmann, er þetta skyldi frambera fyrir konúng, því at útlendir hyrdstiórar hefdi um þriu ár giört fridbrot á lögþíngum, gripid, slegid oc fángad lögrèttumenn fyrir rètta lögsögn, med mörgum ofsa oc óiafnadi. Þá er gètid dóms Snæbiarnar syslumanns í milli Gilsfiardar oc Lánganess um ákærur þískra kaupmanna til Eiólfs bónda Gíslasonar frá Haga, bródr Snæbiarnar; þeir voru synir Gísla Philippussonar. Einnin Thómasar prests Olafssonar, prófasts milli Lánganess oc Hvítár; oc enn fleiri manna.

XLV Cap. Utanför Ögmundar Pálssonar oc tálman.

Um sumarid fór Ögmundr Pálsson utann eptir biskups vígslu til Skálhollts, oc med hönum Thyli Pètursson hyrdstióri, oc vildi fá hyrdstiórn yfir allt land; Ögmundr spurdi at hann væri í óvild vid Christián konúng sakir slagsins á Breidabólstad; hafdi hann fengid at giöf rostúngstennr tvær miklar fyrir um vetrinn, oc sendt adra Olafi presti Símonarsyni, er sumir kalla Sígmundarson, í Kálfhollti, enn adra Philippusi presti Gíslasyni af Haga ætt; þeir smídudu úr þeim sinn lúdr hver þeirra, svo vel oc snotrlega, oc svo líka synum, at hverugann kendi frá ödrum, því þeir voru þá manna hagastir á landi hèr á skurd oc gröft, oc Ari prestr Steinólfsson hinn þridji, sá er smídadi Skálhollts kyrkju, oc skar allann skurd á henni innan, bædi á stöfum oc hurdum, Ögmundr feck sióvolk mikid oc mótvydri, hraktist hann undir Grænland,

oc komst híngat aptr um haustid, oc fór eigi utann á því sumri.

XLVI Cap. Andlát Jóns Sigmundarsonar oc Gottskálks biskups.

Jón Sigmundarson bió þá at Krossanesi á Vatnsnesi, oc var vinum horfinn oc snaudr at fè; hann tók sótt um haustid, þá er hann leiddi til bana; var í munnmælum at hann hefdi stefnt Gottskálki biskupi fyri dóm Guds, oc er þat satt at margr hefir um minni sakir skotid til Guds sínu málefni; hann ámynnti börn sín til gudlegs athæfis, oc fól sídann önd sína á hendr Gudi siálfum oc Jesu Christo, enn engum helgum mönnum sem þá var tídt; sídann andadist Jón; hafdi hann verid madr vel at sèr um allt atgiörvi, oc þó hinn mesti mótlætismadr. Börn hans voru Einar oc Helga, Gudrún oc Vilborg, hún var köllud Saungva Borga, oc vard úti sídast; Helga átti fyrst Krák Hallvardsson, þeirra börn voru Olafr prestr í Görðum oc Biörg er feck Erlendr prestr Pálsson, oc er þadann mikil ætt. Sídan giptist Helga Þorláki presti at Stadarbacka Hallgrímssyni frá Egilstödum austann, Sveinbiarnarsonar, prests í Múla Þórdarsonar; þeirra börn Þórdr at Mardarnúpi, oc Gudbrandr biskup. Gudrún dóttir Jóns átti Jón Hallvardsson bródr Kráks, þeirra son var Jón at Audunarstödum, er fèck Ingibiargar dóttr Lopts prests Þorkèlssonar at Húsafelli, þeirra son var Asgrímr prestr hinn lærdi. Gottskálk biskup var á veitslu at Greniadarstad, enn sumir segia at Hrafnagili, þá er hann spurdi andlát Jóns Sigmundarsonar; hann qvad þá mundi rád at búa sig til brottfarar, oc reid þadann skyndilega heim til Hóla; sídann tók hann sótt hastarliga, oc bad þá Gudmund hinn góda oc St. Johannes at þeir skyldi nú duga fèr; því nærst andadist Gottskálk biskup á Maríumessu á iólaföstu; hefir svo sagt Gottskálk Magnússon á Reykjum, at Magnús Biarnarson fadir sínn hafi þá verid sveinn hans; hafdi hann biskup verid XXI vetr, ocvar hèr þá biskupslaust, oc hardt í ári. Komu nú samann, skömmu fyrir iólinn, Einar ábóti at Þverá, Nicolás priór á Mödruvöllum, oc prestar adrir fyrir nordann Yxnadalsheidi, oc samtóku af sinni hendi, at Jón prestr Arason at Hrafnagili, skyldi hafa forsión, hald oc medferd á dómkyrkjunni, oc öllum hennar peníngum föstum oc lausum, giördu þeir brèf þar

um, oc sendu til Hóla. Komu þá samann á Hólum, á Thómasmessu fyrir iól, Helgi ábóti at Þíngeyrum, oc hinnir hellstu prestar fyrir vestann heidi, oc samþycktu giörníng hinna, þó svo, at þeir settu af sinni hálfu Pètr prest Pálsson, til at hafa rád oc umbod yfir Hóla kyrkiu oc hennar fè, med Jóni presti; oc sèu þeir bádir jafnmyndugir í öllum greinum til nærstu almennilegrar prestastefnu; oc vildu at rádsmadr Hólakyrkiu oc adrir stadarins umbodsmenn, hèldi hverr sínu starfi oc umbodi þángad til, kyrkjunni at skadlausu, oc giördu þar brèf um; stód svo um vetrinn. Voru þeir þá officiales Helgi ábóti at Þíngeyrum fyrir vestann heidi, enn Jón prestr son Finnboga lögmanns fyrir nordann. Þann tíma kom nockud af Borgarhöfu undir Skridu klaustr, oc þá dó Arni ábóti at Þyckvabæ.

XLVII Cap. Frá vígslu Ögmundar oc ödru.

Um vorid á mánudaginn nærstann fyrir krossmessu, var haldinn
1521 almennileg prestastefna at Eyrarlandi, samþycktu þar officialis, ábótar, oc hellstu prestar allir, at Jón prestr Arason skildi vera rádsmadr oc umbodsmadr Hólakirkiu, oc allra stadarins peninga, med öllum rètti oc rentu sem Hóla rádsmanni ber at hafa, skildi hann hafa fullkomid vald yfir leikum oc lærdum heima á dómkyrkiunni, oc öllum þeim kyrkiunnar málefnum sem til kynni falla milli Vargár oc Ulfdalahalla, leysa *poenitentes* er brotlegir verda eda ordid hafa í því takmarki, sækia til sekta, oc dæma yfir kirkiunnar sakfalli, oc eignast siálfr öll XI marka mál oc smærri, enn hin stærri skyldi hann sækia, oc standa kirkiunni oc hennar officiali reikníng af. Hann skal setia rádsmenn oc umbodsmenn til stadarins oc útbúa, halda sveina oc þiónustu fólk á stadnum oc búunum, svomargt sem naudsinlegt er at skadlausu, luka allar löglegar skuldir af kyrkiunnar fè, oc innheimta þær sem heimta skal. Alla þá sem kyrkiunnar peninga hafa oc halda ránglega, fyrir laungu eda skömmu, skal hann sækja, stefna þeim oc dóm yfir segia, oc láta gialda kyrkiunni rètt, eda semja um med rádi gódra manna. Þiónustulaun sín skal hann taka af stadar peníngum med siálfs síns afhendíngu, svo mikil sem officialis synist vel af haldinn, oc skal svo standa þar til er

erkibiskup í þrándheimi giörir adra skipun á. Qvádust prestar vilia halda þat sem Jón prestr giörir lögliga í umbodum þessum, enn fari hann óhaglega med stadar penínga, edr forsómi þá af sínum vilia edr völdum, meir enn hann hefir borgun fyrir, vilia þeir dæma af hönum umbodid á nærstu presta-stefnu. Skal hann standa rèttum officiali reikníng á hverium tólf mánudum, medann hann hefir þat umbod, á þeim stad oc tíma er þeir tiltaka. Ritudu nú ábótar oc klerkar fyrir nordan land Eyríki erkibiskupi í Nídarósi, bædi fráfall Gottskálks biskups, oc hversu afstædist. Þá var Grímr Jónsson á Ökrum í Skagafirdi kosinn til lögmanns á alþíngi, oc sídann af VII lögrèttumönnum í hèradi. Þegar um vorid fór Ögmundr biskupsefni til Noregs, oc Thyli hyrdstióri til at fá forrád alls lands, hann hafdi þá um vetrinn fengid brèf útgèfid af herrum í Hamborg, segia þeir at Henrich Hornemann oc Henrich Vageth hafi þat svarid á alþíngi ádr, á Pètrsmessu oc Páls, at Hannes Eggertsson hafi lofad Thyla XCII gullgyllinum, enn Thyli lofad Ara Andrèssyni í Bæ fiám sínum öllum, oc sakir allar milli Hannesar oc Thyla skyldu nidrslegnar; má af því ráda at þeim Thyla oc Ara hefir nockud í milli farid. Þeim tókst greidlega utanförinn, oc spurdi Ögmundr óvild konúngs til sín, þó fór hann á konúngs fund; hafdi Thyli flutt mál hans í brèfi til konúngs oc erkibiskups, oc vænti aptr fylgis af Ögmundi. Christján konúngr annar hafdi átt fridlu hollenska þá hann var úngr, sú hèt Dyveke, hèldt hann vid hana þartil hann fèck drottníngar sinnar Elizabethar, dóttr Philippusar Spánar konúngs, enn systr Karls keisara hins ríka. Módir Dyviku hèt Sigbrit, hollendsk at allri ætt, oc hafdi fyrri verid eplakona í Amstrdammi, hèllt sídan króhús í Noregi; — var hún miög kæn, oc feck svo mikinn metnad af konúngi, at hann giördi flest at hennar rádum oc vilia, þótt hönum yrdi þat til óvinsælda sídan. Fyrir því leitudu flestir hennar medalgaungu oc tillaga, hverr er vildi heldr bidia af sèr reidi konúngs, eda fá nockud lèni eda gagn; feck hún jafnan þat er hún bad um. Ögmundr biskupsefni fór at dæmum annara, oc kom sèr í kunnleik oc þvínæst kærleika vid Sigbritu, tjádi henni öll sín efni oc eyrindi, oc gaf henni annan lúdrinn góda, oc mikid gull oc silfr sèr til lidsinnis; lagdi hún þat þá til ráds, at hann skildi hafa hinn lúdrinn med sèr þá hún giördi hönum bod at koma fyrir konúnginn, oc hún

ætladi best færi á vera. Enn sem hún hafdi túlkad mál hans fyrir konúngi sendi hún hönum ord at koma á konúngs fund, hann brá vid skiótt, oc bióst hinum bestu klædum, lèt sæka sèr vín og drack þriá drycki í nafni heilagrar þrenníngar, bad gud láta þad uppkoma sem hönum líkadi hvert sem væri líf sitt eda daudi. Enn sem hann kom fyrir konúng, fèll hann á knè, oc gaf sig oc allt sitt málefni, á hans vald og nád oc rètti hönum lúdrinn. Konúngr tók vid, oc er hann hafdi horft á um stund, spurdi hann Sigbritu hvert hún hefdi sèd slíkann lúdr? hún qvad þat víst vera, kom þá svo langt med þeim at þau vedjudu C dölum at því er mælt er; enn hún sýndi þegar finn lúdr; konúngr spurdi hver henni hefdi fengit? hún svaradi: Islendíngr þessi, herra! oc bad um nád fyrir hann, oc at eyrindi hans mætti fá framgáng, feck hún bæn sína, oc Ögmundr biskupsdæmid, því at Dana konúngar voru ríkari þá, oc rèdu meiru vid klerkana enn Noregs konúngar ádr. Enn þó Ögmundr bæri fram brèf frá Englandi til lidsinnis vid Thyla, fèck hann ecki hyrdstiórnina, oc fór þvínærst til Svíþiódar; giördist hann þá víkíngr, oc kom opt til Islands at ræna; enn Hannes Eggertsson tók vid hyrdstiórn allri. Var Ögmundr vígdr til biskups af meistara Eyríki Valkendorf erkibiskupi í Nídarósi, oc kom út um sumarid eptir á Vestfiördum.

XLVIII Cap. Giörníngar.

Þau missiri sem Ögmundr biskup fór utann, gaf Christián konúngr landsvist Olafi Ormssyni, er vegid hafdi Skúla Þormódsson; þá nefndu Officiales í Nordrlandi, Jón prestr Finnbogason oc Helgi ábóti, sex presta í dóm at Eyrarlandi, mánudaginn fyrir Philippimessu oc Jacobí, um hiúskap Jóns Hallgrímssonar oc Helenu Þórarinsdóttr. Þann dóm úrskurdadi Helgi ábóti sídann lögleg-ann, laugardaginn *infra corporis Christi* at Þíngeyrum.

XLIX Cap. Sveinstada reid.

Teitr hinn ríki bió þá í Glaumbæ, Þorleifsson, Arnasonar, Þorleifssonar í Vatnsfyrdi, er átti Christínu, hann hafdi Húnavatns

þíng, Inga hèt kona hans, Jóns dóttir, einnig komin af gòdum ættum Teitr var mikill fyri sèr oc kappsamr miög í málasóknum. Madr nockur hèt Einar Jónsson, úr Húnavatns þíngi. Sagt er svo ad hann hafi flækst í einhverium sökum vid kyrkiu eda biskup, oc þesvegna verid dæmdr rètt tækr undir skript af kyrkiuvaldinu, enn allir hans peníngar fastir oc lausir fallnir undir Hólakyrkiu at helmíngi; flúdi Einar í skiól Teits, því hann var þá ríkastr madr þar í grend. Teitr tók Einar undir sína vernd oc penśnga hans. Jóni presti biskupsefni þótti sèr bera at ná því fè undir dómkyrkiuna oc stefndi þeim málum til Sveinstada þíngs í Húnavatns syslu, fyrir lögmanninn, Grim á Ökrum Jónsson; ridu þeir Jón prestr oc lögmadr oc Rafn, son Brands prests austr á Hofi Rafnssonar, er um þær mundir var syslumadr í Skagafyrdi, med LX edr jafnvel nær LXXX hraustra manna til þíngsins, oc gistu fyrimenn flocksins at Þíngeyrum þá nærstu nótt fyrir stefnudaginn. Teitr sókti oc vestr til þíngsins oc kom á þíngstad fyrri; hafdi hann nær LXXX manna, vel vígra oc tygiadra; — enn er þeir ridu frá Þíngeyrum Jón prestr oc Grímr lögmadr, mættu þeim prestar tveir, oc bádu þá fara varliga; sögdu þeir Teit fyrir, mannadan vel, oc mundi veria Þíngstadinn oc hamla því at málinn færi í dóm at því sinni. Þeir Jón prestr oc Grímr lögmadr ridu ei at sídr, til þess er þeir komu at hæd nockurri milli Sveinstada oc Steinness, hvar þeir námu stadar oc setti lögmadr þar þíng þó þar væri ei veniu þíngstadr. Enn er Teitr sá reid þeirra oc áform fór hann þángad med flock sinn allann, oc bad menn sína slá oc stínga sem þeir mætti, hófst hann oc fyrstr til atgaungu. Hinir voru lítt vidbúnir oc hrucku undann. Þar fèll af mönnum Jóns Arasonar Arni, son Bessa Þorláksonar er ádr er gètit, enn þar at auki urdu menn tyu sárir af grióti oc vopnum. Grímr lögmadr vildi stilla, enn fèck ei atgiört fyrir atgaungu þeirra Teitsmanna oc var hann þá sleginn. Hann þreif þá stálboga sinn, oc skaut pílu í armlegg Teiti, oc vard hann sár, urdu oc nockrir sárir fleiri, enn vid þat vard hlè á bardaganum; kom þá oc at Helgi áboti frá Þíngeyrum med fiölmenni, oc geck á milli, oc fèck loks skilit þá enn litla þöck fèck hann, oc þó minni laun, af Jóni presti Arasyni, fyri þat starf. Ecki er þess gètid at vígi Arna hafi í þat sinn lyst verid á Teit eda nockurn hans manna. Enn skömmu sídar

stefndi Jón Arason Teiti Þorleifssyni, til almennilegrar prestastefnu at Flugumyri, nærsta dag fyrir Jónsmessu-Baptistæ, fyrir sig oc XII presta dóm sinn, oc kom ei Teitr; enn þær voru sakir: fyrst ad Teitr hefdi tekid oc haldid alla þá penínga er Einar Jónsson hefdi átt, oc dæmdir voru Hóla kyrkiu; var Teitr dæmdr skyldugr til at gialda þá alla Hóla kyrkiu umbodsmanni Jóni presti, med fullum lagaávexti. I annan máta þat Teitr hefdi vísvitandi keypt Hóla kyrkiu jörd Galltarnes í Húnavatns þíngi; fyrir þat dæmdist hann fallinn í bann, oc skyldugr at taka lausn oc skript, enn gialda dómkyrkiunni fullrètti, nema hann sanni med siöttareydi at hann vissi hana ei vera kyrkiunnar eign. Þat þridja at Teitr hefdi vega lâtid sinn oc kyrkjunnar þènara, at sèr siálfum ásiáanda oc nærverauda, oc særa oc ófæra giöra sína oc marga kyrkjunnar þiónustumenn, móti brèfi herra Eríks erkibiskups, med hveriu hann hafdi tekid Jón prest Arason oc hans menn, í hins helga Olafs konúngs oc sinn frid oc vernd; var fyrir þat Teitr dæmdr skyldr at fara fyrir erkibiskup innann nærstu XII mánada, oc svara þar rèttum lögum, á þeim stad oc tíma sem hönum verdr skipad um þat mál. Teitur fór hvergi, enn Eyírkr erkibiskup dó á því ári, oc Grímr lèt af lögsögn, enn Teitr tók vid henni, oc fèck á alþíngi um sumarid XII lögrèttumanna dóm á því, at hann væri frí oc qvittr af vígi Arna, ef eckert sannadist med löglegum vitnum eda skilríkjum meira enn þá var komid framm; enn fyrir Sveinstada fór, oc ófridar atvik á þeim fundi, tók hann qvittan af Hannesi Eggertssyni hyrdstióra, enn hann átti öll hálf sakfelli á landinu. Var Teitr sidann lögmadr um hríd, oc hèllt þetta fyrir lögvörn sína, móti ákærum Jóns prestr Arasonar, oc einnin Seiludómi Rafns Brandssonar sídar. Jón prests eignadi Helga ábóta á Þíngeyrum óhollustu vid sig í skiptum þeirra Teits, oc bió fyrir þá sök mál til á hendr hönum, oc stefndi hönum til Hóla, fyrir dóm Jóns prests Finnbogasonar Officialis oc XII presta hans, fyrir þat, at í fyrstu hefdi hann ecki lukt þau XX hundrud, er hann gèkk í borgun um fyrir Asgrím Finnsson, oc gialdast áttu Hólakyrkju í sakeyri, eptir reiknígi oc egin handskrift Gottskálks biskups; var þá dæmt at Asgrímr skyldi þau siálfr gialda ef ógoldinn væri í nærstu fardögum, enn Helgi ábóti skilinn vid þá skuld, ef hann hefir enga penínga af Asgrími uppborid, því hann ætti ecki í nockurri ver-

aldlegri borgun at standa um leikmanna mál. Þat var önnur sök, at ei hefdi hann aptr goldid þá penínga, er hann hefdi til láns tekid af Hòla kyrkiu, oc skyldu þeir goldnir í nærstu fardögum. Þat var hid þridja, þat hann hefdi eigi lokid dómkyrkiunni silfr þat er Gottskálk biskup hafdi hönum í hendr fengid. Þat dæmdist hann einnin skyldr at gialda í nærstu fardögum. Fiórda at hann hefdi samneytt þeim mönnum er gripid hefdi hesta fyrir Hóla kyrkiu; dæmdist þat at hann skyldi leida til tvö vitni lögleg, at hann hefdi þat ecki giört, sídann hann vissi þeim sök á gefna. Fimta um samneytn oc styrk er hann veitti þeim mönnum, er vogu Arna Bessason, kyrkiunnar þiónustumann, oc særdu tyu menn adra lærda oc leika; vottudu þá sök tveir prestar, oc adrir fleiri; fyrir þat skyldi Helgi ábóti synia med eydi, eda taka lausn oc skript af Jóni presti Finnbogasyni Officiali; er þat at siá sem Officialis hafi ei viljad halla á Helga, oc vann Jón prestr Arason þar lítid á.

L Cap. Utkoma Ögmundar biskups, oc frá ímsu.

Ögmundr biskup kom út, sem fyrr segir, um sumarid, hiá Saurbæ á Raudasandi; þar bió þá Ari Andrèsson Gudmundarsonar, oc Þórdys Gísladóttir Philippussonar, systrdóttir Magnúsar biskups, oc áttu gardinn; var biskup med þeim í viku vid tólfta mann í gódum beina, hann var hinn þrettándi; feck Ari hönum þrettán hesta járnada, reidtygi oc fylgdarmenn sem hann þurfti, austr í Skállhollt. Sídann var vinátta mikill med þeim biskupi jafnann. Þau Ari oc Þordys áttu ecki barn, oc gáfu þau Bæ fyrir Beneficium undir Skálhollts kyrkiu. I þann tíma voru þessir prestar at Stödum í Skálhollts umdæmi, svo menn viti med vissu: Brandr son Rafns lögmanns austr á Hofi, hann var fadir Rafns er þá hèllt Hegraness syslu, oc systkina hans. Jón Gislason í Hollti undir Eyafiöllum, son Gísla Philippussonar í Haga, enn bródir Erlíngs at Briámslæk, Snæbjarnar syslumanns vestra, Helga oc Vígfúsar, Eyólfs mókolls í Haga, Þórdysar í Bæ er Ari átti, oc Gudrúnar austr í Myrdal. Jón prestr var fadir Gunnlaugs oc Gísla er átti Margrètu, dóttr Snorra prests Hiálmssonar, oc Gudnyar er átti Pál. son Vígfúsar lögmanns Erlendssonar. Olafr Sigr.

mundarson smidr var í Kálfhollti, Stephán Gíslason at Gaulveriabæ, Jón Gíslason bródir hans í Hraungerdi, Felix Gíslason, hinn þridji þeirra í Brautarhollti á Kialarnesi; hann var haldinn af alþídu miög máttugr; þeir voru allir synir Gísla þíngaprests, Olufar ríku, Arnbjarnarsonar Salomonssonar. Gísli hèt sonr Jóns prests, er gètid verdr vid. Jón Einarsson var kyrkiuprestr í Skálhollti, Einar Olafsson á Seltiarnarnesi frændi Stepháns biskups. Olafr Gíslason í Reykhollti, Einar Snorrason Ölduhryggiar skáld af Stad á Snæfellsnesi, Halldór Tyrfingsson í Saurbæ vestr, Magnús son Eiólfs mókolls í Selárdal. Jón Eyriksson Sumalidasonar í Vatnsfyrdi, hann var bródir Sæmundar í Asi. Einar son Sigvalda lángalífs bió austr á sídu, hann átti Gunnhildi, oc var hann fátækra manna, þeirra börn voru Gissr, Þorlákur, Halldór, Jón, Arni, Oddny, giördist hún sídar nunna í Kyrkiubæ. Einar var allra manna hædstr sem fadir hans; hann vard eigi gamall, oc lifdi Gunnhildr eptir kona hans, med börninn vid fátæki; þá var Halldóra abbadys at Kyrkjubæ, frændkona þeirra, dóttir Sigvalda lángalífs hún var skörúngr mikill, oc qvenna hædst vexti; hún hèllt þeim vid. Gissr var elldstr, oc miög hneygdr til boknáms, audsveipr oc skilníngsgódr, kom Halldóra hönum sídann í þiónustu Ögmundar biskups þá er hann var nockud vaxinn. Einar prestr Snorrason at Stad á Ölduhrygg hèlldt vid Ingirídi systr Stepháns biskups, þeirra börn voru Marteinn, Pètr, Brandr, Nicolás, Þorvardr; hann var yngstr, oc vard seinna baccalaureus í Danmörku, oc dó þar. Gudrún, hennar feck Dadi í Snoksdal, son Gudmundar Finnssonar frá Ökrum; Gudlaug, hún giptist enskum manni þeim er Robert hèt, er tvo vetr hafdi verid vetrtökumadr at Stad med Einari presti; var brudkaup þeirra haldid í Rifi á kost enskra, oc lögdu þeir samann af IX skipum, oc gáfu tunnu víns af hverju, stód veitslan hálfann mánud; fóru þau Robert oc Gudlaug hid sama sumar í England, oc Marteinn med þeim IX vetra, geck í skóla, lærdi latinu, oc málverk, oc vard vel at sèr í þeirri kunst; þeir voru hálfbrædr Marteins at móderni, Erlendr, Nicolás oc Magnús, synir Jons smids Audunarsonar er Ingirídr átti fyrri, oc allra manna vár hagastr á allt nema silfr, oc bió á Öndverdunesi. Erlendr var fadir Ingirídar í Túngu í Auddarsveit, enn Nicolás fadir Bergs prestr í Vestmannaeyum. Jón prestr Gíslason er fyrri var gètid, bió í Flóa, fylgikona hans hèt

Vilborg Þórdardóttir, oc var þeirra son Gísli; dó Vilborg þar, enn Jón prestr fór med syni sínum til Ulflíótsvatns í Grafníngi, til eckju einnar, oc bió þar lengi med henni. Alexius Pálsson var þá prestr at Þíngvöllum, er sídar vard ábóti, til hans kom Jón prestr Gísla syni sínum í kennslu, oc ólst hann upp á Þíngvelli þartil er hann var X vetra, oc var þad nú er hèr var komid, enn sumir segia þar til er hann var sextán vetra, oc færi þá til Ögmundar biskups. Olafr hèt prestr einn, son Hiallta Arnkèlssonar, þess er umgètr í æfi Olafs biskups Rögnvaldssonar; Hiallti vard gamall madr, nær hálf-nyrædr, enn Olafr gèck í skóla utanlands á úngdóms-árum, sumir segia í Biörgvin, enn adrir í Hamborg, oc er þat líklegra, því at hann fèck kynníngu Luthers, enn lèt ei á sèr merkja í landi hèr; hann skildi latínu, enn taladi midr, var þó málfromr oc tölugr; hann vigdist til prests ádr Gottskálk biskup dó, því at Jón prestr Finnbogason Officialis útnefndi hann med ödrum prestum í dóm, midvikudaginn eptir Matthiasmessu á Hólum, um ákærur Jóns prests Arasonar rádsmanns Hólakyrkiu, til Helga Höskuldssonar ábóta á Þíngeyrum, oc var um þann dóm gètid fyrir skèmstu; hann var oc med þeim prestum fyrir vestann heidi er ritudu Einari ábóta at Þverá, Nicolási priór, oc ödrum prestum fyrir nordann heidi, at fyrir kyrkjunnar naudsyn hefdi kosid Jón prest Arason at rádsmanni Hólastadar, oc til Officialis síns til nærstu prestastefnu. Þat vildi Jón Arason ecki undirgángast nema allra þeirra vilji væri til, oc því bádu þeir hina fyri nordann samþyckia þetta med sèr, er þeir viti hann best tilfallinn. Kom þá svo at allir urdu samþyckir at Jón prestr væri bædi rádsmadr oc Officialis, þvíad hann var höfdíngi mikill, oc hafdi mannhylli, ör oc málsniall, skáld gott oc gledimadr mikill; enn þetta var allt á einum missirum, oc útkoma Ögmundar biskups. Þá ættleiddi oc Jón prestr börn sín fiögr, Ara, Magnús, Biörn oc Þórunni, oc skyldi Þórunn hafa iafnt vid brædr sina, enn Halldóra Magnúsdóttir samþyckti, módrsystir hans. Þá tók af tvo bæi eystra fyri snióflódum, oc þá vigdist Helgi prestr Jónsson frá Hvammi í Nordrárdal til ábóta í Videy á Lúcasmessu, oc gaf Hvamm, Galltarhöfda oc Sanddalstúngu Ögmundi biskupi oc Skálhollts kyrkiu, hvert sem biskup vildi vera láta Beneficium edr Skálhollts eign; kaus biskup at væri beneficium. Þar med gaf Helgi kyrkjunni í Hvammi XX málnytu-kúgildi, oc X hundrud í

þarflegum peníngum, enn þá fèll nidr allr portiónsreikníngr, er fyrir XIV árum hafdi verid XXVII hundrud, oc hvad vid aukist hafdi sídann. Videyar klaustri gaf hann XL hundrud í jördinni Nordtúngu í Þverárhlíd, oc XX kúgildi. Jóni Helgasyni sonarsyni sínum gaf hann Dyrastadi XXIV hundrud, Gèststadi XI hundrud, oc V hundrud í Desey; enn Helga Helgasyni bródr hans Hamar í Þverárhlíd XVI hundrud, Grísartúngu í Stafholltstúngum XXIV hundrud, oc hverium þeirra fyrir sig XX hundrud í kúgildum, oc þarflegum aurum; systrum sínum þremr, hverri fyrir sig V hundrud, enn fátækum þad er afgángs var, oc hafdi þó gèfid ádr góda oc þarflega penínga Videyar klaustri.

LI Cap. Kosníng Jóns Arasonar, oc kapp Ögmundar biskups.

A því sumri fengu Nordlendíngar brèf med innsiglum kórsbrædra í Nídarósi, oc gáfu þeir þeim fullt vald at kiósa sèr biskup at Hólum, hvern er þeir vildu, oc sæi best tilfallinn; kusu þá allir prestar fyrir nordann land Jón Arason, nema Pètr prestr Pálsson, er hid fyrra árit var Hólastadar rádsmadr med Jóni presti. Bödvar prestr fann þat til at Jón kynni ecki latínu er hellst var tídkud; hann qvad:

Latína er list mæt, lögsnar Bödvar!
í henni eg kann ecki par Bödvar!
til nauda hefir nóg tiád nu þar, Bödvar!
þótti mèr þó rètt þitt svar, Bödvar!
:|: míns ef væri módrlands málfar, Bödvar! :|:

ecki fór Jón Biskupsefni utan á því missiri; þá var Erlendr son Þorvards Erlendssonar lögmadr ordinn sunnan ob austan, oc vard hann þad fyrri enn Teitr nyrdra; enn þat er at segia frá Ögmundi biskupi, at þá er hann var útkominn, sem fyrri greinir, oc hafdi fengid af korsbrædrum í Nidarósi vald til at vera umbodsmadr yfir Hóla kyrkiu, oc öllu hennar fè, oc *administrator* biskupsdæmisins, þá setti hann eptir sinni vild officialem yfir nordrland, oc rádamann fyrir stólinn, oc svo umbodsmenn sína nyrdra, enn stód í móti kosníngu Jóns Arasonar, oc vildi ónyta, enn kiósa aptr til biskups vel-lærdann mann framadann, Jón prest, son Einars Þorólfssonar, sem hyrdstióri hefir verid kalladr, frá Hofstödum í

Miklaholltshrepp'," oc Katrínar Halldórsdóttr ábóta at Helgafelli Ormssonar, bródr Orms er Erlendr vo; giördist þá rostusamt fyrir nordann land enn nordlendíngar hèldu at nyu samkomu fiölmenna at Hólum, nærsta dag eptir Símonsmessu um haustid, ritudu þar ábótar oc prestar Hólabiskupsdæmis, XXIV ab tölu, mótmæla oc protesterunar brèf til erkibiskups, oc kórsbrædra í Nidarósi, móti Ögmundi biskupi oc hans giörníngum í Hóla umdæmi, oc innsigludu þat, þess innihalds: at í fyrstu hafi þeir fengid vald til at kiósa biskup siálfir, ádr Ögmundr biskup kom út, oc þat hafi þeir giört; því nærst sè þat lióst af gömlum skilríkjum, at Hólakyrkia hafi iafnan fengid skada af Skálhollts biskupum, þá þeir hafi haft hennar forrád, hafi þeir tekid frá henni mikla penínga oc ecki aptr lagt; í þridja lagi haldi Ögmundr biskup peníngum Hóla dómkyrkiu, ei minna verdum enn tvö hundrud tólfræd rínsk gyllini, er gèfid hafi verid hinum góda Gudmundi biskupi; oc þótt hinn verdugasti fadir Eyrikr erkibiskup hafi med innsigludu brèfi bodid, at skila aptr þeim Gvöndar-peníngum, haldi Ögmundr biskup þeim inni; í fiórda máta hafi hann, án þeirra samþyckis, skipad yfir þá umbodsmann oc officialem, fyrir því afsegi þeir allir þat Ögmundr biskup hafi nockr umrád Hóla kyrkiu oc hennar eigna, oc skióti sèr undann hans oc allra hans prælata oc presta dómum, enn undir dóm oc vald erkibiskups, oc hans capitula rád oc umsión, qvádust hid fyrsta vilia senda sinn útvalinn formann Jón prest Arason til Þrándheims dómskyrkiu Capitula, med varnir sínar þessar; enn med eyrindum Ögmundar biskups hafdi farid Pètr prestr Pálsson, af óvild til Jóns Arasonar. Enn af þessu öllu samann, vóx miög óþocki med þeim Ögmundi biskupi oc Jóni biskups efni; kènndi Ögmundr biskup Jóni þau mótmæli er prestar veittu hönum oc hans umrádum; var hann miög stórrádasamr, því at ecki stód hönum uggr eda ótti af leikmönnum í Skálhollts biskupsdæmi, hafdi Stephán biskup nidr lagt alla stórmensku þeirra, oc vildi hann hafa Jón prest Einarsson, er hönum var handgenginn, at biskupi á Hólum; hugdi sèr dælla oc audveldara at ráda med hönum enn Jóni presti Arasyni, oc fyri því setti hann forrádamann nyrdra sem ádr segir, enn þat var miög óþockad af Nordlendíngum; enn sem Ögmundr biskup vissi rádagiördir þeirra, leitadi hann vid af öllu afli at hindra kosníngu oc utanför Jóns Arasonar, enn þó Jón væri kappsamr einnin, fór hann kænligras

oc sló undann stórmennsku Ögmundar biskups í sumum greinum.
1523 Ögmundr biskup fór á medann um austfyrdínga fiórdúng, oc kom at Hofi í Vopnafyrdi til Brands prests Rafnssonar, hann hèt at láta tvö kúgildi med hverri stadarins jördu þá hann sleppti. Þá fèll Róma-skattr talinn á nagla þar eystra, í kyrkiubæar þíngum CVI naglar, í Asþíngum XCV, í Hofteigsþíngum IIII, oc í Skeggiastadar þíngum LIV naglar, oc svo at því skapi vídar.

LII Cap. Frá Ögmundi biskup,, Thyla oc ödru.

Þau missiri var Christiín annar Dana konúngr rekinn af ríki, enn Fridrikr födrbródir hans tók vid; þá giördist Olafr Engilbertson erkibiskup í Nidarósi; Vígdi þá Ögmundr biskup ábóta til Þyckvabæar, Kolgrím prest Kodransson frá Valþiólfstad; giördist med þeim kærleiki, oc tók biskup son hans sèr til hins hellsta sveins, sá hèt Eiólfr, mikill madr oc sterkr, oc ofláti. Þat sumar kom Thyli Pètursson, oc fór at hitta Hannes hyrdstióra; hann braut upp kyrkiu á Bessastödum oc önnr hus, oc rænti konúngs eignum oc annara manna, enn handtók Hannes, oc flútti út í hólm, oc hèllt þar hálfann mánud; dæmdi þá Erlendr lögmadr Þorvardsson á Strönd med XII mönnum í Kópavogi, laugardaginn eptir helgu viku, Thyla dræpann fyrir slíkann herad; enn hann fór þá um sinn til Svíþiódar med herfáng sitt. Ögmundr biskup ákærdi Laga-Audun son Sigurdar Sveinbiarnarsonar fyrir fylgi vid Jón Arason, oc dæmdi af hönum LX merkur; hann ákærdi einnin oc dæmdi í sektir Jón Einarsson fyrir ímsar sakir. Einnin dæmdi hann XC merkr af fè Vígfúsar lögmanns Erlendssonar er vinr hans hafdi verid, til sín, oc iafnmargar til Skálhollts kyrkiu, enn LX merkr fyrir kyrkiugaungu, fyrir þat er hann hafdi fengid Salgèrdar Sniólfsdóttr í fiórmennings meinum, enn allt hans fè upptækt fyrir kyrkiugaungu, oc var hann þá dáinn. Þau voru börn Vígfúsar Páll at Hlídarenda, oc Gudrídr er átti Sæmund Eyriksson at Asi, Kristín er hèldt vid Magnús son Jóns biskups, oc Anna er sídar átti Hiallti Magnússon í Teigi, enn laundætr Ingvildur oc Gudrún. Gèngu dómar á alþíngi um Sveinstada reid, oc var þar einn fyrir svörum Grímr Jónsson er lögmadr hafdi verid; oc svo presta dómar er Ögmundr biskup lèt útnefna í málum þeirra Jóns Arasonar er ádr var gètid. Þá fór framm einn vitnisburdr um Hvallátr jördu

Biarnar Þorleifsonar; er gètid þess at Loptr Ormsson fadir Pètrs hafdi giört fyrrum heimreid oc fiár upptektir í Máfahlíd fyrir Þorleifi hyrdstjóra födr Biarnar á Reykhólum.

LIII Cap. Vidreign Ögmundar biskups, oc Jóns Arasonar.

Jón prestr Arason ætladi nú utann med þískum, enn þeir urdu sídbúnir um haustid, oc komst hann ei utann; lá skipid í Kolbeinsárósi um vetrinn, enn skipveriar voru XX heima á Hólum; 1524
þótti þà Ögmundi biskupi ecki óvænkast sítt rád, oc sendi nordr Olaf prest Gilsson, med forbodsbrèf at lesa yfir Jóni presti oc byrta hönum. Olafi presti þótti uggvænlegt at fara heim at Hólum med þann bodskap, reid hann í Vídirnes, oc giördi biskupsefni bod at hitta sig þar. Jón prestr Arason giördi hönum ord í móti, at hann mundi koma hinn nærsta dag, lèt hann þá leggia klædi sín, húfu oc strút sem þá var tídt at bera, yfir Þorstein prest Gunnason Hólaskálds, oc fara til fundar vid Olaf prest med alla sveina sína, oc Ara son sinn, hann var þá halfvaxinn sveinn; oc er þeir hittust, hugdi Olafr at Þorsteinn prestr mundi vera biskups efni, hneigdi hönum miög, oc lèt hatt undir hönd sèr, leitadi púngs síns, oc tók uppúr brèf Ögmundar biskups, oc afhendti Þorsteini; í því fèll nidr hattr hans, enn Þorsteinn prestr skipadi Ara af valdi at taka upp, oc svo giördi hann, mæltust þeir fátt vid, oc skildu svo at Olafi var heitid svari at morgni. Þorsteinn prestr sá rád fyrir brèfinu, svo biskupsefni sá þat aldrei, enn ritadi þó Ögmundi biskupi afsökunar brèf, oc vìsu fyrir nedann, oc er þetta upphaf at:

> Vasadi í Vídirnes valinn til at bera skial
> enn þetta er nidrlag:
> Setti nidr sinn hatt, þá sveininn fann hann Þorstein;

sá þá Ögmundr biskup at brögd voru vid höfd, oc líkadi stór Ílla; fyrir því sendi hann til Hóla nordr Pètr prest Pálsson vin sinn, enn er hann kom til Hóla, var hönum fylgt í arnarstofu, oc beid þar nockra stund, enn á medann reid Jón prestr Arason á braut

K

af stadnum nockud í syslu sína, oc vard ei meira hans eyrindi. Þá sendi Ögmundr biskup Jón prest Einarsson er hellstr var; hönum tók Jón Arason ágætlega, oc sló upp veitslu fyrir hönum oc hans mönnum, enn hverki vard af brèfalestri nè afhendíngu, oc urdu ferdir þær ónítar; enn er leid ad páskum sendi Jón prestr Arason svein sinn Olaf Ormsson, er sídann var í Dal, med fridmælíngar brèfi í Skálhollt, tók Ögmundr biskup vel vid hönum, oc lèt setia hönum dryckiu bord í einni stofu um páskirnar, oc tvo sveina sína vera hiá hönum, enn seint á fiórda í páskum hvurfu sveinarnir; frètti Olafr um morguninn eptir af ófródum mönnum, at biskup hefdi í gær ridid med fiölda manna nordr til Hóla, nádi hann seint hestum sínum; enn reid sídann sem mest mátti hann, oc nádi flocki biskups á Mælifellsdal, reid hann hiá þeim framm, oc sídann yfir Iökulsá at Þverá, þadann framm Vindárdal at Kiarvalstödum, oc svo heim til Hóla, oc sagdi hvad tídt var; voru þá hinir þísku menn komnir til skips síns, oc reid Jón prestr þá þegar af stadnum, ofann til þeirra, í Kolbeinsárós; lág svo nær at Ögmundr biskup mundi festa hendr á hönum, at hann fór hiá Skúfstödum, med CCC manna, þá biskupsefni reid hiá Asi, sendi hann þá hinum þísku forbod at flytia Jón prest Arason utann, ella qvadst hann koma mundi, oc hrekja bædi þá oc hann; enn þeir lètu aptr þau ord í móti koma, at þeir þyrdu at siá hann oc hans menn, oc mundu hverki spara þeim púdr nè lód medann til ynnist. Þá lèt Ögmundr biskup hardt bod útgánga, at enginn skyldi dyrfast at fá þeim kost eda nockra hiálp; biskup lá í arnarstofu á Hólum, oc lèt sveina sína XII vaka yfir sèr hveria nátt; enn Jón prestr Arason sendi Magnús klerk vid þridja mann, heim at Hólum eina nótt, at lesa yfir Ögmundi biskupi stefnu framm fyrir erkibiskup, uppá þeirra mál. Magnús var alkunnugr, oc fór hid efra til Hóla, svo einginn vard var vid, fyrrenn hann kom á arnarstofu glugga, oc las þar stefnuna yfir biskupi, oc fèck fylgdarmönnum sínum; fóru þeir sama veg aptr til skips, enn biskup vaknadi vid óþægann yfirlestr, oc kalladi á sveina sína; ætludu þeir þá at grípa Magnús heldr hvatlega, enn hann strauk inní stöpulinn, oc beid þess at kyrkiunni væri lokid upp, komst hann inní hana, oc allt í biskups kapellu, þar helldt hann sig, oc hafdi ærid at vinna at veriast ásókn biskupsmanna. Um máltíd voru tveir menn settir at varda stöpulsdyrnar; læddist

hann þá út, oc komst upp um stigann á stöpuls loptid, oc nádu þeir hönum ecki þadann; um nóttina eptir var haft vardhald á kyrkiunni, enn Magnús komst þá útum gluggann ofann á útbrotid, rendi sèr sídann ofann kyrkiustodina, oc slapp svo til sinna manna. Nú treystust ei hinir þísku menn oc biskupsefni at liggia lengr; lögdu í haf nær kostlausir; var Olafr prestr Hialltason med Jóni Arasyni oc capellan hans; þeir fengu vedr mikil oc rak undir Grænland, komust þeir þadann med stórum áheitum til Húsavíkr innan XIV daga, oc fengu þar kost hiá Þorleifi Þorgrímssyni, hann var fadir Asgríms á Nesium, oc þat hygg eg at Þorgrímr í Lögmanshlíd væri oc hans sonr. Þadann lètu þeir í haf til Noregs, oc urdu vel reidfara.

LIV Cap. Frá Ögmundi biskupi, oc vígslu Jóns Arasonar.

Ögmundr biskup sat á Hólum framm eptir vorinu, oc skipadi ímsu at sínum vilja; setti hann *Administratorem* oc fullkominn umbodsmann yfir Hóla biskupsdæmi; enn Pètr prest Pálsson vin sinn skipadi hann rádsmann kyrkiunnar. Jón prestr Finnbogason var þá kominn at Mödruvöllum, oc var þar príòr sídar enn Finnbogi prestr Einarsson Isleifssonar var Officialis í hans stad fyrir nordann heidi; skipadi Ögmundr biskup þá almennilega prestastefnu at Vídivöllum í Skagafyrdi, mánadaginn nærstann fyrir Barnabæ messu; þángad stefndi Finnbogi prestr Officialis, at hans skipan, öllum lærdum mönnum á millum Yxnadalsheidar oc Helkunduheidar, enn stefnann var útgèfinn at Múnkáþverá fimtudaginn fyrir Jónsmessu Hólabiskups. A þeirri prestastefnu þraungvadi Ögmundr biskup öllum prestum nyrdra, til at taka aptr kosníngu þeirra um Jón prest Arason, enn kiósa aptr Jón prest Einarsson, nema Nicolási presti Vilhiálmssyni at Mælifelli rádsmanni Hólastadar, oc Thómasi presti Eyrìkssyni, þeir lètu eigi kúgast; vard Nicolás prestr fyrir svo mikilli ásókn biskupsmanna, at hann fór fyrir háalltarid í Hólakyrkiu, lèt stadar lyklana uppá skrínid, oc tók mikinn kníf í hverja hönd sèr, oc vardist þadann sem hann mátti, þartil er þeir báru at hönum

þófa, oc handtóku hann svo, oc drógu úr kyrkjunni, höfdu sídann af stadnum brott í hrosstagli, allt framm á Mælifellsdal, þó gèck hann þeim aldrei til handa, oc slepptu þeir hönum sídann eptir miklar hrakníngar; enn Ögmundr biskup sendi Jón prest Einarsson utann til Noregs med þessa kosníngu, oc allar sakargiftir sínar, dóm oc forbod á móti Jóni presti Arasyni. Komu þau mál fyrir dóm Olafs Engilbertssonar, erkibiskups, oc var ein sakargift at Jón prestr hefdi stolid öllu silfri Hólakyrkju, oc haft á brott med sèr, enn þó hennar sè eigi gètid í dóms-brêfi erkibiskups; bar Jón prestr framm vitnisburdi Nicolásar prests rádsmanns, oc Thómasar prests, at þat væri allt í Hólakyrkju nidrgrafid oc geimt; oc med vidlíkum hætti eiddi hann flestum þeim sakargiftum, svo at þær ónyttust í Nidarósi, oc fèck Ögmundr biskup af óvyrdíngu; enn þó mönnum þætti Jón prestr Einarsson betr til biskups fallinn fyrir lærdómsökum enn Jón Arason, voru Nordlendíngar látnir ráda kosníngu sinni, oc fèck Jón Arason biskupsdæmi oc vígslu, oc svaradi Olafr prestr Hialltason spurníngum erkibiskups fyrir hann, því hann kunni ecki latínu mál, enn er hann gèck frâ erkibiskupi eptir vígsluna, fèll af hönum mytrid; sveinar hans tóku þad upp med skyndi, oc mæltu: þat fòr ílla herra! at svo tókst til, hann svaradi: svo mun falla nidr med skyndíngu biskupsdómur minn; jafnann voru þeir Jón prestr Einarsson miklir vinir; hann var kyrkjuprestr í Skálhollti eptir þat, oc sídann í Odda, oc þótti jafnann mikilsháttar. Var þá Jón Arason fertugr er hann tók biskups vígslu.

LV Cap. Vatnsfiardar mál.

Nú verdr þar til at taka, sem frá var horfid eptir andlát Stepháns biskups, at Ragnhildr Biarnadóttir eckia Biarnar Gudnasonar hafdi sættst vid biskup um sektagiald, enn feck ei goldid allar sektirnar ádr hann dó; beiddist þá Ögmundr biskup, oc krafdist þeirra peninga er á skortu, oc geck ríkt eptir; hèt at láta grafa Björn Gudnason upp, med því hann dó í banni, ef ei væri ríflega goldid, fèck þá Ragnhildr hönum Hvamm í Hvamms sveit forfedra eign Biarnar, oc Asgard, oc fleiri jardir adrar. Biörn Þorleifsson hafdi stefnt Ragnhildi oc börnum hennar til alþíngis

eitt sumar fyrir Vígfús lögmann Erlendsson, fyrir ránglegt hald á eignum þeim er þeir Biörn Gudnason deildu um, frammbar hann þá tvö konúngsbrêf fyrir eignunum, Christiáns fyrsta oc Hans, enn Ragnhildr lèt bera fram þriú eda fiögr brêf Christiáns annars, er hún hafdi fyrir sèr; hafdi Vígfús lögmadr dæmt málid oc málspartana fram fyrir konúng og ríkisrád hans í Noregi, fyrir nærstkomandi iól at forfallalausu, oc undir hans úrskurd hver brêfinn skyldu gyldari vera. Ragnhildr sendi þá þegar um Sumarid brêf sín fyrir Christián konúng annan, oc fèk stadfestíngu hans uppá þau sem fyrri, enn Ógmundr biskup hafdi tekid at sèr brêf Biarnar Þorleifssonar, oc borid þau framm þá hann fòr utann til vígslunnar fyrrum fyrir ríkisrád konúngs í Biörgvín oc Oslo, oc allt mál Biarnar, einnin fyrir erkibiskup í Nidarósi, oc studdi trúlega mál Biarnar Þorleifssonar; fèck hann þá nyann stadfestíngar úrskurd allra þeirra giörnínga, oc hans brêfa. Enn þetta jók allt þrætuna sem von var til, því at hverir hèldu fram sínum brêfum til þrautar, oc mæltust þó alldrei vid fyrir hinum sama höfdíngia, nè heldr lögdu í giörd; því at miklu var þá meira kapp vid haft enn sanngyrni, oc atferd ólík því er fornir menn höfdu á landi hèr er þeir lögdu mál til laga. Risu af ákiærur hver at aunari, oc gripdeildir oc fiár upptektir, milli þeirra Biarnar Þorleifsonar oc erfíngia Barnar Gudnasonar. Biörn Gudnason hafdi tekid alla penínga fasta oc lausa eptir Jón Dan módrbródr sinn, launson Biarnar hins ríka, sem lögerfíngi, eptir þeim konúngsbrêfum sem hann þóttist fyrir sèr hafa; enn Biörn Þórleifsson þóttist standa nær arfi eptir födrbródr sinn, eptir konúnga brêfum þeim er hlíddu uppá skilgètníngu hans oc systra hans, gaf hann því syni sínum Þórleifi presti í arflausn móts vid önnr börn sín, nockrar af þeim jördum sem Jón Dan hafdi átt, Sæból med algiörfu oc Villíngadal, Brecku oc enn fleiri, er börn Biarnar Gudnasonar hèldu. Torfi son Biarnar Gudnasonar var þá tvítugr, hönum stefndi Þorleifr prestr son Biarnar Þórleifssonar til alþíngis, undir dóm Ögmundar biskups, fyrir hald á jördum þessum oc peníngum; dæmdi Ögmundr biskup þar á presta stefnu almennilegri, fimtudaginn næstan fyrir Pètursmessu, Torfa, oc þá sem hèldu Sæbóli oc öllum þeim jördum, skylda til at skila þeim aptr, oc svo frídum peníngum, hverutveggiu med laga ávexti, Þórleifi presti í hendr, innan hálfs mánadar at heyrdum dómin-

um; einnin dœmdi hann Sigríði dóttr Biarnar Gudnasonar skylda þeim jördum aptr at skila, Gèrduhömrum, Arnarnesi oc Skaga, oc öllum þeim er vóru af eignum Jóns Dans oc þau systkin hèldu, med landskuldum, tollum oc laga ávexti öllum, innan hálfsmánadar at heyrdum þeim dómi; enn ef þau vildu ei þat, skyldi Þórleifr prestur meiga at sèr taka jardir þær oc penínga þar sem stædi; eptir þat stefndi Torfi Byrni Þórleifsyni utan, oc fyrir Frídrik konúng, oc fór utan siálfr, enn ecki fór Biörn Þórleifsson, oc enginn af hans hendi. Fyrir því fèck Torfi stadfestíngarbrèf konúngs uppá sín mál; sídan dó Torfi; enn brèfinn komu úthíngad ei at sídr, oc vóru lesinn upp á alþíngi í lögrèttu; var þeim þó ecki sinnt, oc kèndu þat nidjar Biarnar Gudnasonar magt oc ríki Ögmundar biskups, því hann efldi Biörn Þórleifsson í öllu því máli — var þó at kènna siálfum þeim, er þeir fylgdu málum sínum med slíku kappi, at ecki urdu lyktir á deilunum.

LVI Cap. Ætt Ögmundar biskups.

Ögmundr biskup keypti Stadarhól í Saurbæ af Thómasi bónda Oddssyni þau missiri sem Jón Arason fór utann, eda tók XXXIV hundrud af gömlum kyrkjureiknίngum er Thómas átti at lúka; (enn þótt annarstadar meigi heyra at Stadarhóll væri eign Pètrs Loptssonar oc hans frænda) þar til lagdi Ögmundr biskup Gilsfiardarmula med VI kúgildum fyrir XXX hundrud, oc giördi sídan beneficium, þó þat væri eigi lengi, enn hálfa Glerárskóga oc fleiri eignir lagdi hann til Hvamms í Hvamms-sveit. Eyvindarmúla hafdi Ögmundr biskup fengid Hólmfrídi Erlendsdóttr í Dal fyrir Sandgerdi. Gudmundr Þorvaldsson hèt madr er hönum fèck arf eptir Finn Þorvaldsson móðrfödr barna sinna nordanlands, þat voru LXXX hundrud í jördum oc eitt hundrud hundrada oc XXXV hundrud í lausafè, enn gull oc silfr oc búshlutir ad auki, því at frændr barnanna vildu svipta þau arfinum, enn biskup baud at læra einn son Gudmundar til prests, ef hann væri tilfær. Thómas bóndi Oddsson sá er ádr er gètid átti Hvol oc eyarnar, hann var son Odds Sigurdarsonar Geirmundarsonar, þess er bródir var Olafs Geirmundarsonar á Raudamel, enn dóttrson Olafs Tóna; enn módir Thómasar var Oddny Finnsdóttir, systir Arnórs á Ökr-

um oc Gúdmundar födr Dada. Thómas átti Gudrúnu dóttr ríka Fúsa Þórdarsonar á Borg; þeirra son var Oddr fadir Biarna á Skardi, enn bródir Thómasar var Sigurdr í Búdardal, fadir Jóns rebba. Ögmundr biskup gaf þá til giptíngar Jóni systrsyni sínum, vid Sigrídi dóttr Halldórs prests Tyrfíngssonar, eitt hundrad hundrada, voru þat Breckr bádar, oc hálf Saurbæar fiara, fyrir XX hundrud, oc XLIV hundrud at auki, var haldid brúdkaup þeirra. Jón sá var Þórdarson, oc bjó at Hvoli, enn Elin módir hans var systir Ögmundar biskups; Jón átti fiölda barna, oc er frá hönum mikil ætt, var nafnkèndastr hans sona Gudmundr at Hvoli, fadir Jóns prófasts í Hytardal, oc margra annara. Egill hèt bródir Ögmundar bískups, hans dóttir var Ingvildr módir Jóns Þórissonar í Flóa, födr Kaupa-Þóris. Salny systir Ögmundar biskups átti Sniólf bónda í Asi, son Brands prests Rafnssonar at Hofi, enn sídann Torfa Þórgrímsson, hann sóadi fè þeirra. Asdys þridia sistir Ögmundar biskups átti Ejólf Jónsson á Hialla, þeirra börn voru Sigmundr biskup, oc Þórólfr, Páll, Olafr oc Oluf. Sigmundr var prestr fyrst í Hytardal, oc tók med stadnum fylgikonu Þórdar prests Einarssonar frá Hofstödum Þórólfssonar, Þurídi hina stóru Einarsdóttr, þeirra dóttir var Katrín. Þórdr prestr var bródir Jóns prests Einarssonar, vóru börn hans oc Þurídar Jórun kona Þórdar lögmanns Gudmundarsonar, oc Þórun kona Finnboga prests austr á Hofi. Sídast hèldt vid Þurídi Oddr son Gottskálks biskups, oc var þeirra son Pètr; sídan feck Oddr hennar, oc lifdi hún V árum lengr, enn þad var laungu seinna enn hèr var komid. Þórleifr átti Margrèti laundóttr Erlendar lögmanns Þórvardssonar á Strönd; þeirra börn Þórvardr á Sudr Reykium, Sigmundr at Hofi á Rángárvöllum, Þórun sídari kona Erasmusar prests Villadtssonar at Breidabólstad, oc Vigdys er átti Þórlák Einarsson at Núpi bródir Gissurar biskups. Jardþrúdr átti Jón prest Kráksson í Gördum. Páll Ejólfsson bió í Hialla, hann átti Gudrúnu laundóttr Vígfúsar lögmanns Erlendssonar frá Hlídarenda. Olafr Ejólfsson bió í Backárholti í Ölvesi, enn Sturla átti Laugardal í Tálknafyrdi. Oluf Ejólfsdóttir átti Eyrík at Asi í Fellum, son Sniólfs Brandssonar prests at Hofi, Rafnssonar lögmanns þess er deildi vid Olaf biskup Rögnvaldsson, Brandssonar á Bardi Halldórssonar.

LVII Cap. Líflát Thyla; hyrdstjóraskipti.

Þat Sumar hid sama sem Jón Arason var útann, var Hannes Eggertsson hyrdstióri staddr á alþíngi, at eyrindum konúngs; kom þá Thyli í Hafnarfiörd skiptafèlagi hans, oc braut upp Bessastada kyrkiu oc ònnr hús, oc rændi bædi vöru oc sköttum konúngs er þar voru, oc lèt flytia á byrdíng er hann hafdi med sèr; þetta fretti Hannes, oc fór sem skjótast heim, safnadi at sèr Islendíngum, oc þískum kaupmönnum, oc lagdi at skipi Thyla, oc vann þat; var sídann Thyli afhöfdadr, oc lauk svo hans æfi; enn Hannes fór útann med konu sína Gudrúnu dóttr Biarnar-Gudnasonar, oc voru þau um hríd í Altóna á Stórmari nærri Hamborg, enn sá hèt Johan Pètursson er útkom þá med hyrdstiórn. Þá hafdi Sæmundr Símonarson syslu í Þíngeyar þíngi, eda var umbodsmadr Gríms Pálssonar; hann lèt gánga XII manna dóm at Helgastödum í Reykiadal, um ákæru sína til Bergs Runólfssonar, í umbodi Asgríms Hallsonar, uppí arf, vegna Steinunnar Andrèsdóttr konu Asgríms, eptir Jón prest Andrèsson, er Bergr hafdi í setst dóttrmadr Jóns prests; mistu Sæmundr oc Asgrímr arfsins, enn Bergi dæmdist hann, oc Nicolási syni hans, eptir módiíödr sinn. Sæmundr var fadir Kárs födr Sæmundar prófasts í Glaumbæ. Þá dæmdi Ögmundr biskup í Skálhollti um mál þeirra Jóns biskups; einnin dæmdi hann sektir Olafi Asbiarnarsyni fyrir hórdom, hyrduleysi í syslan sinni dómkyrkiunnar vegna, dryckiuskap oc adrar sakir; þá var giör vyrdíng í Fagradal á arfafè eptir Ivar Narfason, enn Narfi Sigurdarson hèllt þat umbod; oc þá nefndi Pètr prestr Pálsson presta í dóm at Vidívöllum, um ákæru Solveigar Rafnsdóttr abbadysar at Stad í Reininesi til Jóns Gudmundarsonar; enn Þórleifr Þórleifsson arfleiddi börn sín Þorgrím oc Sesseliu til alls arfs, oc Ásmund oc Jón til XX hundradra hvern. Ögmundr biskup fèck þá í hendr Byrni Þorleifssyni erfdafè eptir Jón Dan, enn hann hèt at láta þat vera óákært sem undir kyrkjuna var komid; fór þat framm at Reykhólum mánadaginn nærsta fyrir mariumessu sídari, oc voru þar hellstir vottar at Jón prestr Eyríksson í Vatnsfyrdi, oc Olafr bóndi Gudmundarson í Þernuvík.

LVIII Cap. Vetrarríki; oc frá Ögmundi biskupi oc Teiti.

Vetr þann er þá fór í hönd giördi hardann med áttadegi, oc var því kalladr áttadags vetr, hèldust hardindi til sumars; þeir sem áttu CCC fiár um haústid, eda meira, sem Jón prestr Egilsson segir verid hafa flesta menn í Grímsnesi, hèldu eptir hid mesta *X* eda *XXX* saudum. Svo mikil frost voru, at hestar stódu daudir, frosnir í hel, magnfeitir, enn fannir oc snióþíngsli svo mikil at enginn mundi þá slik. I þann tíma giördist mikil vinátta med þeim Ögmundi biskupi oc Teiti Þorleifssyni í Glaumbæ; dróg þat hellst saman þeirra vináttu, at bádir þóttust hafa sakir vid Jón Arason; seldi Teitr lögmadr Ögmundi biskupi eignir þær í Hornafyrdi er hann hafdi erft eptir foreldri hans, Biarnanes *XL* hundrud, Dal *X* hundrud, Þínganes *XVI* hundrud, Hafnarnes *XII* hundrud, Dilknes VI hundrud, Krossnes *XX* hundrud, Hollt *XXX* hundrud, Borg XX hundrud, Fell hálft XX hundrad, Krossbæ VI hundrud, Hólma VIII hundrud, Kèlduhollt IV hundrud, Skèrinn *XII* hundrud, Hóla VIII hundrud, reka fyrir Uppsalalandi IV hundrud; voru þat eitt hundrud hundrada *XCVI* hundrud; enn biskup fèck hönum eignir vestra þar í móti, Hvamm í Hvamms sveit *LX* hundrud, Asgard L hundrud, Magnússkóga *XXIV* hundrud, Kètilstadi *XXIV* hundrud, allar í Hvamms sveit; Blöndubacka í Hofstadasókn *XL* hundrud, Hvamm á Vatnsnesi LX hundrud. Túngu í Bitru *XXIV* hundrud, Fiardarhorn hálft, í Prestabacka *XII* hundrud. Stód nú þetta svó um hríd, at Teitr hèldt vyrdíngu sinni, oc hafdi vináttu Ögmundar biskups. Þess er gètit um sumarid mánadaginn fyrir Þorláksmessu, at skipti voru giör med þeim mædgum Gudrúnu Biarnardóttr Gudnasonar, oc Solveigar Biarnadóttr Andrèssonar, oc at þar væri þá Hannes Eggertsson vid, oc nefndist þá ei hyrdstióri; enn ef þar er áratal rètt, verdr þat sannara at Hannes hafi hèr verid vetrinn nærstann eptir er hann lèt af hyrdstiórn, oc fyrst farid utann á þessu sumri; biuggu þau Gudrún at Núpi í Dyrafyrdi. Enn er hann fór utann, kærdi hann til Ögmundar biskups fyrir konúngi, at hann hèldi fiórum jördum, Vatnsfyrdi oc Stad í Adalvik er Biörn Þorleifsson hefdi gèfid hönum til málafylgis, Hvammi oc Asgardi, 1525

í Hvamms-sveit, sem enn mun gètid verda. Þá lèt Erlendr lögmadr Þorvardsson, er í skránni kallast júngkæri, VI manna dóm gánga um ákæru Pètrs Loptssonar, vegna Sigrídar Þorsteinsdóttr konu hans, til Eyólfs Einarssonar, um arf eptir Ragnheidi Eyríksdóttr módr Sigrídar; oc þá fèck Þorvardr ábóti Seliamyri undir Skridu-klaustr. Jón biskup Arason kom út um sumarid, oc á alþíngi veitti Johan Pètursson hyrdstióri hönum Hegraness-syslu daginn fyrrir Pètursmessu oc Páls, hann hèllt þá oc Vadlásyslu, reid hann til Hóla oc settist þar at, oc þá seldi hann Byrni Jónssyni Gilhaga í Túngusveit XXX hundrud, fyrir Tyrfíngsstadi oc X hundrud í lausafè. Má þat ætla at sá Biörn hafi verid fadir Magnúsar á Reykium; enn kaupvottar voru Pètr prestr Pálsson, Gísli Hákonarson á Hafgrímsstödum oc tveir adrir. Gísli hafdi verid sveinn Gottskálks biskups, enn Hákon fadir hans á Vindheimum, var Hallsson, Finnbogasonar hins gamla í Asi, Jónssonar Lángs.

LIX Cap. Frá Jóni biskupi.

1526 Á tyunda dag Jóla, tók Jón biskup at Hólum, í vidrvist Helga ábóta á Þíngeyrum, Olafs prests Hialltasonar oc Thómasar prests Eyríkssonar, reikníng af Pètri presti Pálssyni rádsmanni, fyrir alla penínga Hólastadar, frída oc ófrída, heima oc á búum kyrkiunnar, *Ornamenta*, oc *Clenodia*, í kaleikum, bókum oc skrúda, einnin gamallt bordsilfr kyrkiunnar, oc búshluti stadarins; var allt líkt oc þá er Gottskálk biskup fèll frá. Málnytu kúgildi heima oc á búum, oc í byggíngu voru *XVI* hundrud tólfræd, í geldnautum III hundrud hundrada, í geldum saudum *XC* hundrud, kaplar at tölu vondir oc gódir fyrir utann úngkapla nær I hundrad tólfrædt, haffært skip nær uppá *LXX* lestir, tyæringr einn, sexæringar fimm; auglysti Ión biskup at leift væri at canónízera Gudmund biskup hinn góda, ef þad væri Guds vilji. Föstudaginn nærstann fyrir krossmessu, hèllt Jón biskup prestastefnu at Vídivöllum, þar voru Pètr prestr Pálsson, Nicolás Vilhiálmsson, Þorsteinn Jónsson er þá hèldt Mælifell, Gilbricht Jónsson at Höskuldstödum, Loptr Pètrsson at Vídidalstúngu, Þorbiörn Jónsson at Miklabæ, Magnús Gudmundarson, Jón Gudmundarson, Einar Ulfsson

oc Bersi Þorsteinsson, prestar. Um þær mundir gaf oc Jón biskup Helgu Sigurdardóttr í þiónustulaun Halland oc X kúgildi, enn hún gaf þat med sèr Hólakyrkiu í próventu hann lèt þá oc syslumanns dóm gánga at Spialdhaga um Biörg í Kinn; svo er sagt at hann hafi hrædt Einar son Jóns Sigmundarsonar at gèfa sèr próventu, þriú höfudból oc fióra jardir adrar, enn þat gèck aptr laungu seinna, oc dæmdust jardirnar erfíngium Jóns.

LX Cap. Þíngreid biskupa, oc Skálholts kyrkiu brenna.

Nú þróadist óvild mikil med biskupum Ögmundi oc Jóni, oc kom svo at þeir skyldudu hvern prest oc svo bændr at fiölmenna sem mest til þíngs, oc skyldi hverr halda kost sínum flocki; úr Skálhollts umdæmi skyldu allir hittast annadhvert í Skálhollti eda vid Brúarà, edr á Lyngdalsheidi; sídan kom samann lid mikit á hverutveggia sídu, oc ridu flockarnir heim á þíngid, var hiti svo mikill at jörreikina lagdi lángt í lopt upp, enn ef nockr fèll af baki, mátti sá hafa varhygd mikla vid, at eigi yrdi trodinn undir hesta fótum, eda lægi eptir svimadr oc hálfdaudr; hafdi Jón biskup at nordann IX hundrud manna, enn Ögmundr biskup XIII hundrud eda meira, oc var þetta kallad þíngid mikla; var ei lengi annars kostr, enn þeir berdist biskuparnir med því lidi öllu, því svo var mikill ofsi þeirra at hverugr vildi vægia; þó vard þat fyrir lánga medalgaungu ábóta oc fremstu presta oc hinna bestu manna, at aptrad vard slíkum vandrædum; þó ei ödruvís, enn at madr af hvers lidi skyldi gánga til einvígis, oc beriast, svo hvoritveggi sæi á, í hólmanum vid Öksará. Sá hèt Atli er til var kosinn af lidi Jóns biskups, manna sterkastr oc karskastr; enn af hendi Ögmundar biskups var Eysteinn hinn sterki Brandsson; þeir bördust hinn fyrsta dag Júlii mánadar, hardt oc lengi, svo at ei mátti á milli siá hver hníga mundi fyrir ödrum, vann hvergi á annann. Um sídir fèck Eysteinn barid handska af höndum Atla, hlióp sidann undir hann, oc feldi til jardar, því at Eysteinn var ramr at afli. Nordlendíngum eyrdi þat ílla, qvádu eigi hreint gengid at Atla; þó vard svo umstillt med þeim, at biskupar skildu vandrædalaust, oc sáttir at kalla, enn

drógst þó saman med þeim sídar. Var Eysteinn þá tveim vetrum betr enn fertugr, oc à aldr vid Jón biskup. Á því þíngi giördi Jón Pètursson hyrdstióri, oc allr almúgi samþyckt um vöruverd þískra manna oc enskra, oc hann gaf Biarna Erlendsson á Kètilstödum qvittann um sakfelli módr hans Vilborgar Loptsdóttr, er hún hafdi tekid annan mann framhiá Erlendi Biarnasyni bónda sínum; enn þat skèdi eigi þar á þíngi. Næsta dag eptir hólmgaunguna, á þíngmariumessu siálfa, um midjann aptan kom upp eldr í Skálhollts kyrkiu svo skiótt at á náttmálum var hún öll brunnin til ösku, enn engin vissi hvert var af lopteldi eda vodaeldi. Sumir mæltu farid hefdi verid med eld í glódakèri nockru ádr út vid stöpulinn, enn ei urdu menn vid varir fyrri enn eldrinn var svo magnadr at ei vard slöktr; þó var haft eptir kerlíngu nockurri: mörgum þótti eg málug, þó gat eg þagad þegar Skálhollts kyrkia brann; voru þá lidnir CC oc XVII vetr frá því hún brann af lopteldi nóttina fyrir Pálsmessu á dögum Árna biskups Helgasonar. Karlar voru flestir á þíngi med biskupi, enn þeir sem heima voru, oc klerkar á stadnum, oc konr, komu undan bókum, oc mest öllum messuskrúda; er þat mál manna at tvær konr hafi borit úr kyrkiunni bríkina miklu, oc adrar tvær Þorláksskrín med öllum búnadi, oc þótti jardteikn. Kluckr þær sem hátt voru í kyrkiunni runnu sumar nidr, oc var kopar af þeim í Skálhollti á dögum Gísla biskups Jónssonar. Vindr stód af nordri þá eldrinn kom fyrst upp í kyrkiunni, oc lagdi reykinn oc logann á prestaskálann, þar var sídann skólinn, oc framm á stadinn, svo húsinn svidnudu af loganum oc gneistunum, enn stadrinn í voda miklum; enn vindinum sneri, at guds vilia, skiótt til útsudrs, oc lagdi þá reikinn oc eldinn nordr eptir túni hiá vidarmanna húsi; enn iafnskiótt sem kyrkiann var brunnin, giördi hvelfiskúr svo mikla, at lækir runnu eptir vellinum, oc slöckti allan eld. Þess dags qvöld ætladi flest fiölmenni at rída af þíngi þá skúrinn kom, enn beid hana af sèr, oc var ei lengr enn ölhálftunna væri druckinn út, oc rynni iafnan af hananum; var þá þegar eptir ridid alment af þíngi; enn er Ögmundr biskup kom at giábacka heimleidis, mætti hönum kyrkiuprestrinn í Skálholti, oc bar hönum harmsögu þessa, oc fèll biskup vid af hesti í ómegin; annad óvit fèck hann þá hann sà heim á stadinn, oc hid þridia er hann kom á klifid; ætludu sídann sumir vitrir menn at hönum hefdi verid

sú bendíng af gudi giör, til at lægia metnad hans; þá mælti hann: mèr hefir híngad til margt at óskum gengid, því er makligt þó mèr gángi nockud á móti; er oc sögn manna at þadan af hafi hönum opt nockud á móti kastast, oc því meira sem lengra leid á æfi hans,

LXI Cap. Frá Ögmundi biskupi.

Ögmundr biskup var skörúngr mikill og frammqvæmdarmadr; lèt hann þegar eptir alþíng giöra búd í kyrkiugardinum, er kalladist Þorlákskyrkia, oc var þar súngid oc messad í, þartil er kyrkiann var embættisfær; gáfu margir menn, lærdir oc leikir mikid fè til kyrkjugiördar, sumir trè oc timbr, V bord eda X eda XX, enn sumir XXX eda XL bord; um haustid lèt biskup dugguna sem stadrinn átti hlaupa austr oc vestr, til ad draga at vidu sem mesta, oc svo allstadar at á hestum. Ögmundr biskup var rausnarmadr mikill í skapi, oc gaf opt stórmannliga frændum sínum oc þiónustumönnum, fyrir því gáfust margir gódir menn i þiónustu hans; einhveriusinni er hann reid á vísitatiu sinni um nyrdra Reykjadal í Borgarfyrdi, oc hiá Stórakroppi, mælti einn af sveinum hans, at sú væri fögr jörd oc sætileg; biskup var í gódu skapi, oc vel til mannsins, oc mælti: viltu eiga hana sonr! ja, segir hann; þá gaf biskup hönum jördina, XL hundrud at dyrleika, til fullrar eignar; enn átti þó hverki siálfr nè vissi hver átti, eda spurdist fyrir um þat; um sumarid eptir á alþíngi kom ríkr madr, bóndi nockr af vestfiördum, til biskups, oc qvad sèr hafa borist til eyrna, þat biskup hefdi tekid til jardar sinnar í Borgarfyrdi í fyrra sumar, oc lètst eiga undir hans verdugri nád hverja rètting hann fengi þar á; biskup svaradi: misþockar ydr þetta vinr? hann qvad sèr ej svo miög mislíka, þóttist þó hafa verid fornspurdr giör; biskup svaradi: þèr skulud hafa aptr gardinn Garpsdal; bóndi þackadi þá góda fyrirgreidslu oc hagnadar skipti; at því skapi var hann oc mikilhæfr ef hann snèrist á annan veg, svo fáir sem engir þordu á móti at mæla því sem hann vildi vera láta, kalladi hann hóru-pútu- eda skækju-son, jafnskiótt sem hönum mislíkadi, oc hafdi hann hid mesta álit oc andlegdar hamíngiu á landi hèr, einkum á fyrri árum biskups-

dæmis síns. Þad sumar er Skálholltskyrkja brann, lèt Ögmundr biskup dæma at prestastefnu á Þingvelli, þrenn manngiöld eda LX hundrud, oc biskupi hærsta fullrètti, fyrir víg Vígfúsar prests Runólfssonar er Þorvardr vo í Hytardal, at brúdkaupi Þorleifs Einarssonar oc Christínar dóttr Torfa í Klofa. Þá lèt oc Erlendr lögmadr Þorvardsson XII lögrettumanna dóm gánga á alþingi, at konúngr skyldi taka slíkt þegngyldi eptir Vígfús, oc hvern prest, sem adra menn, oc dæmdust konúngi XIII merkr.

LXII Cap. Andlát Gríms Pálssonar, oc ættir.

Grímr bóndi Pálsson bió at Mödruvöllum í Eyafyrdi alla stund til þessa, oc hafdi lengi haldid þíngeyar þíng, oc svo eignir þær er hann hafdi til deilt vegna sona sinna, var allt fè þat XXI hundrad hundrada í jördum, enn VI hundrud hundrada í lausafè; tók Þorleifr sinn hluta, enn Benedict var andadr, oc erfdi Grímr eptir hann XIV hundrud hundrada, hafdi Benedict átt son eptir er Halldór hèt, oc var sá prestr seinna enn er hèr var komid, andadist Grímr; enn Jón biskup Arason er þá hèldt Vadla þíng,
1527 giördi skipti eptir hann á Spialdhaga, voru þar til arfs Þorleifr oc Páll synir Gríms, oc dætr hans. Þorleifr bió lengi at Mödruvöllum, oc var höfdíngi ríkr sem fadir hans, hann átti Sigrídi dóttr Sturlu Magnússonar oc Ingirídar Jónsdóttr; þeirra börn voru Halldóra er Ari fèck, son Jóns biskups, oc Þorbjörg, hennar fèck Ormr Sturluson; sídann átti Þorleifr Solveigu Hallsdóttr, þeirra börn Grímr, oc Hallótta er Brandr Ormsson á Silfrastödum átti laungu seinna; oc Þuridr er átti Eyrík son Sniólfs undir Asi, Rafnssonar lögmanns Brandssonar, enn sídann Arna í Stóradal son Pètrs Loptssonar, þeirra son var Magnús í Stóradal, er mikil ætt er frákomin. Sigrídr Þorleifsdóttir átti Eggert Hannesson, kom ei upp ætt þeirra. Þórdr hèt launsonr Þorleifs, hans son var Þorleifr fadir Þórdar födr Þordysar á Fæti. Páll sonr Gríms Pálssonar átti Margrètu dóttr Erlendar frá Ketilstödum er mælt er at Enskir tæki, Hákalla-Biarnarsonar, þeirra synir Biarni at Skridu fadir Halls at Mödrufelli oc systkina hans, oc Erlendr prestr, er átti Biörgu Kráksdóttr Hallvardssonar, fadir Olafs prests

at Breidabólstad, eru þat mannmargar ættir, oc svo adrar fleiri er frá Páli eru komnar. Ingibiörg dóttir Gríms Pálssonar átti Gísla á Hafgrímsstödum, son Hákonar á Vindheimum Hallssonar, þeirra börn Arni, Biörn prestr, Gunnar oc fleiri, sú var hin göfugasta ætt oc hin kynstærsta, sem enn mun heyrast. Valgerdr Gríms dóttir átti tvö börn Gudmund oc Sigrìdi. Solveig Grímsdóttir átti Einar at Espihóli Brynjúlfsson Magnússonar, Benedictssonar Brynjúlfsssonar, þeirra son var Jón. Þorbiörg Grímsdóttir átti Gudmund, þeirra son var Þorvardr; þriár voru dætr Gríms er arf tóku. Halldór prestr var son Benedicts Grímssonar, hans son var Benedict hinn ríki at Mödruvöllum í Hörgárdal, fadir Biarnar, födr Magnúsar lögmanns. Þat er oc göfug ætt; er mikid stórmenni komid frá Grími Pálssyni, oc heitir þad Mödruvellínga kyn. Sigurdr Dadason hafdi átta systr Helgu Narfadóttr frá Eyri, konu Gríms, þeirra son var Narfi; hans son hygg eg Arni væri Narfason, er ættartölr telja ósannlega bródr Helgu, oc átti Karítas dóttr Jóns prests Þorleifssonar Gudmundarsonar undir Felli Andrèssonar, þeirra börn Halldór Indiafari, mikill madr oc sterkr, Þordr oc Jón silfrsmidr á Eyri, oc Inga. Pètr son Orms Loptssonar var hinn göfugasti madr oc hinn kynstærsti, oc þá gamall er hèr var komid, oc allir voru þeir mikilhæfir er frá Lopti ríka voru komnir. Pètr átti Sigrídi dóttr Þorsteins á Reini Helgasonar Lögmanns Olafssonar og Ragnheidar Eyríksdóttr; þeirra börn voru Loptr prestr í Vídidalstúngu, oc Arni í Stóradal sem átti Þurídi dóttr Þorleifs Grímssonar, Sesselia oc Ragnheidr. Loptr prestr var ecki med fullum athuga í sumum greinum; Sesseliu átti sídar Sigurdr prestr son Jóns biskups Arasonar, enn Ragnheidi Jón á Svalbardi son Magnúsar í Skridu Þorkélssonar prests Gudbiartssonar, hún var köllud Ragnheidr í raudum sockum; þeirra börn voru Sigurdr, Jón, Magnús, Páll, Þórdys, Steinun, var þat allt göfugmenni oc kynsælt, sem enn mun greint verda. Kolbeinn var launsonr Jóns á Svalbardi.

LXIII Cap. Teitsmál.

Nú er at segia frá Jóni biskupi Arasyni, at þá er hann hafdi lokid málum sínum vid Ögmund biskup, vildi hann rètta hlut

sinn á Teiti Þorleifssyni; fèck hann med kænsku komid því til vegar hin sömu missiri sem hann giördi skiptinn eptir Grím Pálsson, at Teiti var vikid frá lögmannsdæmi, enn Rafn Brandsson prests frá Hofi fèck þat aptr; er oc svo at siá sem Jón biskup hafi þá eptirlátid hönum Skagafiardar syslu. Þórun dóttir Jóns biskups var þá XIV vetra, oc gipti biskup Rafni hana, enn sumstadar segir þat væri hid fyrra árid; þar var ritadr undir kaupmála Skúli son Gudmundar prests Skúlasonar Loptssonar, oc þeir Sniólfr Rafnsson, Magnús Arnason oc Gunni Jónsson. Skúli er mælt at hafi haft konúngs umbod sídann í Húnavatns þíngi; var nú mikill uppgángr þeirra mága Jóns biskups oc Rafns; hófu þeir þá þegar kærumál í móti Teiti, oc reid Rafn lögmadr med fiölmenni til Glaumbæar, oc stefndi Teiti fyrir XII manna dóm at Scilu, á mánadaginn nærstann fyrir Pálsmessu, um víg Arna Bessasonar; voru þar fyrstir dómsmenn, Þorsteinn Finnbogason lögmanns, er Þíngeyar sysln hèldt fyrir oc eptir Grím Pálsson, Einar Brynjúlfsson at Espihóli, Audun Sigurdarson Sveinbjarnarsonar, Pètr Thómasson, oc enn fleiri, Stígr Höskuldsson var einn; kom Teitr ei til Þíngs, oc var þó dæmdr löglega stefndr; framkom þar fyrir dómi vitnisburdr XII skilríkra manna, med þeirra innsiglum, oc bar þau ord Teits, at hann hefdi sagt á Sveinstada fundi, at þar skyldu engir dómar gánga, oc hann vildi þar enginn lög þola, enn bodid sínum mönnum at höggva, slá oc stínga, oc siálfr fyrstr slegid til manna þá Arni Bessason var veginn, oc adrir menn særdir; sóru þat þrír lögrèttumenn; var þá dæmt at hinn fyrri lögrèttumanna dómr hefdi eckert afl Teiti til varnar. Þar var fyrir dómi Bessi Þorláksson fadir Arna, oc beiddist bóta oc rèttar síns, voru hönum dæmd LX hundrud í tvöfaldar vígsbætr, sökum Þínghelgi oc gridastada, af fè vegandans, oc XXX hundrud af fè Teits fyrir banaród oc atvist, þar sem hann baud at stínga þegar Arni fèll. Teitr var oc dæmdr útlægr til konúngs nádar, oc allt hans fè, fast oc laust, hálft fallid undir konúng, enn hálft undir erfíngia hans hina nánustu, at afteknum ádr löglegum skuldum; mætti Rafn lögmadr sem umbodsmadr konúngs, sèrhverium af gialda, hann mætti oc halda þann hlut fiárins sem erfíngium heyrdi, þar til er sá lögarfi Teits til kæmi sem fullar vördslur hefdi, hvert heldr væri einn eda fleiri, oc afhenda svo fèd ávagstarlaust; hann skyldi oc at sèr taka þann helmíng

fiárins er konúngdóminum tilheyrdi, oc halda þar til er af hönum heimtr væri, oc afhenda þá ávagstarlausan; fór Rafn lögmadr utann um sumarid med dóminn, svo Teitr fengi sídr uppreisn, oc fyrir Fridrik konúng, oc fèck fyrir medalgaungu Jóhans Pètursonar hyrdstióra, stadfestíngu konúngs á hönum, ùtgèfna þat ár á *Gottorps sloti*; þarmed keypti hann af konúngi þá hellt sem dæmd var undir konúng fallinn, fyrir CCC rínsk gyllini enn svo þótti mönnum sídann sem Rafni hvyrfi hamíngia.

LXIV Cap. Frá Jóni biskupi oc Olafi presti.

A Þorláksmessu siálfa skipadi Jón biskup Olaf prest Hialltason til at vera prófast oc almennilegann dómara í millum Vatnsdals ár í Húnavatnsþíngi oc Hrauns á Skaga oc Vatnsskards, yfir öllum Hólakyrkiu málum, skyldi hann taka próf á öllum málum, afleysa oc setia tilhlídilegar skriptir þeim sem brotlegir verda edr ordid hafa, at fráskildum prestum oc fridlum þeirra, siá at kyrkium oc þeirra eignum, oc vardveita allt sem christnum dómi tilheyri, taka saman Pèturs tolla, vinfè oc biskups tyund; tempra alla dóma sína med skynsemdar vog, oc láta gánga rèttvísi allra á milli, vera myskunsamr vid hlídna oc audvelda, enn þriótskum oc þrályndum rèttr dómari, skyldi hann sèr til lèttirs hafa helft af öllum IX marka málum, enn hinum stærri stefna fyrir biskup, oc þeim er hann þykist ei fá yfir tekit; skyldi þat umbod standa til Jónsmessu Baptistæ, edr hvad lengr biskup giörir ei adra skipan á. Olafr prestr hafdi fengit Vestrhópshóla, oc verid þar tvo vetr, enn af því hönum farnadist þar miög lítt búskapr, tók Jón biskup hann aptr heim til Hóla, oc var hann þar kyrkiuprestr umhríd, oc í miklum kærleikum vid biskup, því ei var annad at heyra, enn at hann hèldi vid hina gömlu sidu oc kenníngar. Svo segir sumstadar at þá væri giör samníngr á þíngi, med rádi Jóhans Pèturssonar hyrdstióra, millum þískra oc enskra manna, oc landsmanna hèr um kaup þeirra.

LXV Cap. Frá Skáneyar-Lassa.

Í þann tíma gèck miög yfir á landi hèr sótt sú er köllud var sárasótt, hèldst hún lengi vid, oc var bædi mannskæd oc torsókt at græda; vard hèr þá ílendr bartskèri eda læknir þískur, sá hèt Lazarus Mattheusson, oc kalladr Lassi; qvæntist hann vestr á Stad
1528 í Grunnavík, oc fèck Gudrúnar dóttr Olafs bónda Eyríkssonar, hann var bródir Jóns prests í Vatnsfyrdi oc Sæmundar í Asi, enn son Olafs bónda; bródir Gudrúnar, var Pantaleon prestr, hann seldi Ögmundi biskupi jördina Skáneyu í Reykholltsdal, LX hundrud, fyrir þat andvyrdi at Lassi skyldi græda hèr á landi tyutyu sára menn fátæka kauplaust; fór þá Lassi sudr, oc bió at Skáney, oc jók þar ætt sína; hann græddi L. sára menn fátæka, oc urdu því sídar ágreiníngar um jördina hálfa. Lassi var haldinn margkunnugr.

LXVI Cap. Frá Olafi presti Gudmundarsyni.

Þá bió at Hiardarhollti í Laxárdal Olafr prestr Gudmundarson undir Felli, Andrèssonar Gudmundarsonar; hann hafdi vid höud Ingirídi Gudmundardóttr Finnssonar á Ökrum, systr Dada, þeirra börn voru Jón oc Olafr, Þórun oc Gudlaug. Jón var ættleiddr af módr sinni, hann giördist mikill oc sterkr þá hann òlst upp, oc verdr enn gètid oc hans afqvæmis, Olafr bió sídar í Fagradal oc eru frá hönum nockrir menn; Þórunnar fèck Einar prestr Marteinsson at Stad. Jón sterki á Hördubóli var launsonr Olafs prests, fadir Steingríms prests á Raudamel. Olafr prestr hafdi prófastsdæmi í Dölum, oc sídann ásamt syslu á Ströndum eptir födr sinn, enn Gudmundr Andrèsson lifdi þá er hèr var komid, oc enn lengi hèdann frá. Olafr prestr samþyckti á prestastefnu at Bæ í Borgarfyrdi mánudaginn nærstann fyrir *festum corporis Christi*, sölu Ögmundar biskups á jördinni Hamraendum XXIV hundrudum, med selför í Hlídartúnsjördu, undan Hiardarhollts kyrkiu í Laxárdal, fyrir Saudhús í Hiardarhollts sókn; var kaupbrèfid sidann giört á allraheilagramessu í Hiardarhollti. Þorleifr

brôdir Olafs prests bió þâ í Stóraskógi, enn Eyríkr í Asgardi, oc verdr þeirra frænda enn vidgètid.

LXVII Cap. Frá Jóni biskupi, Rafni oc Teiti.

Þetta sumar sendi Ögmundr biskup skútu sína til Noregs eptir vidi; segir Jón prestr Egilsson at Skálhollts kyrkia hafi átt þar skóg, oc gard er kalladr var Islendínga gardr, oc haldid því framm á daga Marteins biskups, þá skútann brotnadi fyrir Eyrarbacka, enn lagdist af siglínginn, enn skógartakid gèck undann; lágu biskupsmenn í Noregi um vetrinn; voru þeir skipstiórnarmenn Ögmundar biskups, Sæmundr Eyríksson í Asi, oc Þorleifr prestr á Breidabólstad bródir hans, frá hönum er ætt kominn; Pêtr hèt bródir þeirra hinn þridje; fiórdi Olafr bóndi vestra, mágr Skáneyar Lassa; fimti Jón prestr í Vatnsfyrdi, hann var svo hagr at hann hafdi smídad haffært skip, oc hafdi þriú járnföt í sauminn, oc annad minna, enn þó mátti vinda pípu á bordid, svo at hvergi halladist; hann smídadi oc trèmenn VI, oc lèt á sexæríng, þeir hèldu árum í brióstí sèr læstum í hlummum, enn völltr voru á knèsfótum þeirra oc blísacka í herdum; í þeim var snæri, oc hèllt prestr í oc kippti at sèr, enn þeir tóku bakföll er hann slepti oc skèlldu árunum; lagdi hann med þá á bord vid Ögmund biskup, og vard ei unnid á hans hluta. Hid sama sumar kom út Rafn lögmadr aptr med brèf sín, oc tók undir sig allt fè Teits er hann fèck nád, med styrk Jóns biskups, hellst fyrir nordann land, voru þad svo miklar eignir, at menn ætla eigi skort hafa á XII hundrud hundrada eda meira hafi verid, var þat aldrei uppskrifad, vyrdt eda reiknad, voru þar med jardir þessar: Glaumbær, Medalheimr, Elvogar, Vatnsskard, Vatnshlíd, hlutr í Vík, Hof í Dölum, Gil, Þorliótsstadir, Vídivellir, Vatn, ytra Vallhollt, Krossanes, Lækiamôt, oc enn fleiri; þarmed eignir Teits í Hornafyrdi er hann erfdi eptir foreldri sitt: Biarnanes, Dalr, Þínganes, Hafnarnes, Dilknes, Krossnes, Hollt, Borg, hálft Fell, Krossaskèr, Hólmar, Kèlduhollt, Skèrinn, Hólar, reki fyrir Upsa-landi; þad var til samann eitt hundrad hundrada XCVI hundrud; enn

þær eignir hafdi Teitr selt Ögmundi biskupi fyrir jardir vestra sem fyrri eru taldar; hèldt Teitr þeim eignum á medann hann lifdi; enn eptir þá Ögmund biskup taldi Jòn biskup til Biarnaness eigna, oc vildi einnin ná þeim sumum er fyrir þær komu. Rafn lögmadr lagdi eckert aptr af þessum fiám, oc baud engin lagaskipti; enn þó þat væri bædi í móti Seiludómi hans oc stadfestíngu konúngs á hönum. Teitr oc þau Inga áttu ecki börn, oc var nánastr erfíngi Arni Eyríksson brædrúngr hans, sá er vo hinn þiska manninn Hans Ethen; enn þó hönum dæmdist vægar sektir sem fyrri segir, þá var hann hrakinn af jördu sinni, oc fór miög landflótta, þar til Teitr frændi hans dæmdi hönum aptr jördina, er hann var lögmadr; enn med því at Arni hafdi lengi verid undirþrycktr af hinum dönsku á Bessastödum, oc var mæddr af laungum mannraunum, treystist hann ei eptir arfi at sækia í hendr Jóni biskupi oc Rafni lögmanni, oc sættu þeir því lagi, þó hverugum yrdi heillir at því fè. Enn þó erfíngiar Teits kærdi sidann opt eptir þeim eignum, fengu þeir lítid eda ecki af. Hlaut nú Teitr at ríma at nordann, oc víkja frá Glaumbæ oc jördum sínum fyrir Jóni biskupi, oc Rafni lögmanni; er svo mælt at hann stígi á bak framm undann karldyrum, eda nockru utar, þar sem hönum var lesinn stefnann, oc hardmælti þeim er vidtæki; fór hann vestr til Hvamms í Hvamms sveit, oc lifdi þar í skióli Ögmundar biskups, var kallad af eignum konu sinnar Ingu, enn Rafn lögmadr setti bú í Glaumbæ; hafdi Teitr búid þar XVI vetr, því at svo margar voru kyrnar er þau Inga hötdu gèfid Hofstada Mariu. Rafn bió siálfr at Hofi.

LXVIII Cap. Frá Jóni biskupi, Páli Grímssyni oc ödru.

Mánadaginn fyrir *annunciationis Mariæ* at Hólum, seldi Jón biskup Páli bónda syni Gríms Pálssonar, Glaumbæ oc hálfa Hallbiarnarstadi í Reykiadal, Halldórsstadi í Laxárdal, hálf Biörg í Kinn, oc enn XX hundrada jörd, fyrir Hof á Höfdaströnd, ytri oc sydri Brecku oc Hraun, enn Þrastarstadi oc Svínavelli lukti Páll í Hofs kyrkiu reikníng; er at siá sem Rafn lögmadr hafi þá fyrst

vid Hofi tekid. Þetta ákærdu erfíngiar Páls miög laungu sídar. Páll var þá qvæntr fyrir VI árum. Þá samdi Jón biskup vid Ögmund um Myrakyrkiu, vegna Þorleifs bónda Grímssonar oc Ara sonar síns, oc aptrkalladi Ögmundr biskup þann dóm er hann hafdi dæmt at Stadarhóli, oc dæmt Myrar undir Skálhollt. Litlu ádr hafdi andast Helgi àbóti Jónsson ì Videy, oc var þar þá Gísli nockr; hann var í Oddadómi med Ögmundi biskupi, oc Halldór Tyrfíngsson at Helgafelli; Jón priór var þá at Mödruvöllum Finnbogason lögmanns, oc seldi Jóni biskupi Lögmannshlíd. Þat segia menn oc, at Finnbogi Einarsson hafi þá afhendt Jóni biskupi Grenjadarstad; Magnúsi Biarnarsyni seldi Jón biskup Nautabú fyri Ródugrund, oc Asgrímstadi; hann bió at Reykium í Túngusveit; hann setti oc Magnús diákn Jónsson prófast milli Hrauns á Skaga, oc Hofs í Dölum, þann hygg eg vera son hans, því hann var þá at efla sig sem mest. Gètid er oc fleiri giörnínga, oc svo Biarnar bónda Þorleifssonar at hann var þá enn uppi; og at Ögmundr biskup giördi jardarskipti vid Eyrík bónda son Torfa í Klofa, med samþycki Ingigèrdar Thómasdóttr konu Eyríks.

LXIX Cap. Daudi Rafns.

Þá er Rafn lögmadr hafdi haldid fè Teits nær tveim missirum, bar svo til er hann var staddr at Glaumbæ, at hann vard missáttr vid dryckju vid svein sinn er Philippus hèt, oc baud hönum út til einvígis, hann fór undann lengi sem hann mátti, þartil er hönum hröck ei fyrir fisunarordum oc tiltektum lögmanns, hiuggu þeir samann framm undan karldyrunum þar Teitr steig á hest, oc eptir fárra högga vidskipti veitti Philippus Rafni banasár. 1529
Rafn lögmadr kèndi siálfum sèr þau völd öll, oc sættist Philippus vid hann, fyrir þá sök at hann hefdi blotid at veria hendr sínar; reid hann heim til Hofs, oc lifdi þriár nætr, oc andadist sídann, enn Philippus vard litlu sekr; hann var födrfadir Odds á Skídastödum, átti Jón födr Odds vid Marinu er þá var verkakona í Glaumbæ, enn deidi nar tyrædu á Skaga, þá Biörn at Skardsá rèri þar út XV vetra, oc sagdi hönum frá þessum tídindum, enn hann hefir skrásett. Þórun dóttir Jóns biskups vard þá eckja

XVII vetra er Rafn var veginn, oc fór heim til Hóla, enn brædr Rafns Arni oc SnióIfr, oc nidiar þeirra eptir á, kölludu til arfs, oc fengu ecki af; var kallad at Rafn oc Þórun hefdi barn átt samann, enn aldrei var sannad at þat hefdi hlotid skyrn eda lifad födr sinn, oc tók Jón biskup undir sig eignir Rafns oc Teits, oc fóru þær sídann litum. Þá fèck Jón biskup Ara syni sínum Vadlaþíng, oc var hann þó all-úngr. Jón biskup seldi Skúla Gudmundarsyni sydri Ey fyrir Holltastadi í Lángadal, oc gaf sídann Ara, oc fleiri jardir; hann ritadi oc lögrèttumönnum á alþíng, oc bad þá kiósa lögmann, þann er í Nordrlandi sæti, oc ætladi svo til at Ari yrdi kosinn; þá var sá syslumadr í Rángárþíngi er Nicolás hét, Biarnarson, hann lèt þar dóm gánga um skáldskap Erlendar Magnússonar.

LXX Cap. Frá Ögmundi biskupi.

Um vorid komu út menn Ögmundar biskups med skipi hans oc vidarfarmi á, sóktu sídann á vestfiördu bædi timbr oc tyundir biskups, oc fluttu á Eyrarbacka. Naust at skútunni var fyrir utann Skúmstadi, oc stód hún í því á vetrum; enn ádr hún færi til Noregs, hlióp hún austr eda vestr á vorum, oc sókti þángad trè oc annad, oc flutti á Eyrarbacka, var þar smídad timbrhús mikid á stólpum, gólfid svo hátt frá jördu at tók manni í knè; þar var bædi geimsluhús mikid, badstofa oc fleiri herbergi önnr, svo þar var sofid, etid oc druckid; var þángad fluttr addráttr allr til stadarins, bædi úr Vestmannaeyum oc annarstadar ad, oc leigr oc önnr giöld úr flóa, setti biskup þar menn til at taka inn oc afhenda sèrhvad þat er sendt var til Noregs med skútunni, oc svo þad er híngad var flutt aptr. Skipstiórnarmenn hans voru fyrst þeir brædr Sæmundr oc Þorleifr prestr Eyríkssynir, sem ádr segir, enn sídann Ejólfr sveinn hans son Kolgríms ábóta Kodranssonar, oc Magnús son Pètrs Eyríkssonar, bródurson Sæmundar, hann bió at Grafarbacka í Hrunamannahrepp. Annad Geimsluhús lèt Ögmundr biskup smída fyrir utann Hraungerdi, oc hafdi bóndinn þar lykilinn ad; stadar landsetar í Flóa oc Ölvesi, oc sunnarlega í Grímsnesi, fluttu vidinn upp ad Brúnastödum vid klettinn,

fyrir utann túnid; enn Skigdamenn oc Hreppamenn eda Túngumenn fluttu eda drógu þadann heim í Skálholt; biskup lèt oc siálfr draga vidu ad, þá er akfæri var, á akneytum járnudum; enn er heimkom, voru settir sögunarmenn tveir, at saga oc skamta nidr eptir fyrirsögn biskups, enn sèrhverjum var ætlad víst verk vid kyrkiu smídina, einnin at smída nagla, oc var Ari prestr Steinólfsson er fyrri er gètid, forsmidr at; var nú á þessu sumri reyst undirgrind kyrkjunnar, enn sídann fullbyggdist hún meir oc meira um öll þau ár sem Ögmundr var biskup, svo at ei skorti nema súdþak á framkyrkiuna, þá er hans misti vid, svo mikla rausn hafdi hann á þeirri framqvæmd; svo segir Biörn at Skardsá, at Ögmundr biskup hafi á þeim árum farid til Noregs eptir vidi siálfr, enn rekid á híngadför vestr um haf undir Grænland, oc nordr med landinu svo þeir þóttust kènna Heriólfsnes, og verid síd dags svo nær landi, at þeir hafi sèd fólk á landinu, oc fè vid stecki; fengid þadann beinan býr, oc várpad atkèrum morgunin eptir á Patríksfyrdi; hyggia vitrir menn adrir þar blandad málum, oc muni vera nockr fyrri siglíng Ögmundar biskups, nema svo sè at hann hafi hrakid med skútu sinni frá vestfiördum. Þá seldi Johan Kroko í Biörgvin, er erft hafdi Hannes bródr sinn Ögmundi biskupi Stad í Adalvík, oc adrar þrætujardir, er Biörn Þorleifsson hafdi selt Hannesi, oc dæmt hafdi verid at hann hefdi fullt vald til haft, fyrir Byrni Gudnasyni oc hans erfíngium, fyrir sex hundrud mörk í gulli og silfri, vadmálum, klædum, lèreptum, oc ödrum flytiandi eyri, skyldi allt fyrir goldid í þremr Noregs ferdum frá Islandi, þridjúngr í hverri ferd, oc var brèfid giört fimtudaginn fyrir Gregóríusmessu. Ögmundr biskup vígdi þá oc Magnús til prests at nordann, son Jóns biskups, oc gaf hönum vígslubréf. Þat er enn mælt at Ögmundr biskup ritadi móti lærdómi Luthers, er þá tók at gánga yfir; hefir Arni Magnússon Assessor séd þat rit, oc kalladi lítilsverdar ástædr í; komu sumar bækr Luthers híngad í land á dögum Ögmundar biskups, oc fèllu vel í skap mörgum lærdum mönnum. Jón Einarsson kyrkiuprestr hans tok at lesa þær heimuglega, oc hóf fyrstr manna at kènna í móti páfakènníngum; hann taladi eina kyndilmessu í Skálholti á móti ákallan heilagra manna, kalladi afgudadyrdkun, oc í móti hreinu gudsordi; fyrir þat reiddist bisk-

up hönum; qvadst ei hafa ætlad hónum at falla mundi til villu Lúthers; prestr svaradi fyrir sig hóglega, oc fann grundvöll ordum sínum, kalladi ei allt bannad í gudsordi sem páfinn bannadi, svo sem prestum oc lærdum mönnum at qvongast, þarsem Páll postuli segdi þó lióslega, at prestr, biskup oc diákn skyldu vera eginqvæntir; biskup svarar: oc qvad Pál verid hafa lærimeistara heidinna þióda, enn ecki vor; vard sídann aldrei jafnblídt med þeim. Þá hafdi Gísli son Jóns prests Gíslasonar verid med Alexíusi presti Pálssyni á Þíngvelli, til þess er hér var komid. Jón fadir hans féck sídar Gaulveriabæ, eptir Stephán prest bródr sinn, oc var lengi rádsmadr Skálholltsstadar yfir Sudrnesia umbodi; óástudlegt var med þeim fedgum, sagdi Jón prestr fyrir, snemma á æfi Gísla, at hann mundi med ödrum fleirum verda flocksforíngi at framfylgia sid Lúthers, oc var sú hin hellsta skilnadar sök þeirra; einusinni sagdi Gísli födr sínum draum sinn; hann þóttist vera heima í Skálhollti, oc færdi Ögmundr biskup hann í allann biskupsskrúda; Jón prestr svarar: þar muntu biskup verda, oc hafna þinna forfedra sidum oc átrúnadi, enn frammfylgia hinum nya; var þetta meir enn XX vetrum ádr enn frammkom; fór Gísli í Skálholt, á þeim missirum er Rafn lögmadr var veginn, oc giördist sveinn Ögmundar biskups. Um þær mundir dó Þorvardr priór at Skridu, enn Jón Markússon vard priór aptr nockru
1530 seinna.

LXXI Cap. Frá börnum Jòns biskups.

Didrich frá Bramstæed giördist nú hyrstióri; þá tók Magnús prestr Greniadarstad, son Jóns biskups; var hans fylgikona Christín dóttir Vígfúsar lögmanns at Hlídarenda, þeirra dóttir var Gudrún er Gunnar Gíslason átti. Ari son Jóns biskups tók þá lögsogn nordan oc vestann, þó úngr væri, oc adrir þætti fyrir þá sök betr tilfallnir; hann fèck sídann Halldóru dóttr Þorleifs Grímssonar á Mödruvöllum. Sat nú Jón biskup at Hólum; hann qvad þetta um skáld er þá voru best uppi:

Öld segir afbragd skálda
Einar prest fyrir vestann;

Hallsson hródrar snilli
hefir kunnad fyri sunnann;
Blind hafa bragnar fundid
bragtraustann, fyrir austann;
Gunna er gètid at sönnu
greidordr sè fyrir nordann.

Gunni sá var Hóla rádsmadr, fadir Þorsteins prests Gunnasonar er ádr er gètid, oc einnin var skáld; Gunni var nockud nídskældinn. Einar var prestr at Stad á Ölduhrygg Snorrason, oc kalladr Ölduhryggiarskáld; enn Jón Hallsson var fylgimadr Hólmfrídar í Dal, hann hafdi sídar syslu á Rángarvöllum, hefir hann qvedid elli-qvædi, oc var haldinn margkunnugr. Sigurdr blindi var eystra, hann hefir qvedid bædi rímr oc qvædi, oc var hid besta skáld eitt er þá var uppi. Brönu-rímr var eitt sem hann qvad. Þorsteinn son Gudmundar Andrèssonar undir Felli var sveinn Jóns biskups; var þá Þórun biskups dóttir heima, oc eckia eptir Rafn lögmann, oc fèck ord af Þorsteini; Ari hafdi grun af því, oc var Þorsteini ei óhætt um líf sitt fyrir hònum; Ari var drengilegr madr, lögvitr snemma oc látínu-lærdr, örlátr oc höfdínglegr í mörgu, hardsinnadr ef skipti gèdi hans; med hærri medalmönnum, frídr sínum, limadr vel, oc hinn fimasti vid allar íþróttir, frækinn oc kappsfullr; enn er Þorsteinn var búinn til brottferdar frá Hólum, fann Ari þau Þorstein á einmæli, oc ætladi at veita hönum tilrædi. Þorsteinn var manna fræknastr, oc fordadi sèr, komst í Hólakyrkiu uppá bitann, oc hlióp hvern af ödrum, til þess er hann komst í stöpulinn, oc þadann á hest sinn, er Solveig Abbadís á Reinistad hafdi sendt hönum, oc med hennar styrk komst hann vestr til Gudmundar födr síns, oc frænda sinna, oc er hann frá sögunni at sinni.

LXXII Cap. Heldri menn uppi.

Þessir voru þà uppi höfdíngiar á landi hèr; biskupar Ögmundur oc Jón; Didrik af Bramsted hyrdstjóri eda höfudsmadr; þat var ímist kallad. Erlendr Þorvardsson oc Ari Jónsson lögmenn, Ari hafdi oc Vadlasyslu. Þorleifr Grímsson bió at Mödru-

völlum,' Jón Magnússon Þorkèlssonar at Svalbardi, oc átti Ragnheidi dóttr Pèturs Loptssonar; Þorsteinn Finnbogason lögmanns bió í Hafrafellstúngu, hann hafdi Þíngeyir þing; Jón Einarsson at Geitaskardi, son hans var Egill er þar bió sídann, oc var stórbocki mikill. Olafr prestr Gudmundarson í Hrardarhollti hafdi Strandasyslu um hríd; Sturla Þórdarson Helgasonar bió at Stadarfelli, son hans var Ormr, Asmundr var oc Sturluson, enn ef þeir voru albrædr, þá var hann miklu eldri. Asmundr var fadir Odds födr Hrafns í Skördum, enn Orms verdr opt vid gètid seinna. Páll Grímsson Pálssonar var enn ríkismadr í Húnavatns syslu. Þorleifr son Páls Jónssonar, oc Solveigar dóttr Biarnar hins ríki, bió at Skardi á Skardsströnd, oc var vitr madr; Biörn Þorleifsson bió at Reykhólum, hann var einna ættgöfugastr oc þá vid aldr; vestra voru mágar Biarnar Gudnasonar, Jón Olafsson dóttrmadr hans, oc Olafr fadir Jóns í Þernuvík, Gudmundarson, oc Sigfús son Sigurdar Brúmannssonar, hann bió at Hrauni; Ejólfr mókollr í Haga, ef hann var þá ecki dáinn, oc synir hans, Snæbiörn bródir Ejólfs oc þeir frændr fleiri. Ormr son Jóns kolls Oddssonar oc Þorbjargar Gudnadóttr var mikilsháttar madr fyrir nordann, oc Gísli Hákonarson á Hafgrímsstödum er átti Ingibjörgu dóttr Gríms Pálssonar, Þormódr Arason Gudnasonar, oc Stígr Höskuldsson Audun Sigurdarson Sveinbiarnarsonar, er kalladr var Laga-Audun, bródir Helgu er fylgdi Jóni biskupi. Isleifr hèt son Sigurdar Finnbogasonar lögmanns, hann var þá frumvaxta, skartsmadr mikill oc íþróttamadr oc gètr sídar; Biarni son Erlendar Biarnasonar bió at Kètilstödum á Völlum oc hafdi Múlaþíng. Páll son Vígfúsar lögmanns Erlendssonar bió at Hlídarenda, oc voru þeir frændr mikilsháttar; Ejólfr Einarsson í Dal undir Ejafiöllum; Eyríkr Torfason bió í Klofa, Biarni var bródir hans, hann átti Ingibjörgu Sigurdardóttr Finnbogasonar lögmanns, oc er þadann æt mikil; Þorsteinn Torfason bródir þeirra bió í Hiörtsey. Nicolás Biarnarson hafdi Rángárþíng. Hákon Biörgólfsson Þorkèlssonar vellíngs bió at Fitjum í Skorradal; hann hafdi haft eina stund syslu fyrir sunnan Hvitá, oc var aldradr ef hann lifdi þá er hèr var komid, var miseldri mikid med þeim Lopti presti bródr hans er sídann var at Húsafelli, son Hákonar var Asgeir prestr; voru þeir frændr all-mikilhæfir. Jón Gudmundarson var þá oc uppi, oc Grimr sonr hans í Sídumúla, Finnr Arnórsson Finnssonar

bió at Ökrum í Hraunhrepp; þeir frændr voru menn óbernskir oc stadgódir. Dadi frændi hans Gudmundarson tók Snóksdal at erfdum oc bió þar sídann, þeir voru brædrúngar. Dadi hafdi konúngsvald frá Hítará, oc umhverfis allt í Gilsfiörd, oc giördist ríkr madr oc audugr; fleiri voru enn uppi mikilsháttar menn. Þessir voru prestar þá nafnkèndastir: Brandr Rafnsson at Hofi fadir Rafns lögmanns; Sigmundr Ejólfsson systrson Ögmundar biskups, hönum veitti hann þá Vallanes; enn Barthólómæus Egilssyni er þar hafdi verid, var fenginn Hallormsstadr. Jón Gíslason at Hollti; Jón Einarsson kyrkiuprestr í Skálhollti, hann var fyrir ödrum, oc veitti Ögmundr biskup hönum Oddastad á Rángárvöllum, þó kólnad hefdi milli þeirra. Alexius Pálsson at Þíngvelli, hann var gæfr oc óáleitinn oc gègn, enn ramr at afli. Þórdr Olafsson í Gördum á Alptanesi; hann var nærst fyrir Einar Olafsson þann er lengi hafdi Nesia umbod, födrfödr Jóns prests Egilssonar. Freysteinn Grímsson fèck þá Stafhollt, hann var þar lengi, oc talinn framarla. Þórdr Einarsson í Hítardal; Einar Snorrason Officialis at stad á Ölduhrygg; Olafr prófastr Gudmundarson í Hiardarhollti; Magnús son Ejólfs Mókolls í Selárdal; Gísli Örnólfsson á Söndum. Jón Eyríksson Officialis í Vatnsfyrdi; oc er Sæmundr bródir hans enn ótalinn, einn hellstr leikmanna. Jón Olafsson at Stad í Grunnavík, oc eptir hann Pantaleon Olafsson Eyríkssonar; fyrir nordan voru þeir nafnkèndastir presta, Pètr Pálsson, Magnús son Jóns biskups, Nicolás Vilhiálmsson, Thómas Eyríksson, Þorlákr son Hallgríms Sveinbiarnarsonar; svo segia sumir menn at Jón biskup hafi keypt at Fridriki konúngi þann hluta úr fiám Teits Þorleifssonar er hann mætti eiga, fyrir CCC rínsk gyllini, oc hafi þeir giört kaupinn Sigurdr sonr hans, oc Isleifr son Sigurdar Finnbogasonar, enn eg ætla þat allt eitt oc þat er sídar verdr greint. Teitr Þorleifsson var þá oc enn uppi, er þetta var, oc einnin Gudmundr Andrèsson, af því er sumstadar er at ráda, enn synir hans voru allir rosknir; enn þó at fleiri menn megi telia, læt eg hèr vid standa um hríd.

LXXIII Cap. Vatnsfiardarmál.

Þetta Sumar er Erlendr Þorvardsson oc Ari voru lögmenn, nefndi Erlendr í dóm XX oc fióra hina hellstu menn á alþíngi,

eptir bodi Fridriks konúngs, um framburd oc ákæru Hannesar Eggertssonar er hèr var ádr hyrdstjóri, vegna konu sinnar Gudrúnar Biarnardóttr Gudnasonar, at Ögmundr biskup heldi fyrir sèr oc henni jördum þessum, Vatnsfyrdi, Stad í Adalvík, Hvammi oc Asgardi, oc at Biörn Þorleifsson hafi géfid Stepháni biskupi Stad í Adalvík oc Vatnsfiörd til málafylgis, enn þat fèck Hannes eigi sannad. Ögmundr biskup lagdi þá framm liós rök fyrir at Vatnsfiördr þá hefdi verid þrem sinnum dæmdr beneficium Skálhollts kyrkiu af erkibiskupinum í Nidarósi, fyrir því dæmdu fyrrgreindir menn hann vera oc vera eiga fullkomna eign Skálhollts kyrkiu, oc Hannes skyldugann at afhenda Ögmundi biskupi öll brèf oc skilríki er hann hefdi fyrir þeim gardi. Um Hvamm oc Asgard leiddi Ögmundr biskup framm svarinn vitni, at Ragnhildr húsfrú Biarnadóttir galdt þá báda garda, med samþycki Torfa sonar síns, Ögmundi biskupi, í sakfelli Biarnar Gudnasonar bónda síns, oc væri erfíngiar hans qvittir um svo mikid sakfall sem tilskilid var í sættinni. Stad í Adalvík hafi biskup keypt fyrir sína penínga af erfíngium Hannesar Kroko, enn Biörn Þorleifsson hafi rèttilega mátt selia, eptir dómi Stephans biskups oc Vígfúsar lögmanns Erlendssonar; dæmdu dómsmenn þá báda Hannes Eggertsson oc Biörn Þorleifsson skylduga at forfallalausu, á nærsta sumri, at fara framm fyrir konúng med þau brèf sem þeir höfdu, oc fá hans úrskurd um Stad, hvert brèfid væri gyldara; enn þó deilt hefdi verid um þær eignir, höfdu traudlega verid borinn málinn fyrir hinn sama konúng, oc sídst af hverutveggium í senn, oc fyrir því voru brèfinn svo gagnstæd; enn Didrich höfudsmadr samþyckti dóm þennann; rógsök þá hina miklu, er Ögmundr biskup kærdi til Hannesar, at hann hefdi rægt sig, oc forveriara sinn Stephán biskup, fyrir konúngi, ofrgaf biskup fyri bænastad dómsmanna oc annara, med því skilyrdi at Hannes yrdi sèr aldrei mótsnúinn sídann, eda heilagri Skálholltskyrkiu; vita menn ei til at þeir Biörn hafi á konúngsfund farid, enda gyrntist ecki Hannes at eiga lengr í lagasóknum vid Ögmund biskup, er hann vissi at var fulltrúi Biarnar Þorleifssonar; enn þó lauk ecki þrætunum at heldr; er þá ecki meira sagt frá Hannesi; enn nafn hans er miög útbreidt ordid af hans ættmönnum á landi hér. Biörn Þorleifsson þurfti at selia jardir fyrir lausafè, oc var hönum liúft at láta þær til þess gánga er deilt var um, hellst þær er hann

nádi litlum eda engum ágóda af; enn enginn treystist at kaupa fyrir ákærum oc atgángi nidia oc mága Biarnar Gudnasonar, voru þar fyrst Eggert son Hannesar Eggertsonar oc Gudrúnar Biarnardóttr, oc þarnærst Sígfús Sigurdarson Blómannssonar, oc Jón Olafsson í Hiardardal, oc Biarni son Narfa ábóta Ivarssonar; áttu þeir Olufu, Þóru oc Sigrídi dætr Biarnar Gudnasonar, oc voru mikilhæfir menn oc stórrádasamir, enn þóttust hafa konúngabrèf nóg; var þó Jón minst vidridinn; hann var son Olafs í Þernuvík, oc hafdi eina stund syslu í Isafyrdi. Þó kom svo at Ögmundr biskup rèdist í at kaupa jardir þessar fyri gott verd, oc svo Jón prestr Eyríksson; hlífdust nidjar Biarnar vid at ripta þær sem biskup keypti, því hann hafdi bædi andlegt vald oc veraldlegt, oc beitti hverutveggiu stórmannlega, þá hönum syndist; Jón prestr Eyríksson sat oc í skioli hans medann þeir sátu uppi bádir samann, oc fór svo fram um hríd; er nú lokid at segia frá Byrni Þorleifssyni, oc deilum þeim er hann átti í at standa; tók þá at sundrast hid mikla fè Biarnar hins ríka, oc Olufar födrforeldra hans. Biörn Þorleifsson átti Ingibjörgu Pálsdóttr, þeirra börn voru Þorleifr prestr, Jón, Olafr, Margrèt. Þorleifr prestr var sem rænulaus, enn þó manna hagastr, hann seldi Páli Jónssyni Reykhóla sídar, oc gèngu þeir svo úr ætt, hans son var Greypr prestr at Snæfiöllum, fadir Jóns, födr Greyps. Jón son Biarnar Þorleifssonar átti Flatey oc Flateyareignir, hann fèck Christínar dóttr Finns Arnórssonar frá Okrum, þeirra börn voru Finnr í Flatey, fadir Torfa prests, födr Jóns er fèck meistara Brynjúlfi biskupi Flateyarbók; hans son var Torfi syslumadr á Bardaströnd; oc Arni Jónsson, hann var prestr á Látrum, hans einn son var Sveinbiörn módrfadir Arnórs Jónssonar í Belgsholti. Gudrún Jónsdóttir átti Biarna son Jóns Olafssonar í Hiardardal, þeirra börn voru Brynjúlfr prófastr í Hiardarholti, Þorleifr prestr at Söndum, Torfi prestr at Stad í Grunnavík, oc Þorkatla. Oluf, dóttir Biarnar Þorleifssonar, átti Biarna bródr Dada í Snóksdal, þeirra son var Gudmundr fadir Ara á Dúnki. Margrét dóttir Biarnar átti Jón Einarsson á Melgrasseyri, oc er margt manna frá þeim komid.

LXXIV Cap. Mál Ögmundar biskups oc fleiri.

A þeim missirum öndverdum lèt Jón Hallsson konúngs umbodsmadr í Rángárþíngi, VI manna dóm gánga at Hvoli í Hvolhrepp, um ákæru Jóns prests Einarssonar til Eyríks oc Biarnar sona Torfa í Klofa, vegna Þórunnar systr Jóns prests um fè Jóns Torfasonar bródrs þeirra. Annar dómr gèck í Önundarfyrdi, af Olafi Gudmundarsyni í Þernuvík, med VI mönnum, um ótekna jördu er taldist arfafè barna Jóns sonar Biarna Gudnasonar; oc enn vitnisburdr um Akra oc Þorleifstadi í Blönduhlíd, er Biörn Þorleifsson hafdi fengid Grími Jónssyni oc Ejólfi Gíslasyni med konum þeirra, Helgu oc Gudnyu Þorleifsdætrum, systrum sínum. Ögmundur biskup lèt oc gánga helmíngadóma um Kalmanstúngu oc Hóla kyrkiu í Bolúngarvík. Þau missiri stefndi Ögmundr biskup Vígfúsi Magnússyni, fyrir þat hann hefdi heitid sèr þiónustu enn efnt eigi, þarmed komit Hannesi Eggertssyni til at taka undir sig Sæból, rægt sig med hönum oc Torfa Biarnasyni vid höfudsmannin, enn Torfi mágr hans hefdi vegid mann í Alfdals kyrkiugardi, oc eigi hefdi hann edr hans foreldrar endrbætt Hiardárdals kyrkiu; dæmdi hann af hönum LX merkr, enn XV merkr fyri kyrkiugards saurgun Torfa; hann dæmdi oc LX marka sekt á Jón Þórdarson fyrir nockrar sakir, oc XC merkr biskupi, enn adrar XC merkr dómkyrkiunni, fyrir þat hann hefdi skotid sèr undir veraldlegann rètt. Hann bar oc margar sakir á Þórd prest Einarsson í Hytardal, um missagnir á biskupinn, skèmmd á vidi Skálholts kyrkiu, at hann hafdi átt V börn í frillulífi, haft viskíngar vid annan prest á Barthólómæusmessu, brotid eyd sinn med óhlídni vid biskup, rægt sig vid erkibiskup, enn enga bót edr skriptir tekid; dæmdi hann af hönum embætti, enn fè hans kyrkiunni, oc hann rètt-tækann af biskupi, ef ei beiddist lausnar, undir naudúngar skriptir; hönum þótti oc Jón biskup Arason hafa rofid sáttmál um Myrar, fyrir því stadfesti hann Stadarhólsdóm, oc lèt dæma sèr jördina oc LX merkr. Hann ákærdi oc Erlend lögmann Þorvardsson fyrir barsmíd á presti í Voga kyrkiu, oc at hafa sært annan prest á Kolbeinstödum, haft frillu heima, haldid eign Skálhollts kyrkiu, stefnt biskupi fyrir konúngsdóm, brotid ein a konúngsbod oc haldid Háeyri, oc fleiri sakir

adrar, dæmdi hann í XC marka sekt, oc at vera fallinn í tvöfaldt bann, enn rètttækann af biskupi undir naudúngar skriptir ef hann þiótskadi, enn þá èr þat óliòst hversu út hefir gèngid, enn þat ord hefir álagst at Erlendr hafi óvarlega farid, enn skialdann þurft at vægia.

LXXV Cap. Frá Gissuri Einarssyni.

Gissr son Einars Sigvaldasonar hafdi verit í Skálhollti med Ögmundi biskupi þegar á öndverdum árum hans, þóknadist hann biskupi svo vel, sökum næmis oc skilníngs, at hann kom hönum til læríngar í Hamborg á siálfs síns kostnad, þar hafdi hann gèngid í skóla í IV vetr eda VI, oc numid kostgæfilega bókvísi; hvad sem hann sá oc heyrdi, ritadi hann upp samstundis, svo meistari hans dádist at, oc mælti opt til hans: ef þèr audnast nockra stund at lifa Islendíngr! þá mun hönd þín oc kostgæfni koma þèr til sóma; þar fèck hann þeckíngu á lærdómi Lúthers, því at Jóan Bugenhagen kèndi öndverdlega í Hamborg þann lærdóm, enn sumir segia Gissr hafi verid III ár í Wittembergi, oc hefir hann þá heyrt kènníngar Lúthers siálfs oc Philippi Melancthons (ef svo er; sídann kom Gissr út híngad, oc er Ögmundr biskup vard þess vís, at hann hafdi inndruckid villudóm Lúthers, er hann kalladi, vildi hann hverki siá hann nè heira, nè gialda skuldir hans, var þá oc Halldóra abbadís födrsystir hans hönum fráhverf ordinn, fyrir hina sömu sök, oc fèck hann þá hvergi hæli hiá hinum heldri mönnum; hvarf hann vid þad austr til módr sinnar oc dvaldist med henni. Hún giördi út vinnumann sinn til Vestmannaeya, oc fèck hann lestarhlut; var þad gód stod til at lúka skuldir Gissurar. Þá var Sigurdr ábóti í veri, hann var líttlærdr, enn unni þó bókmentum, voru fáir menn á landi hèr þá færir um at kènna túngumál oc adra frædi, oc fèck hann til þess Gissr at kènna sèr oc klerkum sínum, oc ödrum úngum mönnum, um þær mundir er hèr var komid. Hefir Gissr sagt svo at þarvera sín hafi komid sèr at miklu gagni, hafdi hann þar bækr gódar, oc tómstund í tvö ár, er hann dvaldi þar; enn þeim fer framm siálfum er ödrum kènnir kostgæfilega.

LXXVI Cap. Frá ímsu.

Svo er sagt at vetri sìdar enn Ögmundr biskup lèt dæma midli sín oc Hannesar Eggertssonar, gæfi hann Byrni Þorleifssyni landsvistar brèf, oc ráda sumir af, at hann hafi þá haft hyrdstióra vald; enn ecki kann eg skil á því, eda veit hvada brèf þarmed er meint. Sakir bar biskup á Sigurd ábóta í Þyckvabæ, oc dæmdi ábótadæmit í sitt vald. Þá um vorid föstudaginn nærstann eptir krossmessu, lèt Einar Brynjúlfsson á Espihóli VI manna dóm gánga at Saurbæ, í umbodi Ara lögmanns Jónssonar, um arf nockrun. Var Einar jafnan fylgiandi Jóni biskupi oc sonum hans; enn Ari lèt gánga lögmannsdóm á alþíngi um ólöglega lausamensku, landpráng, varníngskaup oc óhóf í klædaburdi; voru XII dómsmenn, oc samþyckti Didrich hyrdstióri af Bramsted. Þá gipti Jón biskup Arason Helgu dóttr sína, Ejólfi syni Einars Ejólfssonar oc Hólmfrídar Erlendsdóttr í Dal, taldi Ejólfr sèr VI hundrud hundrada, oc gaf Helgu fiórdúngsgiöf úr, ef hún lifdi lengr, oc LX hundrud í tilgiöf; var Jón prestr Einarsson í Odda talsmadr Ejòlfs, enn brúdkaupid var at Hólum nærsta sunnudag eptir Michiálsmessu. Þau biuggu í Dal undir Ejafiöllum, voru þeirra börn Eyríkr at Eyvindarmúla, oc Anna í Dal seinni kona Vígfúsar bónda Þorsteinssonar Finnbogasonar lögmanns, þeirra börn Þorsteinn oc Jón fadir Þórunnar ríku, oc Þorbiörg er átti Hákon Arnason Gislasonar, módir Gisla lögmanns. Einar var enn Ejólfsson, hann átti Vilborgu dóttr Biargar Erlendssonar á Kètilstödum, oc druknadi í fliótinu barnlaus. Magnús oc Ejólfr qvæntust ecki. Eiólfr Mókollr son Gisla Philippussonar Sigurdssonar fóstra, bió í Haga á Bardaströnd, hann hafdi átta Helgu dóttr Þorleifs hyrdstióra Biarnarsonar hins ríka, þeirra börn voru mörg, Magnús prestr í Selárdal var einn, Oddr yfirbriti í Skálhollti, Gísli, Christín oc Þórdys. Gisli barnadi bádar systr sínar, oc flúdu þau í Skálhollt á nádir dómkyrkiunnar öll, oc í skiól Ögmundar biskups. Þau systkin voru audug at fè oc giörfugleg, fèck biskup hiá þeim þat er hann vildi, enn hann lèt fylgi í móti koma; skaut hann Gísla þegar í skip, oc fór hann utann, oc er mælt hann hafi þar veginn verid, enn þær systr voru eptir í Skálhollti í gódu haldi; er ei gètit þess at þær hafi sætt refsíng-

um. Þá var Halldór sveinn Ögmundar biskups, son Orms bónda Einarssonar er Erlendr vo í Videy, Þorvardsson; hann fèck Þórdísar, biuggu þau at Saurbæ á Kialarnesi, oc voru þeirra börn: Ejólfr í Saurbæ syslumadr í Rángárþíngi, er átti Solveigu dóttr Arna Gíslasonar, oc Valgérdr er átti Jón prestr Egilsson í Stafhollti; enn Christínar annarar systr Gísla mun sídar gètid verda.

LXXVII Cap. Slag í Grindavík.

Um þær mundir er mælt at Finnbogi Einarsson, er í VII ár hafdi 1532 verit ábóti at Þverá, son Einars Isleifssonar, hinn lærdasti madr þá á öld, hafi dáid; hanns dóttir Gudrún fylgdi Sigurdi presti, syni Þorsteins Þóreyarsonar, er var kènníngarson Nicolásar príórs. Einar var son þeirra, oc fleiri börn, oc voru enn ei borinn er hèr var komid; þau Sigurdr prestr voru miög fátæk, oc segir Einar Sigurdarson at því hafi spád þeim gamall madr; hann segir svo:

Um ætt Finnboga
einn karl spádi
at frábæra mundi
fátækt lída,
þá eyk sú hin gamla
Einars felli,
enn í fiórda lid
öll vidrèttast.

Pètr prestr Pálsson giördist þar ábóti, oc hafdi jardaskipti mikil. Jón biskup skipti oc jördum vid Magnús Brynjúlfsson bródr Einars á Espihóli. Þat sumar urdu þau tídindi sydra, at enskr kaupmadr í Grindavík, sá er Jón Breidi hèt, vard missáttr vid hyrdstiórann Didrich af Bramsted, oc vildi eigi gialda hönum toll sem vera átti; hann átti oc íllt vid Hamborgara er þar lágu á nesiunum med kaupför sín, oc hèlldt skreid nockurri fyrir þeim; kom í med þeim Þverúd, oc fóru ord í milli; giördi Jón sèr vyrki skamt frá búdum á Járngèrdarstödum, er sumir kalla Jardgiördarstadi, oc sá enn merki til á dögum Biarnar at Skardsá, oc

band Hamborgurum med kallsi at sækja til sín skreidina; tóku sig þá samann hyrdstiórinn oc hinir Þísku menn, oc komu óvart um nótt upp í Grindavík, komust þeir í vyrkid oc drápu Jón oc alla hans menn, enn tóku skip oc fè þad er þeir áttu; voru þar dysjar þeirra hiá vyrkisgardinum. Þá sömdu biskupar med sèr Ögmundr oc Jón um Myramál, fèck Ögmundr biskup Jóni biskupi jardir sínar fyrir nordann, Márstadi, Skútu, Siáfarborg, Akra, Kimbastadi, enn Jón biskup hönum sínar í Skálhollts biskupsdæmi, Ædey, Unadsdal, Sandey, oc átta jardir í Veidileysu.

LXXVIII Cap. Konúnga oc höfdíngia skipti.

Vorid eptir, hinn XIXda dag Aprilís mánadar deidi Fridrikr
1533 konúngr Christiáns son í Danmörku; giördist þar þá mikill ófridr, því ad sumir vildu hafa Christián Hansson aptr at konúngi er fánginn var, enn sumir Christián son Fridriks konúngs, voru oc adrir höfdíngiar af konúnga ættinni, svo sem var Christófór Aldinborgargreifi, er þar vakti hina mestu styriöld; enn á medann því fór framm, vard ei miög margt til tídinda á Íslandi, sem talid er; á alþíngi var samþycktr dómr Píníngs er fyrrum var hyrdstióri, af Didrich höfudsmanni af Bramsted, biskupum bádum Ögmundi oc Jóni, oc lögmönnum Erlendi oc Ara, oc öllum þíngmönnum. Þá giördist oc Alexíus Pálsson prestr á Þíngvelli, ábóti í Videy; voru þeir ábótar Halldór Tyrfíngsson at Helgafelli, oc Alexíus, oc Sigurdr í Þyckvabæ í dómi á alþíngi, med Jóni Markússyni príóri at Skrídu, í máli Sigurdar Olafssonar. Páll Grímsson Pálssonar tók þá Húnavatns syslu. Biörn prestr Jónsson biskups, tók oc þá at sèr Steinunni dóttr Jóns Magnússonar á Svalbardi oc Ragnheidar Pètursdóttr, gáfu foreldrar hennar henni C hundrada, oc Biörn prestr vidlíkt ef hún þiónadi sèr trúlega. Isleifr son Sigurdar Finnbogasonar fèck þá oc Þórunnar dóttr Jóns biskups, oc eru nú flest börn hans gipt, þá er hann siálfr var ei eldri enn fimtugr, var brúdkaup þeirra at Hólum; þar var Helgi ábòti frá Þíngeyrum, oc bródir Jón frá Mödruvöllum, oc margt annad vildarmanna fyrir nordann; þar er sagt at verid hafi hin mesta rausn, oc þá hafi Jón biskup qvedid marga

ölvísu fagra, oc skipt hinum mestu ölmusugiöfum med fátækum, er at sóktu. Þau Isleifr oc Þórun sátu at Grund í Eyafyrdi, oc áttu ecki börn saman, var Þórun heimskona mikil; hún lèt qveda um Isleif á vikivaka:

I Eyafyrdi uppá Grund, á þeim gardi frída,
þar hefir bóndi búid um stund, sem börn kann ei ad smída.

Enn þat var seinna. Þorsteinn Torfason seldi Eyríki bródr sínum í Klofa arfahlut sinn, eptir Ingibiörgu systr þeirra; í þann tíma skipadi Ögmundr biskup mörgu diarflega í Skálhollts umdæmi, oc var þar sú sök til at konúnglaust var; er mælt hann hafi veitt Jóni Hallssyni þá syslu, þó ádr segi hann hafi syslumadr verid. Jón biskup tók sèr oc hid sama vald, því at menn ætla
þeir hafi tekid at sèr hyrdstiórnina. Þá var kaupmáli milli Biarnar 1534
Þorvalldssonar oc Herdísar Gísladóttr frá Hafgrímstödum; um þær mundir deidi Magnús prestr at Grenjadarstad son Jóns biskups, oc kom þàngad sídann Sigurdr prestr, annar son Jóns biskups. Jón Markússon príór at Skridu deidi þá einnin, oc var þángad
vígdr Brandr prestr Rafnsson frá Hofi, er þar hafdi lengi verid. 1535
Þá dæmdi Alexíus ábóti milli sín oc Jóns Bergþórssonar, eda lèt dæma, hann hafdi haft klaustrsnet til at veida laxa í Ellidaá, átti þó klaustrid hálfa veidina. Erlendr lögmadr dæmdi um sumarid, oc Einar bóndi Brynjólfsson á Espihóli í umbodi Ara, á Öxarárþíngi, med lögrèttumönnum, at biskupar skyldu standa fyrir hyrdstjórn, oc taka konúngsrentu, eptir erkibiskupsbodi; því ad Christián hertogi son Fridriks konúngs hafdi viliad skipa Didrich af Bramsted aptr hyrdstiórnina, enn fèck þess ei rádid, med því at Olafr Lunge erkibiskup, oc adrir Nordmenn lögdust á móti hertoganum, oc Hannes Eggertsson er fyrr var hyrdstjóri var dáinn, oc Gudrún kona hans þá kominn til Islands fyrir tveim vetrum; hugdu menn at Thyli hefdi aptr gèngid, oc drepid Hannes. Christófór greifi hafdi skipad Markúsi Meyara hyrdstjórn; enn biskupar oc landsmenn hèr, möttu meira erkibiskups tilskipan, enn Christiáns hertoga eda Christófórs greifa, er þar med voru ósáttir oc vissi enginn hve reida mundi; fram fór dómrinn midvikudaginn nærstann eptir Pètursmessu oc Páls, voru þar í, medal annara dómsmanna, Eyríkr Sniólfsson undir Asi, oc

Gísli Hákonarson, at Hafgrímstödum. Jón biskup hafdi jarda-skipti vid Biarna Skúlason; hann gaf oc Byrni presti syni sínum fremra Núp í Núpsdal. Biarni Vígfússon fèck Ögmundii biskupi Hamar í Borgarhrepp fyrir kyrkjureikninga. Þau urdu málalok med Dana höfdíngium; at Christián hertogi Fridriksson vann
1536 Kaupmannahafnarstad oc sigradi alla óvíni sína; enn þar eptir giördi hann alla biskupa í Danmörku handtekna, er páfatrú hèldu, oc svipti þá völdum, enn leiddi inn hinn lútherska sid um allt ríkid; var hann kalladr Christián þridji, oc var ríkr konúngr, oc rèdi lengi fyrir Danmörku oc Noregi, oc þeim löndum er þar lágu til.

LXXIX Cap. Sendiför Ögmundar biskups.

Þetta sumar kom út Claus af Mervitz med hyrdstiórn; hann var íllr oc ódæll, oc giördist brádt óvinsæll; þá hafdi Ögmundr biskup enn jafnan skip í förum til Noregs, oc hafdi kaupskap á vidi oc ödru, enn þurfti mörgum reikníngum at gègna, sídann hann hèldt hyrdstiórnar valdid; tók hann þá fast at eldast, oc mædast í slíkum störfum; hann hafdi oc jafnann verid slióf-skygn, oc færdist þat í vöxt heldr; hlaut hann því at senda eptir Gissuri Einarssyni austur til Þyckvabæar, oc taka hann til sín aptr, qvad engann svo kunnugann reikníngum sínum, edr jafnslínganu úr þeim at greida, eda ödrum naudsinium; litlu sídar sendi biskup til Noregs, med Ejólfi Kolgrímssyni, er þá var skipstiórnarmadr á skùtu hans, til þess at greida reiknínga sína vid konúngsvaldid, oc adra menn; áttu þeir Gissr oc Ejólfr at fara bádir med brèf oc heimugleg eyrindi til Olafs Lunga erkibiskups í Nidarósi, enn hann hafdi miög mótfallid Christáni konúngi, oc var óvild mikil med þeim; enn er lènsmenn konúngs í Noregi fengu grun af því, at þeir menn færi med brèf oc heimugleg bod milli biskupa, komust þeir Gissr oc Ejólfr vid hinn mesta háska, voru handteknir af konúngsmönnum, oc skildir at, sinn í hveriu herbergi, afklæddir oc ransakadir vandlega; enn þó gat Gissr falid brèfinn svo kænlega, at hverki fundust þau eda nockr líkindi til þeirra, oc vid þat var þeim sleppt aptr; sagdi Gissr svo sídan at líf þeirra hefdi vidlegid, ef brèfinn hefdi fundist, fèck hann leyst af hendi

sendiförina, oc komu þeir Ejólfr út med heilu; þóknadist þá Gissr Ögmundi biskupi því framar, sem hann reindi hann at meiri hollustu, oc ætladi hann mundi fyrir laungu hafa kènníngu Lúthers undir höfud lagid.

LXXX Cap. Frá Oddi Gottskálkssyni oc Gísla.

Oddr son Gottskálks biskups Nicolássonar á Hólum, hafdi alist upp í Noregi med fǫdrbródr sínum, frá því er hann var VI vetra, oc til þess hann var roskinn, var hann því kalladr Oddr hinn norski, hann var lærdr vel í latínumáli, þýsku oc dönsku, hafdi hann farid um Danmörk oc Þýskaland, oc var látinn hvervetna vel; hann hafdi fengid sanna kynníngu þess lærdóms er Marteinn Lúther kènndi. Hefir Oddr svo sagt siálfr, at hann efadi lengi, oc volkadi huginn um þat, hveriu hann skyldi framar trúa, enn um sidir tók hann þat rád, at hann fór af sæng sinni í nærklædum nockrar nætr samt, oc bad Gud af alhuga byrta sèr, hver sannari væri, hinn nyi lærdómrinn, eda hinn forni, enn einhveriu sinni brá svo vid, at hönum hugfestist þadann af eckert af hinum gamla sidnum, enn allt vard opid oc lióst í huga af hinum nyrri; Oddr var vitr madr, oc kalladr forspár miög, fyrir því trúdu einfaldir menn oc óvitrir, at hann skyldi hrafnamál. Oddr fór í Skálhollt til Ögmundar biskups, oc giördist ritari hans, oc kær vinr; hafdi hann út híngad margar bækr gódar þýskar oc látínskar, oc þó miög á laun; þá var oc í Skálholti Gísli prestr Jónsson er fyrri var gètid, oc Oddr yfirbriti Ejólfsson frá Haga; hann hafdi badstofu afsídis, oc skála oc enn hid þridia hús, fyrir framann hladgardinn, austr af stóru badstofunni; giördist med þessum öllum kunnleikr mikill; voru þeir vinir öllum stundum sem þeir máttu í húsum Odds brita, oc lètu engan vita hvad þeir höfdust at, ydkudu þeir allir heimugliga þennann lærdóm. Oddr Gottskálksson lèt um vetrinn giöra sèr pall í fiósi, lèt þar vera hlírra, enn þat var raunar at hann þóttist heldr vera í nædi oc einsamann, lètst hann rita kyrkiubækr gamlar oc biskups statútur, oc sýndi þeim er til hans komu, enn enginn vissi þat er var. Lagdi hann þá út um vetrinn nya testamentid, Matthæi

gudspiöll; hann þraut þá pappír, oc bad biskup um nockurn; biskup spurdi hvad hann hefdi þess at rita? Oddr segir at voru kyrkiulög oc biskupa skipanir. Biskup segir þá at fá skuli hann nægann pappír til þess, sem hann vildi. Þá mælti Oddr vid Gísla prest, at furdulig væri stiórnan Guds; sonr hanns blessadr fèck ei annad rúm at fædast í heim þennan, í géstaherberginu, enn stallinn; oc nú er eg tekst á hendr at leggia út á módrmál mitt gudspiöllinn, af syni Guds oc fædíngu hans, fæ eg ecki til þess annan stad óhultann, eda rúm hèr á stólnum, enn fiósid. Hann fór sídann med útleggíngu sína, oc fèck leifi Christjáns konúngs, at láta prenta hana í Róiskèldu; Gísli prestr hefir svo frásagt, at þá er hann var kyrkiuprestr í Skálhollti, fèck hann nya testamentid til eignar; ætla menn þat þískt verid hafa, oc útleggíngu Lúthers; hann hafdi þat í vasa sínum eda barmi, oc las öllum stundum, þá hann hugdi sèr óhætt, hvar sem hann var staddr. Eitthvert sinn var hann uppi vid kyrkiu, oc las Lúkasar gudspiöll med siálfum sèr, vard hann ei fyrri var enn Ögmundr biskup kom þar at hönum, oc spurdi med hveria bók hann færi? prestr brá henni undir handkríka sèr, oc qvad vera sína bók; biskup vildi þó siá hana, enn hann var tregr at láta, þartil er biskup reiddist, oc mælti at vana sínum at skækiuson sá skyldi láta hana fram; treistist hann þá ei ödru enn sleppa; enn er biskup leit á bókina, reiddist hann enn meira, oc spurdi hvert hann færi med villu Lúthers, fleigdi sídann bókinni nordr í tradir, oc hlióp inní kyrkiu; enn Gísli prestr tók aptr bókina þá hann sá sèr færi á, oc biskup var á brottu.

LXXXI Cap. Ögmundr biskup vard blindr.

Einhveriu sinni var Ögmundr biskup rídandi á förnum vegi med Ingólfsfialli, þá vard hann siónlaus med öllu á stuttum tíma; var biart vedr, oc spurdi hann sveina sína hvert þá tæki qvölda, því hönum sindist svo dimt; þeir qvádu ney vid, oc sögdu sólskin vera skært; þá mælti hann: nú, nú, far vel veröld, þú hefir mér nógu lengi þiónad. Um þær mundir kaus hann med rádi presta, Sigmund prest systrson sinn, er þá var í Hytar-

dal til adstodar sèr, oc biskups eptir sig. Ögmundr biskup hafdi Já vígt fióra menn til presta er biskupar urdu, Sigmund oc Gissr Einarsson, Martein Einarsson oc Gísla Jónsson.

LXXXII Cap. Frá Ögmundi biskupi oc frændum hans.

Ögmundr biskup hafdi mikin kaupskap í Noregi; lá skip hans laungum annan vetr hèr, enn annan þar; hann komst yfir miklar fasteignir, gaf opt lítid fyrir jardir, enda fór hönum oc stórmannlega vid vini sína, oc vandamenn; hann hafdi mörg jardaskipti, bædi á dómkyrkiu jördum, oc annara kyrkna, sumum til baga, enn sumum til hagnadar. Bæ á Raudasandi er gèfinn hafdi verid fyrir Beneficium af Ara Andrèssyni, gaf hann sveini sínum Sigurdi Jónssyni, Ormssonar þess er bródir var Gudna á Kyrkiubóli; hann lèt oc dæma sèr jördina fyrir lögbrot Ara; hann tók afgiöld at sèr fyrir fiögr ár, af því fè er kallad var Anastada arfr, barst oc mikid sem ádr segir af fiám Biarnar Gudnassonar, Biarnar Þorleifssonar oc Solveigar Biarnardóttr. Hialla segia sumir hann tekid hafa af Oddi presti í Gaulveriabæ syni Halldórs at Túngufelli, fyri nockr lögbrot er hönum þóttu í móti rètti kyrkiunnar, enn adrir segia hann keypt hafa at þeim brædrum Oddi presti oc Snæbyrni fyrir lítid verd; fèck hann svo þá jörd Asdysi systr sinni fyrir jardir á Vestfiördum, er hún hafdi erft eptir Þórólf Ögmundarson módrbródr sinn, hefir sídann Hialli verid í ætt Asdísar. Hofstadi í Alptanes hrepp XII hundr, er þá var Skálhollts stadar jörd, oc fylgdi Heyness umbodi, seldi hann Þorleifi presti Eyríkssyni á Melum, uppí Varmalæk oc Maulustadi, Heggstadi, Grímstadi oc Belgsholt; oc lagdi í kaupbætir XV kúgildi, enn setti aptr í Heyness umbod Fellsöxl, Hól oc Túngu í Skilmannahrepp oc Svínadal, þær tók hann frá dómkyrkjunni. Þorsteini Þórdarsyni systrsyni sínum, bródr Jóns, gaf hann fyrir lánga þiónustu jördina Kalmanstúngu í Hvítársídu, undann sèr oc sínum eptirkomendum, Skálhollts dómkyrkiu formönnum, oc þartil XX hundrud; enn gángi Kalmanstúnga aptr, skyldi Þorsteinn eiga adgáng til Vídimyrar í Skagafyrdi. Þórólfi frænda

sínum fèck Ögmundr biskup fyrst Svínhól í Dölum fyrir lausafè, sídann þá Þórólfr græddi fè, skipti hann um, oc fèck hönum Hvassafell fyrir Svínhól, oc aptr seinna fyrir Hvassafell Brennistadi í Borgarhrepp. XL hundrud, oc svo giördi hann vid fleiri frændr sína; sá Þórólfr var fadir Gudrúnar er átti Pétr prestr í Hvammi son Arna prests Arnórssonar. Þá talad var um sveitir í Arnessþíngi var þat máltæki Ögmundar biskups: Grímsnesid góda oc gull-Hrepparnir, sulltar-Túngr oc svarti Flói.

LXXXIII Cap. Börn Þorleifs Gudmundarsonar.

Þau missiri er Claus frá Mervitz kom út med hyrdstiórn, druknadi Þorleifr bóndi frá Þyckvaskógi, son Gudmundar Andrèssonar undir Felli oc Jardþrúdar Þorleifsdóttr, í Rifi vestr, miög drúckinn, med sonum sínum tveimr, enn módir þeirra nádist á floti þúngud, Ingibiörg dóttir Jóns Erlíngssonar undir Múla á Skálmarnesi, systir Ingu er Teitr átti; voru börn þeirra sem mönnudust, Jón prestr í Gufudal, er fyrri hafdi Vatnsfiörd, oc var Officialis, fadir Þorleifs er Múla-menn eru frákomnir; oc Orms, er frá eru komnir Arni Assessor oc þeir Magnússynir, oc þeirra ætt, oc Gudmundar prests at Stad á Reykianesi er margt afqvæmi átti; Ingu er átti Halldór prestr Einarsson í Selárdal; Ingibiargar er Olafr átti son Jóns Olafssonar í Hiardardal; oc Karítasar er Arni átti á Narfeyri, fadir Halldórs Indíafara oc Jóns silfrsmids. Gudmundr var annar son Þorleifs bónda, hann bió i Þyckvaskógi, oc keypti hann af brædrum sínum. Hans son var Biörn er þar bió, fadir Gudmundar oc Jóns, enn dætr voru fiórar, oc er ætt frá þeim öllum, Biarni hèt hinn þridji son Þorleifs, hann átti Sigrídi dóttr Jóns Þórdarsonar frá Hvanneyri, oc Ragnhildar Einarsdóttr, voru hans synir Þorleifr er margt manna er frákomid, oc Þórdr; annar Biarni Þorleifsson átti fátt afqvæmi.

LXXXIV Cap. Frá sonum Jóns biskups.

Þann tíma féck Ari lögmadr son Jóns biskups Halldóru dóttr Þorleifs Grímssonar á Mödruvöllum, taldi hann sèr II hundrud

hundrada í lausafé, oc IV hundrud hundrada í jördum, voru þar med Holltastadir, Mödrufell oc Núpufell, eitt hundrad hundrada hvert, oc Eyrarland tyutygi hundrud, þat gaf hann konu sinni Halldóru í fiórdúngsgiöf, oc fyrir þá sök fèll þat aldrei undir konúnginn; voru Halldóru talinn III hundrud hundrada, oc lifdi hún þeirra skèmr; börn þeirra er á sætri komust, voru Þóra oc Helga; bió Ari at Mödrufelli. Sigurdr prestr at Grenjadarstad sonr Jóns biskups, giördist oc höfdíngi mikill, hann hèldt vid Sesseliu dóttr Pètrs Loptssonar, systr Arna í Stóradal oc Lopts prests í Vídidalstúngu, oc Ragnheidar á Svalbardi; þeirra börn voru Pètr oc Halldóra', enn Þurídr var laundóttir Sigurdar prests. Sigurdr prestr hèldt optast VI sveina, oc prest annan, oc svo IX eda X karlmenn gylda, því at hraustir menn völdust til hans; voru þar oc laungum med hönum ríkra manna synir til kènslu. Capellan hans var Sigurdr prestr son Þorsteins Þóreyarsonar, hann var gudrækinn madr oc spakr, enn hans fylgikona var Gudrún Finnbogadóttir', sem fyrri segir; optast vóru munng t á bordum at Sigurdar prests, svo at önnr voru heitt er önnr eyddust, var máldrickia jafnan á helgum dögum, oc rædt um lög vid bord er gèstir vóru.

LXXXV Cap. Mannalát oc annad.

A þeim missirum er nærst hafa verid talinn, höfdu þeir skipti á mörgum jördum Ari lögmadr oc Páll bóndi Grímsson, tók Ari jardir í Reykiadal; Einarstadi, Glaumbæ, Hallbiarnarstadi, Nárfastadi, Fliótsbacka, Vidá oc Hellu vid Myvatn; enn Páll í Húnavatns þíngi Holltastadi, Lækiardal, Striúg, Ufagil, Vatnshverfi, Refstadi; var Jón biskup forsagnarvottr. Þá lèt Páll Grímsson VI manna dóm gánga at Asi í Vatnsdal um lambarekstr á Dalsheidi, er Liótr Asgrímsson kærdi at bændr forsómudu. Pètr Loptson hafdi þá jardaskipti vid Biörn Þorleifsson, oc því er ljóst at þeir lifdu þá enn bádir, vóru kaupvottar Olafr Magnússon, oc Eyríkr í Asgardi Gudmundarson Andrèssonar. Olafr Gudmundarson í Þernuvík, syslumadr í Isafirdi lèt VI manna dóm gánga í

Ögri um barns framfæri. Þá er oc gètid Þorgils Nicolássonar prófasts milli Hvítaness oc Lánganess, oc Jóns Eyríkssonar í Vatnsfyrdi prófasts milli Geirhólms oc Lánganess, at þeir gáfu qvittunarbréf fyrir barneignir. Um þær mundir er sagt at Íslendingar hafi gèfid Cláus hyrdstióra af Mervitz sakir um rán oc manndráp, enn hann hafi því eydt, þó þeir ritudu konúngi þar um, oc fengid brèf fyrir því at hann mætti ad sèr taka Videyar klaustr, enn þó dulid þad um hríd, því þat er bert at ecki fylgdi hann því framm þau missiri er hann kom út, oc eigi hin nærstu; var þá Alexíus ábóti í Videy, oc hafdí Officialis starf milli Botnsár oc Hvítskèggia hvamms, fyrir þremur vetrum sídann þat er, Kialarness þíng; enn nú er hèr var komid, kaus Ögmundr biskup Sigmund prest Ejólfsson í Hytardal, systurson sinn, sèr til adstodar, sem ádr er gètid, oc biskupsdóms eptir sig, oc fór hann utann um sumarid. Þá var Jón Philipsson prófastr í Eya-
1537 fyrdi, oc gaf Biörn Þorvaldsson qvittann um barneignir; Biörn bjó at Æsustödum, oc hans nidiar. Bárdr Pètrsson hèt annar prófastr milli Hvítaness oc Lánganess, hann gaf qvittunarbrèf Jóni Narfasyni oc Sesseliu Bessadóttr, oc giptuz þau samann. Fór oc framm vitnisburdr Erlíngs Gíslasonar um uppgiöf Ögmundar biskups á peníngum vid Jörund prest Steinmódarson, oc börn hans, fyrir brot hans, ætla eg þad sè hinn sami prestr er Biörn Gudnason lèt hída; gètid er oc qvonfángs Andrèsar sonar Biarnar Þorleifssonar oc Gudlaugar Jónsdóttr. Á þeim missirum gèck qvefsótt mikil, oc deydi Teitr bóndi Þorleifsson, hafdi hann verid bríóstveikr, oc margt fólk annad. Þá var Sigmundr prestr vígdr til biskups í Noregi, af Olafi Lunga erkibiskupi Engilbertssyni, skömmu ádr enn Christián konúngr rak hann úr landi; enn nóttina eptir þat hann vígdist dreymdi hann at kona kæmi at hönum, oc mælti: ef þú verdr biskup *XX* nætr, þá verdr þú þat einnin *XX* ár at Skálholti; um morguninn hafdi hann tèkid fótarverk, þat var átumein sem kallast jötunoxi, dó hann af því í Noregi, þá er hann hafdi biskup verid í *XIX* nætr. Arni prestr hans, son Arnórs Finnssonar á Ökrum, hafdi utanfarid med hönum, oc fèck snert af því meini þá Sigmundr biskup var fráfallinn; enn enskr madr læknadi hann; fèck hann sídar Hytardal. Biörn var þá smásveinn Sigmundar biskups, launsonr Þorleifs Pálssonar á Skardi, hann bió sídar at Kèlldum, oc var fadir

Eyríks at Kèldum, oc Margrétar er Sigmundr Þórólfsson at Hofi átti. Komu þeir Arni prestr út um sumarid eptir med þessi 1538 tídindi. Katrín var dóttir Sigmundar biskups oc Þurídar stóru, hún var IX vetra þá er hún lá á fótum Ögmundar biskups, er hann var tekinn at Hialla; hennar féck sídann Egill son Einars prests Olafssonar í Gördum, þau biuggu at Snorrastödum í Laugardal í Grímsnesi, jördu sinni, vóru þeirra börn Jón prestr at Hreppbólum oc seinast veitslumadr í Skálhollti, sá er annálin reit; Ejólfr, er lengi bjó í Borgarfyrdi, oc átti Gudrídi dóttr Þorsteins Sighvatsonar, fadir Cláusar í Hólmum í Landeyum, födr þeirra Arna oc Þorleifs prests at Utskálum. Olafr prestr í Vestmannaeyum var hinn þridji, er Tyrkiar tóku, Einar hinn fiórdi at Berghil oc Midfelli í Hrunamanna hrepp, Sigmundr, Sæmundr, Þorgèrdr oc Þurídr.

LXXXVI Cap. Frá Marteini Einarssyni.

Marteinn son Einars prests Snorrasonar at Stad á Öldubrygg hafdi komid frá Englandi er hann var átján vetra; var hann latínulærdr, oc málari gódr, sem merki hefir til sèd í kórnum í Alptaness kyrkiu er hann hefir pentad á seinni árum sínum; hann var tvo vetr kaupmadr Enskra í Grindavík, enn fadir hans vildi þat ei; oc sendi þángad eptir hönum; máladi hann þá innan Stadarkyrkiu, oc svo Skálhollts kyrkiu kór, er sumir kölludu *Sancta Sanctorum*; enn er hèr var komid, hèldt hann Stad eptir födr sinn, oc var prestr; hann hèldt vid þá konu er Ingibiörg hèt, oc var lítilla manna, höfdu foreldrar hennar búid á Bolavöllum Stadar hiáleigu, oc Einar prestr tekid hana sakir fátækis þeirra, var hún jafngömul Marteini oc urdu med þeim kynni í æsku; fèck hann hennar seinna er prestar máttu qvongast, enn lítid var látid um mannvit hennar oc kosti, oc þótti festast af því keimr vid ætt þeirra. Börn þeirra vóru Halldór á Alptanesi, Gudrún er átti Einar prestr at Melum son Þórdar lögmanns, Ingirídr er átti Olaf Jónsson Bagga hyrdstióra-þènara danskann; enn laungsynir Marteins: Jón er átti Gudbiörgu dóttr Erlendar

lögmanns Þorvardssonar, oc Einar prestr at Stad er átti Þórunni dóttr Olafs prófasts Gudmundarsonar at Hiardarhollti systr Jóns á Svarthóli. Ingirídir systr Marteins átti Dada Gudmundarson í Snóksdal. Marteinn prestr var Officialis Ögmundar biskups, oc dæmdi þá er hèr var komid um Einar Gamlason; enn Erlendr lögmadr dæmdi þá um fátæka menn oc utansveitarmenn, at Backárhollti í Ölvesi, föstudaginn fyrir krossmessu.

LXXXVII Cap. Lát Ejólfs Kolgrímssonar.

Þat bar vid einhveriu sinni, er Ögmundr biskup fór í Vísitatiuferd, oc sat at biskupsveitslu í Reykhollti at fornum sid, at þá kom þar Lazarus meistari hinn þíski frá Skáney til fundar vid biskup; voru sveinar biskups drucknir oc gèmsudu mikid, oc spottudu Lassa, enn hann gaf sig fátt vid, oc reid aptr til Skáneyar, er hann hafdi lokid eyrindi vid biskup; qvad hann sig þá syfia, oc lagdist nidr, enn baud at binda hest sinn heima, lèt biskups sveina verid hafa nógu káta í Reykhollti, oc meiga skè at einhver þeirra vitjadi sín ádr sá dagr væri allr. Ejólfr son Kolgríms ábóta hafdi lengi verid sveinn Ögmundar biskups, oc í gèngi miklu, var hann mikill fyrir sèr oc sterkr, ofláti oc ofstopamadr vid öl, oc hafdi veigid ádr mann saklausann, enn er rídid var um daginn frá Reykhollti ofann eptir dalnum, var Ejólfr druckinn, oc leitadi á ímsa menn, enn allir sneyddu hiá hönum, hann hafdi lensu mikla í hendi, oc veifdi henni í kríngum sig, standum setti hann oddinn á södulbryggiu sína, þar til er oddrinn slap af bryggiunni, oc í qvid hönum, oc var þat fyrir nedann Kleppiarns Reyki, þar sem grióthrúgann stendr vid götuna á melnum; var þá þegar sendt eptir Lassa lækni, oc er hann kom var Ejólfr nær örendr, fèck hann ei adgiört, oc hlaut Eiólfr bana; þá var þar Páll son Vígfúsar lögmanns Erlendssonar med Ögmundi biskupi, eda sveinn hans, fyri því upplaust prestr sá er Stephán hèt oc var Olafsson, þeirri ófrægd um hann, meir enn XX vetrum sídar, at hann hefdi ridid á spiótskapt Eiólfs, oc ordid hönum med þeim hætti at bana.

LXXXVIII Cap. Frá ímsu.

Þat sumar sem Ögmundr biskup spurdi fráfall Sigmundar systursonar síns, kaus hann aptr med rádi oc samþycki lærdra manna, Gissr prest Einarsson til biskups eptir sig. Þá var þat mánudaginn fyrir allraheilagra messu, at Jón biskup dæmdi at Hrafnagili *med* XII prestum *Jón* prest Finnbogason frá Laufásstad, fyrir þat hann hefdi engann reikníng stadit kyrkiunni í þau XXX ár, sem hann hefdi haldid stadinn, enn þótt biskup hafi beidst, enn kyrkiann kominn undir fall, skyldi biskup taka at sèr stadinn oc kyrkiuna í næstu fardögum, oc *Jón* prestr skyldi settr af embætti, ef hann geldr ei kyrkiunni svo mikla penínga sem hann medtók, oc giörir ei rèttann reikníngskap af *portione* oc *mortualiis* oc þat fór framm, því at Jón biskup veitti Olafi presti Hialltasyni Laufás-stad ári seinna. Mánudaginn fyrir Dyradag útgaf Jón biskup brèf sitt um Myra kyrkiu í Dyrafyrdi, oc qvadst gialda henni LX hundrud, Fell XII hundrud, Rekavík X hundrud, í bókum *XX* hundrud, málnytu kúgildi X hundrud, í klædum II hundrud, í vadmálum II hundrud, í vaxi, reikèlsi oc lèreptum II hundrud, í gylltu oc brendu silfri II hundrud, ef hann oc hans eptirkomendr meigu friálslega halda þá kyrkiu oc hennar penínga, eptir því sem innihaldi innsiglad brèf síns bródrs Ögmundar biskups. Í þann tíma tók Ögmundr biskup af tyundinni í Vestmannaeyum til eflíngar kyrkiu-smídinni, oc lèt þat haldast, til afdráttar prestum þeim er þar voru; hann stefndi oc Ejólfi Einarssyni mági Jóns biskups, oc lèt dæma af hönum LX merkr til sín, oc jafnmikid til kyrkiunnar, fyrir fylgi nockurt vid Erlend bródr sinn, oc sva at taka lausn; enn fyrir þat hann skaut sèr undan biskups dómi skal hann gialda biskupi sem hann hefir kostad til utanfarar, oc kyrkjunni XC merkr, oc hid sama biskupi, *enn sè fallinn í bann*, oc skyldr at taka lausn oc skriptir. Á þeim missirum lèt Páll Grímsson dóm gánga um lambarekstr oc toll á Eyvindarstada heidi, því at Jón Halldórson kærdi þat til Þorláks Þórarinssonar, at hann vildi eigi reka nè gialda; var þá enn stadfestr dómr Einars Gilssonar lögmanns, oc sektir vidlagdar IV merkr til konúngs, oc IV merkr Eyvindarstada bónda, voru dómsmenn Jón Olafsson, Einar Einarsson, Egill á Skardi, Jónsson Einarssonar, oc fleiri. Ögmundr biskup hafdi jardaskipti

vid Sigfús Sigurdarson Brúmanssonar, oc Olufu konu hans. Þá gèck XII manna dómr á alþíngi, tilskipadr af Jóni biskupi, Cláusi af Mervitz hyrdstióra, Erlendi oc Ara lögmönnum, um ákæru Ögmundar biskups til Sigurdar Olafssonar, at hann hefdi líkhamlega samlagast systr sinni, var hönum dæmdr tylftareydr, X vikr særar, ella skyldi hann takast af konúngsvaldi, hafdi Christián konúngr hlutast til at láta ransaka málid, enn þat hafdi ei fyrri skèd um slík mál. Enn er Ögmundr biskup vard þess vis hveriar nyúngar voru á ferdum, lèt hann rita lángt brèf til allra manna í biskupsdæminu, um þá villu, er hann kalladi, se grámúnkr einn á Þískalandi hefdi uppfundid, oc varadi þar alla vid sem hann mátti.

LXXXIX Cap. Frá Didrich.

Madr er nefndr Didrich af Mynden, hann hafdi verid umbodsmadr hyrdstiórans á Bessastödum um IX vetr eda X, hafdi hann verid med er biskupar bádir oc lögmenn, oc XXIV lögrèttumenn höfdu þad samantekid: "at allir haldi helga trú oc guds lögmál, sem gud hefir sett, oc heilagir fedr" var þat giört til varúdar af þeim, sakir nyinæla þeirra er spurdust. Didrich var Hamborgari at ætt, oc ílla þockadr af vondum ordum oc gripdeildum; höggum oc áverkum vid marga menn. Hefir svo sagt Jón prestr Egilsson, at Einar prestr Olafsson í Gördum, födrfadir sínn, oc Didrick, hafi laungum eldt grátt silfr, bædi med ordum oc áflogum, oc um sídir hafi Einar prestr heitid at lesa upp æfisögu hans á alþíngi, med því hann rændi bædi siálfr, oc leiddi þá adra til. Didrik vard þess vís at konúngr tók til sín forrád klaustra oc þeirra eigna í Danmörku; fyrir því tókst hann á hendr at taka klaustrinn á landi hèr undir konúnginn, enn syndi þó enga heimild fyrir, höfdu þá biskupar enn alla umsión þeirra í landi hèr.

XC Cap. Yfirgángr Didrichs oc afdrif.

Vorid nærsta eptir þau tídindi er frá sagt hefir verid, þá er
1539 Alexius ábóti var heimann ridinn úr Videy i fardaga úttektir

sínar, oc fátt karlmanna var eptir heima, kom Didrik þar med sína menn öllum á óvart, þá sól rann, à hvítasunnu morgunn siálfann; bördu þeir á heimamönnum oc hröktu þá, fóru illa vid allt fólk oc ráku á brott, enn Didrich settist á klaustrid siálfr, oc tók allt undir sig er þar var; þar var rænt XX kúm, CXX ám, LXX lestum fiska, oc mörgu ödru; þar um qvad svo Jón biskup, er hann spurdi ránid:

sunnann at seigia menn
Sund-klaustr haldist laust,
þískir giöra þat rask
þeigi gott í Videy;
öldinn hefir ómild
Ala bruggad vont kál;
undarlegt er Island
ef eingi rèttir þess stètt

þar nefnir hann Alexíus ábóta Ala; lídr nú svó framm ad alþíngi; hittust þeir Ögmundr biskup oc Didrich vid þíngvalla kyrkiu, oc mæltust vid um adtekt á Videyar klaustri; beiddist biskup af hönum brèfs eda sanninda fyrir, at slíkt væri konúngsins vilji eda skipan, lètst þá vilia hlída því; Didrik svaradi þar fáu til eda þagdi; biskup baud sig undir rètt lög vid hann eda hvern annann er sèr mætti nockud tiltala; Didrik mælti at pestilentian skyldi hafa þau lög; vid þat skildu þeir; lèt þá Ögmundr biskup XXIV menn dæma í Reykhollti, um ójöfnud Cláusar af Mervitz, oc hellst Didriks, oc báda í bann, enn eignir þeirra upptækar Skálhollts kyrkiu, þær sem hèr væri í landi, oc þær konungi sem utanlands væri. Þar ásakadi hann einnin Pètr Einarsson fyrir þat hann fyllti flock þeirra, oc hèt hönum banni, nema hann snéri frá því órádi, oc tæki lausn. Hann var bródir Marteins prests á Stad. Fiórum eda fimm nóttum fyrir Laurentiimessu um sumarid, reid Didrich frá Bessastödum vid Xda mann til at taka undir sig Þyckvabæar klaustr oc Kyrkubæar, enn sem hann var kominn austr yfir Ölvesá hiá Kotferiu, oc lagt var á hesta hans, qvad hann þat upp, at hann mundi rída fyrst í Skálhollt oc hitta Ögmund biskup, hafdi hann ei ádr giört rád fyrir slíku; sagdi at Pètr Spons oc Hans Witt fylgdarmenn sínir, skyldu fara austr yfir Þiórsá, oc bída sín í Odda. Ridr nú Didrich í Skálhollt, oc lætr setja tiald sitt fyrir framann timbrstof-

una, var hönum veitt öl oc matr sem hann vildi hafa, enn ecki fann hann Ögmund biskup á þeim degi. Um morguninn eptir hittust þeir, spurdi biskup hví Didrick færi því framm at taka klaustrinn undir sig, ef þat væri ecki greinileg skipan konúngs; Didrich svaradi þar fáu, oc íllu einu, oc skildu þeir svo um sinn; eptir þat fór Didrick tvisvar eda þrisvar inní biskups badstofu til at skeyta skapi sínu, oc gaf þá biskupi mörg vond ord, ósæmilig oc trássug, kalladi hann blinda biskup, hundsvott, oc slíkt annad; lètst vilia taka inn allt Island vid VIIda mann; biskup qvad hann eiga ord sín siálfann, oc bad hann med gódu víkia brott af stadnum, seigir hann giarnan skyldi fá med sèr mat oc dryck oc hvad sem han vildi á veginn, lètst ei vilia at hönum væri giört neitt íllt, enn qvad hann siálfann siá meiga at hann væri madr siónlaus, oc rèdi ecki vid fólk sitt, ef nockud kynni í at skèrast med þeim. Didrich gaf því enganu gaum oc var því hardordari, vóru þeir med öllu uggalausir hann oc hans menn. Jón pretsr Hèdinsson var þá rádsmadr Skálhollts stadar, hann giördi ord bændum nockrum, stadar landsetum, oc ödrum mönnum, er hönum þóttu öruggir, komu þeir skiótt heim í Skálhollt, oc eru þessir tilgreindir fremstir, Jón Sigurdarson er kalladr var refr, hann bió á eignarjördu sinni Gröf í Grímsnesi, enn sídann at Búrfelli, Sveinn Þorsteinsson at Byldsfelli, Ögmundur briti, Jón Snorrason rádsmadr at Hömrum, oc Núpr verkmadr þar, hann hafdi verid ádr um vorid heimamadr í Vídey er Didrich rændi þar, oc var þá illa leikinn, oc barinn med ködlum, oc þóttist eiga þeim fyri grátt at gialda; voru þeim gèfnar nockrar könnr öls, svo þeir voru vel hreifir, ádr enn þeir gèngu upp at herbergiunum. Jón prestr gèck inn til Ögmundar biskups, oc mæltust þeir vid af hliódi; enn sem þeir hættu, oc Jón prestr gèck á braut er mælt biskup hafi sagt: þú rædr verkum þínum Síra Jón Hèdinsson. Þar var þá Jón prestr Biarnarson á Narfastödum, hann var í nockrum stórsökum, oc var því skipadr til at skenkja fyrir Didrich oc hans menn svo mikid sem þeir vildu; enn er bændr komu upp at herbergiunum, hlupu sumir upp gardin hiá portinu, enn adrir þustu um dyrnar inn, vard vid þat dynkr mikill, enn hinum dönsku mönnum giördi bilt vid, spratt þá Didrich upp, oc sá vopninn um gluggann út, oc spurdi hvad um væri, oc til hvers þá skyldu svo mörg spiót oc lensr; byrlarinn

segir at þat voru stadarmenn oc skêmtu sêr, qvad biskup hafa látid géfa þeim nockrar könnr öls til vyrdíngar vid komu hans; þá baud Didrich tveimr mönnum sínum þegar at sækia byssr út í tjald þeirra, enn jafnskiótt er þeir komu út, hiuggu hinir tjaldid oc felldu á þá, oc unnu á þeim bádum, hafdi annar XIV áverka ádr hann féll, oc var Ögmundr þriti banamadr hans; nú sêr Didrich hve verda vill, oc ætlar at bana Jóni presti Biarnarsyni, enn hann fleigdi kápu sinni, er hann hafdi á sêr oc hlióp á dyr, oc sló eptir sêr timbrstofunni í lás, hlióp bændr þegar at henni; þeim mætti í gaungunum Olafr Ingimundarson lestarsveinn Didrichs, oc mælti er hann kom at biskups badstofunni: gêfid mèr lidugann gáng brædr mínir; fyrir því at eg em íslendskr sem þêr; einn þeirra svaradi: þú hefir nógu lengi stolid med þeim oc fyrir þá, oc fylgt þeim lifandi, fyrir því máttu einnin fylgia þeim daudr, oc lagdi jafnskiótt í gêgnum hann. Þeir freystudu at brióta upp timbrstofuna oc máttu ei, þar til er Sveinn Þorsteinsson tók upp stein mikinn, svo at tveir óvaldir mundu eigi meiri bera, oc fleigdi â hurdina, brotnadi hún þá í mola, enn þeir brutust inn, oc voru fiórir taldir fremstir, Jón refr oc Sveinn, Jón Hamrarádsmadr oc Núpr, oc drápu þá er inni voru. Jón refr sókti at Didrich, oc hafdi í hendi krókalensu; enn Didrich hafdi ei nema stick-kníf oc borddiskana, oc vardist med því lengi oc hraustlega, svo Jòn kom eigi lagi à hann, um sídir krækti Jón lensu króknum í herdar hönum, oc kippti framm á gólfid, oc vard þad tvisvar, kom hann hönum svo undir fætr sêr, oc rak lensu skaptid út um fremra glerglugga stofunnar, svo koma mátti laginu fyrir sig, sídann lagdi hann oddinum í milli herda hönum, oc bad hann nú heitast at vinna Island allt vid VIlda mann. Smásveinn XII vetra gamall, smaug undir bordid, hann hèt Jacob, vildi Sveinn drepa hann, qvad hann mundi verda þeim at ólidi. Jón qvad þad ei vera skyldi, segir at hann var úngr oc saklaus; hann vard sídar heirari vid Skálhollts skóla á dögum Marteins biskups; er svo mælt at hann hafi málad ásynd Jóns oc yfirlit, oc hafi hún verid í öllum kaupstödum sydra, svo at Jón treistist áldrei sídann at koma í nockrn kaupstad; var Kort von Mynden bródir Didrichs, lengi kaupmadr ì Hafnarfyrdi, oc synir hans eptir þat. Hafdi

oc Jón mikla vareygd á sèr eptir víg þetta; hann átti tvo hesta bleika, miög lèttfæra, oc vandi þá at stöckva med sig á baki yfir grafarhlaupid, þat var lángt jardfall edr ós diúpr, oc var öllum hestum ödrum ófært yfir at hlaupa; hugdi hann sèr þat til undanbragds ef til þyrfti at taka; son hans var Jón fadir Jóns yfirbrita á dögum Brynjólfs biskups, sá Jón bjó at Hömrum sídar, hans synir voru Biörn prestr í Hreppbólum nærstr fyrir Eyrík prest Oddson, oc Jón í Laugardalshólum, Finnr at Búrfelli, oc Gudmundr er þar bjó einnin, lögrèttumadr, oc fleira fólk er í Grímsnesi ættad frá Jóni ref; enn Jón bar nafn hans, sonr Sigurdar Oddssonar í Búdardal, er oc var kalladr refr eda rebbi, var þó nú á legg kominn. Skèdu víg þessi á Laurentii messudag, oc voru þeir VII samann, Didrich oc hans menn er í Skálholti fèllu, voru lík þeirra kösud úti fyrir portinu. Þar var ádr brunr í midiu hladi, var úr hönum ausid vatn til allrar neytslu á stadnum, oc lá úr hönum bunustockr inní heitu-húsid, rann þar inn vatn þat er haft var til ölbruggunar, oc ei sòkt ödruvísi; rann blódid úr búkunum í brunninn, oc fyrir því var hann byrgdr sídann; því nærst voru bùkarnir hafdir austryfir Södlahóla, drepnir þar hestar þeirra, oc svo dysiad allt samann, med klædum oc reidtygium; þó flettu sumir þá hinum bestu klædunum, er svo vildu giöra, oc tóku þat er þeim sýndist fèmætast. Jafnskiótt eptir var madr sendr frá stadnum til Odda, at segia þeim Pètri Spons, oc Hans Witt at koma til Runa, því at Didrich vildi rída nordr Kialveg; þat þótti Pètri undarlegt, oc hitt med, at byssa hans vildi ecki hlaupa um daginn. Þeir tjöldudu í Runa nordr á túni, oc beiddust öls oc matar. Jón prestr Hèdinsson rádsmadr qvad þá skamma stund þurfa skyldu þess at bída. Pètr lagdist þá til svefns; var kallat at hann væri mestr íllvyrki allra þeirra; hinn vakti; oc urdu þeir ei fyrr varir, enn XII menn hliópu at þeim ofann af Runanum. Pètr spratt upp oc tók spiót sitt, oc vardist vel oc drengilega. Gudmundr hèt madr mikill oc knár, oc hinn hardfengasti, systrúngr vid Teit Ögmundarson í Audsholti, hann var altygiadr, oc sókti at Petri, enn vann ecki á. Þá kastadi sá madr exi er Jón Önnuson hèt, oc at Petri, oc mælti: Didrich bad heilsa þèr; kom exinn í höfud Petri oc vard hann sár, vildi hann þá hlaupa heim á kyrkiuna, oc komst frá þeim; enn rádsmadr þar heima er Stephán hèt, var at hlada

heyi; hann hlióp ofann oc komst í veg fyrir Pétr í sáluhlidinu; oc vardi hönum kyrkiuna; komu þá hinir skiótt á eptir oc unnu á hönum. Hans Witt hlióp vestr í flódinn, oc bad sèr grida, enn fèck ecki; Sigurdr hèt sá madr er ellti hann; sagdi Hans hann mundi drepinn aptr ef hann dræpi sig, enn Sigurdr fór ei àt því, oc lagdi í gègnum hann; vard þat at spá, oc var Sigurdr drepinn XVI àrum sidar. Þeir Pètr voru dysjadir nordr í litlu hélunum. Svo er sagt at skiótlegt yrdi um þá flesta er at vígum þessum stódu, hafi þeir eigi nád prestsfundi þótt óskad hafi, edr ordid mállausir.

XCI Cap. Gíssr fer utann, oc frá ímsu.

Þetta sumar var Gíssur Einarsson kosinn af ábótum oc prestum í Skálhollts umdæmi til þeirra formanns, med því þeir höfdu þá fregid andlát Sigmundar biskups; fór hann þá utann þegar, enn í Hamborg spurdi hann víg Didrichs oc hans fylgdarmanna; í Skálhollti; treystist hann þá ecki at fara til Kaupmannahafnar, því hann ugdi at því at slík stórvyrki mundi sèr til ólids koma, oc sínu eyrindi; ritadi því fyrst konúnginum, oc tiádi eyrindi sitt, fèck hann svar mildiligt, oc leidisbréf til Kaupmannahafnar oc á konúngs fund; tók Christián konúngr oc Dóróthea drottníng vel vid hönum, oc er mælt at drottníng hafi ei trúad því at Gissr væri Islendskr, enn ætlad hann þiskann, því hann taladi svo þídversku sem modrmál sitt, allt þar til er íslendskr sveinn var fènginn til at lesa samann christin frædi vid hann, svo at hún hoyrdi. Þá gaf Jón biskup Arason Olafi presti Hialltasyni Laufásstad á Marci dag Evangelistæ; enn nockru fyrri enn hálfum mánudi fyrir vetr, utnefndi Jón bóndi Biarnarson, í umbodi Erlendar lögmanns Þorvàrdssonar, hina hellstu oc vitrustu menn í dóm er þá voru uppi, Pál at Hlidarenda Vígfússon Erlendsonar, Sæmund Eyriksson í Asi, oc Dada Gudmundarson í Snóksdal, oc enn adra; dæmdu þeir Didrich af Mynden oc hans fylgismenn ábótamenn verid hafa, oc þá alla saklausa er at þeim hefdi vegid, fyrir rán oc oheirilegar athafnir þeirra med ordum og adtektum; voru þær sakir hellstar, fyrst at Didrich oc Kort Rafn hefdi rænt oc gripid fyrir Ögmundi biskupi II hundrud lybsk mörk í

gulli oc silfri heimildarlaust; í annann máta fiögr naut gömul á Hvannavöllum, oc þó rænt adra menn jafnframmi; í þridia lagi hafi hann látid stínga lönd biskups oc kyrkiu í Grindavík oc byggia þar hús ì óheimild; þat fiórda hann hafi tekid undir sig VI jardir biskups nidr vid sund; hid fimta at hann hefdi kallat biskup hundabrífara oc ödrum jafnvondum nöfnum; víg þessi kènndi Claus van Mervitz, er hyrdstióri var, Ögmundi biskupi oc hans skipan, oc rægdi hann um þad fyrir Christiáni konúngi; á þeim missirum skipadi Ögmundr biskup England í Lundar-Reykjadal med fiórum kúgildum, undir Mela kyrkja med brèfi. Þorleifr prestr Eyríksson galdt þá jördu fyrir XX kúgildi er eydst höfdu; hann átti Alptanes á Myrum, oc hafdi samid vid Ögmund biskup um Alptaness kyrkiu, at hún skyldi eiga XV málnytu kúgildi, tvö hundrud í köplum, III hundrud í kötlum, sængrklædum oc búsgagni, X hundrud í heimalandì, oc Þormóds skèr; þá var borinn Einar, son Sigurdar prests Þorsteinssonar oc Gudrúnar Finnbogadóttr, at Hrauni í Adalreykiadal, hèldt Sigurdr prestr eptir þat Stad í Kinn, enn var skipadr þadann naudugr til Grímseyar, oc dó þar af vatni; þat er skyrbiúgs tegund er íllt vatn veldr, oc deya margir af, oc flestir fá þá syki adkomandi í eyuna, nema menn vita ei til um presta sídann, þó þángad hafi farid; þá gaf konúngr landsvistarbrèf Jörundi Steinmódarsyni er fallid hafdi med systrum tveimr; slíkt höfdu biskupar annast þángad til; fèck Biörn Þorleifsson Jóni presti Eyríkssyni Heydal oc hálfa Skálavík í Isafyrdi, er Pètr bóndi Loptsson seldi hönum; Jón biskup setti þá Helga ábóta at Þíngeyrum skriptir um barngètnadar mál; gètid er enn þess at Pètr Loptsson fèck Arna syni sínum, er bió at Stóradal í Eyafyrdi, Akreyar vestra fyrir XL hundrud, oc skyldi hann lúka Diúpadals kyrkiu, svo hèt þá Stóridalr. Pétr ábóti útnefndi VI presta dóm í umbodi Jóns biskups at Hrafnagili, um ákæru Þorsteins Jónssonar til Högna prests Pètursonar, at hann hefdi brotid hus sín, hrakid oc tekid menn oc fè; Ögmundr biskup hafdi jardaskipti vestra vid Jón prest Eyríksson í Vatnsfyrdi, oc fleiri voru slikir giörníngar.

XCII Cap. Frá biskupum.

Gissr Einarsson var í Kaupmannahöfn um vetrinn, oc var vígdr til biskups at Skálhollti, af Pètri Palladio Siálands biskupi; því at Christián konúngr hafdi þá undirlagt allt klerkaveldi í Danmörku oc Noregi; var hann hinn fyrsti íslendskr biskup, er vígdr var at konúngsbodi, oc ei af erkibiskupi, til Lútherskra kyrkju forráda, enn ei at páfamanna sid; var þá oc gèfinn út kyrkiulaga-tilskipan Christiáns konúngs hins þridia, oc kom út prentad nýa Testamentid á Islendska túngu, er Oddr Gottskálkssson hafdi lagt út; bióst Gissr biskup út híngad þegar skip géngu. 1540
þá var á föstudaginn eptir uppstigníngardag prestastefna at Vídivöllum í Skagafyrdi; lèt þar Jón biskup Arason frammleida vitnisburdi nockurra manna, um þat, at Teitr Þorleifsson hefdi, ádr hann fèll í stórmæli, gèfid jördina Glaumbæ í Skagafyrdi eptir sinn dag, gudi oc St. Önnu, oc at Teitr átti þá svo mikla peninga at hann mátti hana gèfa; fyri því samþyckti Jón biskup med XII prestum sínum, jördina Glaumbæ verid hafa eign guds oc heilagrar Hólakyrkju sídann Teitr fèll frá; þá sendi Ögmundr biskups ámynníngar brèf um allt biskupsdæmid, er lesast átti vid hveria kyrkiu, þar í bannadi hann allt samneyti vid óbótamenn, manndrápara, þá er láta börn sín fyrirfarast, edr hlaupa frá konum sínum oc taka adrar; hann tilsagdi oc öllum leikum oc lærdum, er í sökum voru fyrir helgibrot, eda slög á helgum dögum, at þeir taki lausn af prófasti, enn ei þíngapresti.

XCIII Cap. Útkoma oc brèf Gissurar biskups.

Gissr biskup kom út snemma um sumarid; var þá haldinn prestastefna í Skálhollts biskupsdæmi, midvikudagin nærstann fyrir Pètrsmessu oc Páls; voru þessir hinir fremstu klerkar, Halldór ábóti at Helgafelli Tyrfíngsson, Alexíus ábóti í Videy Pálsson, Jón prestr Hèdinsson í Runa rádamadr í Skálhollti, Marteinn prestr Einarsson at Stad á Ölduhrygg, Þorleifr prestr Eyríksson at Breidabólsstad, Arni prestr í Hytardal Officialis Arnórsson frá Ökrum, Gudmundr prestr Jónsson er þá var rádamadr í Skál-

hollti, *Jón* prestr Biarnason kyrkiuprestr þar, *Snorri* prestr Hiálmsson í Hollti, Freysteinn prestr Grímsson í Stafhollti, Þórdr prestr Olafsson, Ejólfr prestr Grímsson er sídar hèldt Melastad, Gísli prestr Jónsson er fyrr er gètid at verid hafdi í Skálhollti enn seinna var í Selárdal, Olafr prestr Magnússon at Stad á Reykianesi, Jón prestur Þorleifsson í Hiardarhollti, Þorleifr prestr Eyríksson á Melum, Eyríkr prestr Jónsson í Reykhollti edr Gilsbakka, Olafr prestr Kolbeinsson at Saurbæ á Hvalfiardarströnd, sá er Halls ætt er frákominn, Snorri prestr *Jónsson* at Stadarhrauni, enn sídann at Gördum á Akranesi, Loptr prestr Narfason er seinna var í Hytardal, oc miög lengi lifdi frá því er þessi tídindi urdu, Magnús prestr í Selárdal Ejólfsson mókolls, Biarni prestr Jónsson, Gísli prestr Nicolásson, oc fleiri adrir; voru þeir nefndir í dóm af Ögmundi biskupi, er þeir kalla vyrduglegann herra, oc biskup med guds nád, sem sidr var til, um hina fornu biskupa, oc Gissuri Einarssyni, hann kalla þeir heidrlegann mann oc telia þat hann nefni sig *Superintendentem* biskupsdæmisins; til at ransaka oc fullnadar dóm leggia á brèf þau er þar tèdust; var eitt umqvörtunar brèf Ögmundar biskups yfir elli oc vanmætti, oc at hann bidr konúng at skipa Gissr Einarsson fyrir umbodsmann biskupsdæmisins; annad var medkènníngar brèf bestu manna vid Kaupmannahafnar háskóla, at Gissr hefdi verid examíneradr, oc skipadr at konúngsbodi; hid þridia var brèf Christiáns konúngs siálfs, med hans hángandi innsigli, þar gètr konúngr þess at Gissr sè kosinn *superintendens* af Ögmundi biskupi, klerkum oc alþídu Skálhollts umdæmis, þarmed álitinn lærdr vel af meisturum í Kaupmannahöfn, oc at lifnadi þartil hæfilegr, fyrir því skipar konúngr hönum þat embætti, oc bydr öllum andlegrar oc veraldlegrar stèttar mönnum hönum at hlída, í öllum hans embættis eyrindum; enn hann skal vera konúngi oc hans ættmönnum trúr oc hollr, láta guds ord oc evangelium kènnt verda hreint almúganum, eptir kyrkiuskipunar bodi konúngs, oc hiálpa öllum, audugum oc óaudugum til rèttra laga, fyrir utann hyrduleysi, hylli oc gáfr; hid fiórda var uppgiafarbrèf Ögmundar biskups til Gissurar á biskupsdæminu oc öllum þess efnum, med hans hángandi innsigli; þessi brèf vyrdtust þeim í allann máta myndug oc skialleg, oc beiddist Gissr biskup viliugrar samþyktar allra klerka uppà þau; enn þeir samþycktu allir med

einni raustu, í nafni drottins: at hylla oc taka yfir sig Gissr fyrir fullkominn formann, oc *superintendentem* oc yfir allt biskupsdæmid, hètu hönum trú, hollustu oc hlídni, í öllu er þeir mætti, oc engum ödrum medann hann lifdi; enn hann hèt at halda öllum vid lög oc rètt eptir gömlum oc gódum kyrkiulögum oc *privilegiis*, oc enga breitni giöra nema med kyrkiunnar rádi, settu þeir þar allir undir innsigli sín; enn Gissr biskup gaf þeim heitord er svo hliódar: »eg Gissr Einarson *Superintendens* Skálhollts stiptis giöri gódum mönnum kunnugt med þessu mínu opnu brèfi, ad eg hefi lofad oc tilsagt heidrlegum persónum, klerkum oc kennimönnum Skálhollts stiptis, at eg vil vid þá halda oc regera eptir gömlu oc gódu kyrkiunnar lögmáli, sèrlega eptir því sem þær statútur oc setníngar votta, er löglegar sínast oc naudsynligar, at ókrenktum þeirra kennimannlegu fríheitum, sömuleidis eptir því sem christin-rèttr inniheldr, oc ei er á móti sönnu guds lögmáli. Svo at eg vil veita þeim þann styrk oc forstödu, oc öllum oc sèrhverium innlendskum oc útlendskum sem dómkyrkjunnar formanni ber. Hèr á móti hafa þeir játad mèr trúa hollustu, oc skylduga hlídni, sem til ber, oc því samþyckir ordid, at vera undir minni *jurisdictione* enn enkis annars, mína lífstíd; skrifad á þíngvelli *in festo apostolorum Petri et Pauli*;" er lióst af þessu at hverutveggi hafa haft varúd vid, oc klerkum eigi grunlaust at Gissr færi med nyúngar; samþyckti einnin á því þíngi Erlendr lögmadr Þorvardsson oc lögrettann sunnan oc austann, at medtaka Gissr fyrir sinn rèttann biskup oc yfirmann.

XCIV Cap. Dómar oc afksipti nordlendínga.

Þá var framborid á þíngi konúngsbrèf þat er kèndi Ögmundi biskupi dráp Didrichs af Mynden, eptir því sem Cláus von Mervitz hyrdstióri hafdi ádr undirbúid; lèt þá Ari lögmadr nordann oc vestann son Jóns biskups, XII manna dóm gánga þar á þínginu, midvikudaginn næstan eptir Pétrsmessu oc Páls; þar sór Ögmundr biskup, at áheirandi lögrèttu allri, þann eyd, at hann hefdi hverki leint nè lióst, skipad eda rád til gefid, at vega nockurn christinn mann, oc þó nefnilega Didrich oc hans fylgiara. Þar var oc upplesid annad brèf, er Cláus von Mervitz hafdi ritid

Ara lögmanni, samá innihalds, at Ögmundr biskup hefdi bodid at drepa þessa menn. Fyrir slíkann róg dæmdu þeir, med fullu dóms atqvædi, Cláus von Mervitz ecki myndugann at taka konúngsins skatt eda sakeyri, eda syslur at veita, skyldi alla rentu uppbera oc vardveita Ari lögmadr til nærsta alþíngis, oc heimila sèrhverium sína syslu sem fullar vördslr hefir; enn þær sem óveittar væri, oc stór naudsyn krefdi at umskipta sè ágiör, dæmdust í vardveitslu Ara lögmanns, til þess löglegr hyrdstióri kèmr skipadr af konúngi. Var þá í þann tíma sem mestr uppgángr Jóns biskups oc sona hans, hafdi Jón biskup haft syslur allar edr flestar fyrir nordann. Þeir lètu giöra brèf til konúngs, oc telja sig bædi klerka oc leikmenn, þó voru leikmenn einir skrifadir undir, þar töldu þeir sakir á Cláus von Mervitz, oc voru þær sannar, oc svo á Didrich, oc gátu þess at hann var dæmdr óhelgr, enn hefdi Cláus rogborid þà; hneig þetta til þess at Jón biskup vildi hiásneyda at taka vid konúngs tilskipun um kyrkiuháttnna. Gátu þeir þess at þeim þótti þat undarlegt at konúngr skyldi hlutast til um klerkdóminn, oc skipti kènnimannlegs embættis oc christilega sidu, oc qvádust þat aldrei heyrt hafa frá því nordrlöndinn voru fyrst christnud, helldr at slíkt hafi heyrt undir páfann oc hina rómversku kyrkju; þar var fyrstr Ari lögmadr, Þorleifr Grímsson á Mödruvöllum, Grímr Jónsson á Ökrum, Gísli Hákonarson á Hafgrímsstödum, Skúli Gudmundarson Skúlasonar Loptssonar, Isleifr Sigurdarson á Grund mágr Jóns biskups, Jóns Magnússon á Svalbardi, Einar Brynjúlfsson at Espihóli, Einar Einarsson, Brandr Olafsson, Stígr Höskuldarson, Dadi Gudmundarson í Snóksdal, Erlíngr Gíslason Philippussonar at vestann, Olafr Gudmundarson í Þernuvík, Audun (Laga Audun) Sigurdarson Sveinbiarnarsonar, Gísli Jónsson, Páll Grímsson Pálssonar, er syslu hafdi í Húnavatnsþíngi, Þorleifr Einarsson, Eyvindr Gunnarson, Narfi Ingimundarson, Biarni Skúlason, Ormr at Draflastödum Jónsson Kolls Oddssonar, Jón Þorláksson, Þorsteinn Símonarson oc Biörn Þorvaldsson á Æsustödum í Eyafyrdi. Biarni Skúlason sá er hèr er gètid, er talinn frá Gudmundi á Mödruvöllum í lángfedgatali þannin, at Skúli hafi verid Hákonarson Skúlasonar Jónssonar Grímssonar, Ejólfssonar, Rafnssonar, Þorkèllssonar, Halldórssonar þess er fèll í Briámsbardaga, Gudmundarsonar hins ríka, enn ef þat er rètt at þessir sèu lángfedg-

ar, þá vantar þriá eda fióra knèrunnslidi; segia þó sumir at Skúli fadir Biarna, oc Bessi fadir Þorbergs sylumanns hafi brædr verid, oc synir Hrólfs á Mói í Fliótum Þorsteinssonar Nicoláss sonar ábóta eins, oc eru þar einnin ættnöln. Son Biarna Skúlasonar var Hrólfr, er kalladr var hinn sterki, sá er Hrólfs ætt er frákomin, enn módir Hrólfs segia sumir heitid hafi Geirþrúdr, oc verid dóttir Sigvalda lángalífs. I þann tíma dæmdi Erlendr lögmadr Þorvardsson at nedri Laungahlíd í Hörgárdal, med XII mönnum, um heimreid at Hólum í Yxnadal; enn Jón biskup dæmdi Glaumbæ at vera eign guds oc heilagrar Hóla kyrkju; Jón Jónsson var konúngs umbodsmadr milli Geirhólms oc Hrútafiardar ár, þat heitir nú Stranda sysla, hann nefndi Biarna Þorleifsson oc Odd Thómasson frá Hvoli, oc adra, í dóm, föstudaginn eptir Marinmessu seinni um sumarid, undir Felli í Kollafyrdi, oc dæmdi Ormi Gudmundarsyni Andréssonar þær jardir er Ari Andrèsson í Bæ oc Þórdys Gísladóttir höfdu gèfid hönum, oc voru þau þá öndud bædi.

XCV Cap. Frá Ögmundi oc Gissuri biskupum.

Ögmundr biskup flutti sig nú frá Skálhollti, oc á bú sitt í Haukadal, var hönum þar kostr at enda æfi sína í rósemi, oc halda öllum eignum sínum; enn er hann vissi at Gissr biskup fór med annan sid, lèt hann sig ángra slíkt, oc qvadst ej hafa kosid hann til biskups til þess, at falla skyldi frá skyldugri hlídni vid páfann í Róm, edr aftaka fornann lærdóm forfedra sinna, stód hann því á móti athöfnum hans med öllu afli, oc var þat audveldt, því ad allir sóktu á hans fund, enn einginn skeytti Gissuri biskupi, oc kom hann engu áleidis á þeim missirum, því er hann hafdi heitid gudi oc konúnginum, vildu hinir gömlu prestarnir í engu sinna Gissuri, oc ritadi hann konúngi þetta. Ögmundr biskup ritadi oc á því sumri Jóni biskupi Arasyni, um óvenjur þær er hönum þóttu framfara, oc vildi láta stefna allsherjar þíng á Torfustödum, gètr hann þar þess at miög hryggilega fari framm, hiónabandi sè eigi sinnt, enn hann qvadst hvergi eiga kost í hus at koma, biskup Gissur geimi allt silfr oc háfr kyrkiunnar í læstri

kistu í svefnherbergi hans, bagaldúkar oc *Clenodium* sè borid híngad oc þángad, allir menn sèu vel teknir oc fái eyrindi sitt sem hèr komi til stadarins, hvad sem undir búi. Gissr biskup vard áskynia um rádagiördir þeirra, oc giördi ord leikmönnum, voru þeir margir heldr vinir hans, því þeim var ílla til klerka valds hins forna, fèck hann því svo komid at eigi vard af ásetníngi þeirra Ögmundar biskups. Þá ritadi Ögmundr biskup konúngi atsökunarbrèf frá þeim sökum, er hònum voru eignadar af Cláusi von Mervitz; enn ádr hafdi hann ritid almenníngi í biskups syslu sinni, oc fyrri enn Gissr vígdist, oc látid sem hann lofadi tilskipun Christiáns konúngs í öllum höfudgreinum, enn vildi hafa sig undan þeginn at breyta því er til kyrkiu sida kom; fèck nú þó ei, er hann fann at allt gèck andsælis frá því er hann ætladi rèttast vera, haldid sèr frá at hlutast til um biskups sysluna, var oc klerkdómrinn fúsastr til hans, oc sá Gissur biskup þat, at aldreigi mundi hann fá neinu áleidis komi I um sidaskiptinn, medann Ögmundr biskup lifdi, oc væri á landi hèr.

XCVI Cap. Frá Jòni biskupi Arasyni.

Í þann tíma var mikill uppgángr Jóns biskups Arasonar á Hólum; hafdi hann mikinn aud oc fiárafla; Ari son hans var lögmadr, Sigurdr annar son hans prestr at Greniadarstad, Biörn prestr at Melstad; Helga dóttir hans var gipt Ejólfi í Dal undir Ejafiöllum, syni Einars Ejólfssonar, oc Hólmfrídar Erlendsdóttr, enn Þórun Isleifi syni Sigurdar Finnbogasonar. Voru þeir allir bundnir í tengd vid Jón biskup, Þorsteinn Finnbogason, Þorleifr Grímsson, Jón Magnússon, Arni son Pètrs Loptssonar. Jón biskup hafdi oc mikla vináttu lengi vid hyrdstjóra oc fógóta á landi hèr, svo þeir veittu hönum stundum flestar syslur eda allar fyrir nordann, eda hveriar sem hann vildi hafa siálfr, eda ödrum veita láta; einnin hafdi hann kaupskip í förum til Noregs, þat er seinna týndist fyrir stormi í Laxárvík fyrir vestann Ejlífsfiall er nú er kallad Tindastól; þat fiall var þá kèndt vid Eilíf örn födr Kodráns at Giliá oc Atla hins ramma, enn Laxárvík er nú köllud Sævarlands-vík, segia menn at þat hafskip hafi Hólastadr átt

sídast. Af slíku vard Jón biskup stóraudugr, oc efldist svo miög at ríki oc fé, at eingin var þá hèr hans jafníngi um þat, oc svo rèdi hann bodi oc banni fyrir nordan land, at eingin treystist í móti at mæla því er hann vildi vera láta. Hann var hinn mesti rausnar-madr, oc í mörgum manndómlegum háttum voru þeir vel á sig komnir hann oc synir hans; ör var hann oc kátr vid vini sína oc gèsti, oc baud þeim leikfáng eitt oc annat til skèmtunar; qvad hann vísu þessa einhverju sinni er hann þóttist ei hafa öl;

Til hefi eg tabl med spilum,
tölr sem leggi oc völr,
skák med sköfnum hrókum,
skiótt, oc kotru hornòtta
hörpu heldr snarpa
hreysta med gyrnis neistum;
Phón med fögrum sôni
fengid til lykt med strengium.

árlega hèldt hann jólaveitslu fiölmenna. Hann var málfæris gôdr oc skàld mikid; kastadi skiótt fram gaman-vísum uppá hvad sem vidbar. Hann hefir qvedid píslargrát oc nidrstigs vísr, Davíds dikt oc Lióm. Til Hólakyrkju fèck hann bríkina miklu, oc kostulegann skrúda af flöjeli gullsaumadann. Fátækum gaf hann hvert ár XV hundrud, lèt skipta því upp á tveimr dögum á ári, Gudmundar degi oc Jóns deigi Hóla biskups. Vid vini sína oc þiónustumenn eda fylgdarmenn var hann ör oc stórgiöfull, voru þeir hönum heyrugir oc fylgisamir til hvers sem hann vildi þá qvedia; þá hann reid um land, fór hann vid miklu fiölmenni, helst á hinum sídari árum hans, til at sína rausn oc stórmensku, oc ægia óvinum sínum, stundum reid hann med II hundrud manna til alþíngis, stundum III hundrud eda IV, enn þeir synir hans Ari oc Biörn vid hundrad manna hver; því þat þótti þá hin mesta rausn oc höfdíngskapr, at fara med fiölmenni, oc ægia óvinum sínum, þó vera ætti á kostnad alþidu, oc ná eignum oc höfudbólum manna; svo segir Olafr Thómasson prestr Eyríkssonar, fóstrsonr Jóns biskups, oc systrson biskupssóna, í kvædi því er hann orkti um Jón biskup oc sonu hans:

Til alþíngis reid sá aldrei enn
Islendíngum meiri,
at ei hefdi hundrud tvenn
hölda búna geiri. Stundum voru þau þríú;
skrautlegan tel eg þann fedga flock, fyrn þat þætti nú;
búinn var öll med brynju oc rock brögna sveitinn sú.

oc enn um Biörn prest:

Med hundrad menn at halrinn víkr,
höldar meiga þat frétta,
til alþíngis, reckrinn ríkr,
rædi eg allt af lètta um rausnar þegninn þann;
tygiad fólk í trausta ferd tel eg at hefdi hann,
hervopn gód, med handska oc sverd hver sig prýddi mann

XCVII Cap. Útkoma Christófors Hvítfelds.

Gissr biskup fylgdi fast at hinum nya sid at konúngsbodi, at láta afleggia helgra manna tilbeidslu oc líkneskia, oc krossagaungr, oc baud at prestar væri qvæntir. Hafdi þá Ögmundr biskup ráda-
1541 giördir til samfundar vid Jón biskup Arason sem ádr segir, enn Gissr vard þess vís, at þeim óvörum, oc ritadi Erlendi lögmanni Þorvardssyni á Strönd, oc hafdi vidrbúnad er áleid vetrinn, svo ei vard af rádagiördum þeirra; þó giördi þat mest um, at annad bar til er þeir væntu ecki, því at í fardögum um vorid, adr nockrar samkomr urdu haldnar af öllu landi, á föstudag, komu út herskip tvö fyrir sunnan, oc á herlid, rèdi fyrir þeim danskr herramadr Christófór Hvítfeldr af Steinvíkrhólms kastala í Þrándheimi; þann kastala hafdi Olafr Engilbertsson erkibiskup látid byggia til varnar í móti Christjáni konungi þridia, er hann tók völd af klerkunum þá fyrir nockrum árum, enn Christján konúngr rak erkibiskupinn úr landi, oc gafst þá kastalinn á konúngsvald. Christófór Hvítfeldr var riddari at nafnbót, oc umbodsmadr konúngs yfir Þrándheims biskupsdæmi, hafdi hann ímisleg konúngsbrèf med at fara, var hid fyrsta til Gissurar biskups, útgèfid annan dag páska, med hàngandi innsigli konúngs; þarí gaf

konúngr Gissuri biskupi til vitundar, at med því hann var þess vís ordinn, at í þrætr væri komid í milli Clánsar von Mervitz oc nokkurra landsmanna, hafi hann sendt Christófór Hvítfeld med fullkomnu umbodi sínu, at giöra öllum mönnum, ríkum oc óríkum, lög oc rètt, þarmed hafi hann falid hönum mörg eyrindi, er hann siálfr skuli tiá Gissuri biskupi. Baud konúngr Gissuri at vera hönum fylgisamr oc hiálpandi at öllum konúngs eyrindum á landinu, oc qvad hann skyldi vìsa eiga nádnga þóknan oc vidrkènníngu. Var þá miög umskipt ordid, oc konúngs valdid miklu ríkara enn fyrri hafdi verid, þar sem biskupar áttu í hlut. Gissr biskup brá vid skiótt, oc reid sudr at Bessastödum til fundar vid herra Christófór, ræddu þeir samann um hríd, enn því næst var stefnt þíng almenniligt á Kópavogi, voru þar byrt konúngs brèf. Þar mæltu þeir riddarinn oc biskup lengi saman, enn um sídir voru bændr bednir at liá XIV hesta, oc láta vera komna hid skiótasta at Bessastödum, til at flytja á þeim miöl oc mallt í Skálhollt, enn sækja þángad aptr smiör oc vadmál, oc komu hestarnir at áqvedinni tíd.

XCVIII Cap. Tekinn Ögmundr biskup.

Þá er spurdist skipkomann austr, rèdu vinir Ögmundar biskups hönum at víkia lengra á brottu, oc fara austr til klaustranna á Kyrkiubæ eda Þyckvabæ, oc dveliast þar medann herramadrinn oc herskipinn voru vid land; hann tók því líklega, enn lètst þó fyrri verda at fara ofann til Hialla, á fund vid Ásdysi systr sína, eptir innilegri bón hennar; fór hann nú at heimann, oc er hann kom at Reykium í Ölvesi þar bú hans var annad, mætti madr hönum at sunnan, med brèf frá Gissuri biskupi; þat sagdi svo at Ögmundr biskup mætti óhræddr vera fyrir Christófór Hvítfeldi, því hann vildi eigi giöra honum nockurt mein, því trúdi Ögmundr biskup, oc qvadst mundi verda nockrar nætr at Hialla; reid sendimadrinn vid þat súdr aptr, enn Ögmundr biskup fór til Hialla sem hann hafdi ætlad; enn á móti aptni annann dag, sendi hyrdstiórinn XIII eda XIV menn frá Bessastödum til Hialla, at sækia Ögmund biskup, enn sumir segia hann færi siálfr med, oc

yrdi þeir Gissr biskup samfara upp undir Hellisheidi, þar skildi leid þeirra oc reid Gissr biskup í Skálhollt. Ejólfr hèt madr oc var Halldórsson, hann segia flestir verid hafa leidtoga eda fyrirlida þeirra er til Hialla fóru, hann var nordlendskr, oc var hönum eignad víg Arna Bessasonar á Sveinsstada fundi, var hann sídann med Jóni biskupi Arasyni til þess er hann var ordadr af þórunni dóttr hans, þá strauk hann sudr, oc undir skiól Ögmundar biskups, oc var med hönum lengi, enn eptir dráp Didrichs von Mynden hljóp hann frá hönum, því hönum vard vid þat ílla til biskups, fyrir þá sök at Didrich hafdi haldid vid systr hans eda frændkonu; einn af þeim sendimönnum hèt Christián þískr madr, hann hafdi lengi verid á Bessastödum, oc var vel til Ögmundar biskups, enn er þeir komu at Videyarseli, oc hann vissi af tali þeirra, at þeir ætludu at taka biskup naudugann, ef hann færi ei viljugr, fór hann eigi lengra, oc snéri til Bessastada, oc var hann settr fyrir þat í járn sìdar; enn hinir fóru leidar sinnar austr Olafsskard, oc komu til Hialla fyrir dagmál; lá Ögmundr biskup þá í sæng sinni, enn þeir tóku hann, oc báru út úr bænum fáklæddann, sumir seigia í línskyrtu einni, færdu hann sídann í klædi sín; hann var nær áttrædr at aldri oc blindr med öllu. Asdys systir hans breiddi sig yfir hann, oc grátbeiddi þá at láta hann kyrrann, enn þat tiadi ecki; hann hèllt á bellti sínu oc púngi, þeim er í var innsigli hans, því nádu þeir ei af hönum, tóku þá fiórir á, oc vannst ecki at, fyrr enn gèck í sundr þá kom þar Ejólfr sá er ádr var gètid, oc heimti af hönum kaup sitt; hann qvadst ei þá vidlátinn at greida, ætladi eg oc ecki at þú mundir af mèr heimta, sagdi hann; þá kastadi hann framm vísu þessari til Asdyar er hann qvaddi hana;

Hugsadu um þat hríngalád!
hvad hlautst af vilia þínum,
köld eru iafnan kvenna rád,
kèmr at ordum mínum.

Sídann var hann settr á hest-bak, oc teymdi drengr einn undir hönum sudr, var hann þvínærst fluttr framm á herskipid, oc fenginn þar einn sveinn til þiónustu; sumir segia sá væri úr Videy, oc hèti Erlendr, enn sumir at hann væri danskr oc hèti Olafr, oc yrdi sídar skólameistari í Skálhollti, enn druknadi í Brúará seinast; átti sá at lesa gudsord fyrir hönum til huggunar

hyrdstiórinn vissi at biskup var audugr af gulli, silfri oc gersemum, var hönum þá heitid lausn ef hann fengi þeim allt gull hans oc silfr; fyrir því giördi hann ord Einari presti Olafssyni í Gördum, kom hann oc ritadi brèf fyrir hann, eptir því sem biskup stíladi fyrir; vildi hann þá hvísla nockru at Einari presti, oc þreifadi til hvar hann væri, enn Einar prestr laut at hönum, oc lagdi vid eyrad, riddarinn stód yfir þeim, oc sá þat, oc tók sinni hendi í höfud hverium þeirra, oc dró þá í sundr; sídann baud hann Einari presti at fara med sèr upp til Hialla, oc þad giördi hann, ridu þeir þángad, riddarinn oc þeir XL samann; var brèf biskups til Asdysar systr hans, at hún skyldi framláta þad silfr er hann tilnefndi, oc svo hyrdslr; hann hafdi látid geima í urdinni ofann Hialla kistil einn fullann af gulli oc silfri, var þeim vísad á hann; þar átti Asdys í Agnus dei eda gull nisti svo kallad, því at á því var mótad guds lamb, þat kostadi V hundrud eda meira, oc tók hún þat til sín; þá hètu þeir at láta biskup lausann, ef hún lèti þad, oc allt qvein-silfr sitt; hún lèt þat ecki í vegi standa, enn þeir veittu hönum eigi lausn at heldr; hètu henni ef hann fengi konúnginum allar jardir sínar; þat giördi Ögmundr biskup, oc lèt skrifa þær upp allar med nafni, tölu oc kúgildum, oc hvar þær lágu; þó lètu þeir hann eigi lausann, oc fèllu med þeim hætti allar jardir hans undir konúnginn, án dóms oc laga oc sakargifta; voru þar med XIV jardir í Borgarfyrdi, er Asdys systir hans sór sèr á ödru alþíngi fyrir Gissuri biskupi oc bádum lögmönnum, oc qvadst aldrei hafa giöfum géfit nè sölum selt nockrum manni, nema fiórar er hún hefdi fengid Ögmundi biskupi bródr sínum til eignar, enn hinar at eins til umráda oc afgialds, fyrir afgiöld af ödrum nálægari; gèck þá dómr um hvar hún skyldi adgáng eiga, sem sídar skal greint.

XCIX Cap. Jardir Ögmundar biskups.

Þessar vóru jardir þær er Ögmundr biskup átti á Vestfiördum; Atlastadir, Glúmstadir, Steckadalr, Midvík stærri, Önundarfiördr, Villíngadalr, Gérduhamrar, Horn, Kúla, Gröf á Raudasandi, Siglunes, Múli í Kollafyrdi, Túnga, Midvík minni, Rekavík, stórl

Hiardardalr, Brecka, Arnarnes, Biartstadir, Lángaból, Klúka oc Móberg, Skammárdalr hálfr, Skalánes, Ingunnarstadir, Mydalsgröf, Haukatúngr hálfar, Giögr, Fiardarbotn; enn í Borgarfyrdi þessar: Fliótstúnga, Þorvaldstadir, Hallkèllstadir, Hvammr, Amót, Dyrastadir, Géststadir, Brúar-Reikir, Hamar, Ölverstadir, Haukagil, Uppsalir, Búrfell, Raudsgil, Ulfstadir, Hurdarbak hálft, Litli-Kroppr, Heggstadir, Hvítárvellir; ei vita menn hveriar jardir hann átti fyrir sunnan oc nordann. Sumar af jördum þessum er nú eru kalladar Alptafiardar oc Adalvíkr oc Isafiardar konúngs jardir, oc Borgarfiardar jardir í Myrasyslu; þá kærdu dætr Biarnar Gudnasonar til XI af þeim, Gudrún eldri, Oluf oc Sigrídr, oc kölludu födr sínum hafa til fallid, eptir Jón Biarnarson Dan módrbródr hans, því þær voru af eignum Biarnar hins ríka, enn fengu hverki medann Ögmundr biskup hafdi forrád þeirra nè sídann, því um sumarid er Ögmundr biskup var tekinn, læsti Pètr Einarsson þær undir konúngs lás, hafdi hann þá umbod konúngs yfir land allt; enn þær sem lágu fyrir sunnan Hvítá, komust sídar meir undir Skálhollts kyrkiu í umskiptum fyrir sudr-nesia jardir, oc fylgdu Heyness umbodi; fèll nú þetta allt svo skiótt undir konúnginn, at Ögmundr biskup fèck eigi, sem þá var sidr ríkra manna, gèfid lögglafir eda vingiafir, testamentis eda sálugiafir; þá missi oc Skálholltskyrkia lausafiár þess hins mikla er hún fèck eptir Stephán biskup; þat var oc enkanlega til ángurs Ögmundi biskupi í elli hans, at hann qvad þá mest hafa prettad sig er hann hefdi mest hafid, meinti hann þat hellst til Gissurar biskups oc Pèturs Einarssonar; þó vorkènna menn Gissuri þat er hann veitti at slíku, fyrir þá sök at Ögmundr biskup hindradi eyrindi hans, oc eydstaf vid konúnginn, oc þarmed voru samtök búinn í móti hönum; enn mörgum þykir hellst um of, er hann taldi Ögmund biskup í, at flia ecki fund hyrdstiórans; hefir oc sagt Einar prestr Olafsson, at hann hafi nærstaddr verid, þá er herra Christófór var afhendt bréf nockud til hans ritad, vissi hann ógiörla frá hverium var, enn þat stód í því, at hann skyldi ei láta hinn gamla ref sleppa aptr á land upp; sagdi hann svo at þá hefdi hyrdstiórinn hrist höfudid, oc vyrdt illa fyrir þeim er ritad hafdi; var Ögmundr biskup fluttr til Danmerkur um sumarid, oc mislíkadi konúngi, er þeir höfdu ónádad hann, oc burtflutt af föstrlandi sínu, siónlausann oc afgamlann; lét hann færa hann til

Sóreyarklaustrs í Sjálandi, oc var þar vel haldinn á medann hann lifdi, enn þat var á annat ár. Andlátsdagr hans var nærri kyndilmessu, enn sumir segia undir midt sumar eptir, oc var þar vyrduglega grafinn, oc sett á legstein hans: *hic jacet Ögmundus episcopus Skalholtensis*. Hann var biskup í Skálhollti um XVIII vetr, oc hefir hann þá verid sextugr eda meir, er hann vígdist, enn umrád stiptisins hafdi hann um IV vetr oc XX.

C Cap. Frá biskupum oc sidabreytni.

Sumar þat er Ögmundr biskup var tekinn, kom oc út konúngs brèf til biskupa beggia, Jons Arasonar oc Gissurar Einarssonar, útgèfid á Gottorpssloti laugardaginn eptir *dominicam lætare*, bad knoúngr Gissr at koma til sín í Kaupmannahöfn med þeim skipum, til at vita vilia konúngs um andlega skipun oc sidabreytni, sem hann hefdi giört med Danmarkar oc Noregs ríkisrádi oc med lærdra manna samþycki; segist konúngr slikt hid sama ritad hafa Jóni biskupi til Hóla, at hann komi einnin á sinn fund, oc hèt at láta sídann flytia þá til Islands aptr á skipi sínu. Eigi fór þó Gissr biskup þat sumar utann, heldr sysladi í biskupssyslu sinni, því at margt var órádstafad Hann samþyckti giöf Ögmundar biskup sá Kalmanstúngu, til Þorsteins Þórdarsonar systrsonar hans, því Þorsteinn hadi heitid hönum styrk sem hann mætti. Hyggia menn hann þá oc visíterad hafa austfiördu, enn bændr þar ámynnti hann um óskil á bænhusa kugilda medferd, oc íll giöld til presta. Gissr biskup hèldt prestastefnu á Þíngvelli, *in vigilia Petri et Pauli*, oc nefndi menn í dóm um þat er hann kærdi vegna dómkyrkiunnar í Skálhollti, at hún ætti óútsvarad af Ögmundi biskupi; voru þeir þessir: Alexíus ábóti í Videy, Marteinn prestr Einarsson at Stad, Magnús prestr Ejólfsson officialis yfir Vestfiördum, Snorri prestr Hiálmsson, Oddr prestr Halldórsson bónda Brynjúlfssonar at Túngufelli, Jón prestr Biarnason kyrkjuprestr, Arni prestr Halldórsson, Freysteinn prestr Grímsson í Stafhollti, Einar prestr Olafsson í Göldum, Olafr prestr Kolbeinson í Saurbæ, Biörn prestr Olafsson; qvádu þeir

þat upp: at Ögmundr biskup hefdi ei stadid Skálhollts kyrkiu fullan reikníng, fyrir þat er hann hafdi medtekid eptir Stephán biskup forveriara sinn, kom þó nú framm at hann hefdi játad konúnginum ì vald alla sína penínga; enn af því at einginn má géfa þat fè nockrum sem stendr fyrir kyrkiueign oc innstædu, eda ödrum löglegum skuldum, þá dæmdu þeir XII prestar Skálhollts kyrkju fullann oc allann reikníngskap af peníngum Ögmundar biskups, eptir því sem Gissr biskup mætti framast prófa oc skilríkium adkoma, at Skálhollts kyrkia ætti, oc Ögmundr biskup hefdi medtekid eptir Stephán formann sinn. Gissr ámynnti þá, oc presta at qvongast, ef þeir mætti ei vera konulausir, oc nefndi helst til Einar Arnason; hann var sídann Officialis hans í Múlasyslu, oc qvæntist einna fyrstr allra presta er þá voru á landi hèr; þat sumar var undirskrifnd fyrir sunnan land kyrkinsida-tilskipan Christjáns konungs; treystist einginn á móti at mæla fyrir hyrdstióranum, med. fylgi Gissurar biskups. Tók hyrdstiórinn eyd af mönnum á þínginu, oc samþyckti medal annara qvittunar brèf Ögmundar biskups til Dada í Snóksdal, tók hann þa Dada í vináttu oc vernd sína.